



Afar góður árangur Reykja í Tungusveit

Undrakýrin Klauf

Ungir bændur krefjast athygli stjórnvalda

Samstaða skiptir máli

Bændablaðið

2. tölublað 2025 • Fimmtudagur 23. janúar • Blað nr. 672 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Ungu bændurnir Ástrós Ýr Eggertsdóttir og Pétur Snær Ómarsson, ásamt eins árs gamalli dóttur sinni Berglinni Lilju, í fjárhúsunum á Hrísum. Þau keyptu sauðfjárbúið Hrísa í Flókadal í lok síðasta árs af Þórdísi Sigurbjörnsdóttur og Dagbjarti Dagbjartssyni. Ymsar áskoranir urðu á leið þeirra í búskap og tilviljun réði að þau keyptu loks Hrísa, en þau fluttu fimm sinnum árið 2024. – Sjá nánar á bls. 32 og 33. Mynd / Ástvaldur Lárusson



Ágreiningur um losun

Forsvarsmenn stærstu svínabúa landsins deila við hið opinbera vegna frárennslis frá framleiðslunni. Þeir telja sig beitta misrétti.

– 20 –

Ár framfara

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkur- og nautakjötsframleiðslu sýna fram á góðan árangur og jákvæða framför í nautgriparékt. Ýmis met voru slegin.



Landsskipulag

Forstjóri Skipulagsstofnunar telur að ógnir við góð landbúnaðarlönd hafi komið fram á síðustu árum og mikilvægt sé að nákvæmari mynd fái af umfangi þessara landa.

– 22 –

Mjólkurframleiðsla:

Metár í framleiðslu og sölu á mjólk

Í nýjum gögnum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) sést að aldrei hefur meiri mjólk verið framleidd og seld á Íslandi en á síðasta ári.

Að sögn Bjarna Ragnars Brynjólfssonar hjá SAM liggja fyrir lokatölur þar sem fram kemur að innviðun hjá aðildarfélögum SAM árið 2024 hafi verið samtals rúmlega 153,6 milljónir lítra, sem sé nýtt met.

Næstmest framleitt 2018

Greiðslumark mjólkur á árinu 2024 var 151,5 milljónir lítra. Met var einnig í sölu á innlendum mjólkurvörum frá aðildarfélögunum.

Aðildarfélög SAM eru Auðhumla og Kaupfélag Skagfirðinga (KS). Auðhumla á 80 prósent og KS 20 prósent í Mjólkursamsölnunni (MS), sem er langstærsta mjólkurvinnslufyrirtækið á Íslandi og er með starfsstöðvar á fimm stöðum á landinu.

Aðrar mjólkurvinnslustöðvar sem kaupa hrámjólk af Auðhumlu eru Biobú, sem vinnur úr lífrænt vottaðri mjólk, og Arna í Bolungarvík.

Það ár sem kemst næst síðasta ári í framleiðslumagni er 2018, þegar ríflega 152,4 milljónir lítra voru lagðir inn. Þá var greiðslumark talsvert minna og því talsvert meira af uframjólk framleitt það árið.

Söluaukning á fitu- og próteingrunni

Tvö mikilvægustu efnin í mjólk eru fita, sem er um 4,2 prósent, og prótein, um 3,4 prósent. Mjög misjafnt er hversu mikið þarf af fitu og próteini í mjólkurvörum og því gjarnan talað um að sala á mjólkurvörum sé á annaðhvort fitu- eða próteingrunni. Þá er vísað til þess hversu mikið þarf af fitu eða próteini í framleiðsluna. Framleiðsla á undanrennu er til að mynda að mestu leyti á próteingrunni en smjör er til dæmis framleitt á fitugrunni.

Á síðasta ári nam sala mjólkurvara frá aðildarfélögum SAM á innanlandsmarkaði rúmlega 150 milljónum lítra á fitugrunni en

rúmlega 132,5 milljónum lítra á próteingrunni. Útflutningur mjólkurvara á fitugrunni var rúmlega þrjár milljónir lítra en rúmlega 21 milljón lítra á próteingrunni.

Mikil aukning á útflutningi á fitugrunni

Útflutningurinn á fitugrunni jókst um tæplega 185 prósent frá fyrra ári vegna aukinnar framleiðslu á mjólk umfram greiðslumark árin 2022 til 2023 og vegur útflutningur á smjöri þyngst. Útflutningurinn á próteingrunni dróst hins vegar saman um 0,2 prósent.

Fyrir utan Mjólkursamsölnuna hefur Arna einnig flutt mjólkurvörur út. /smh



Björk frá Reykjum með T137-ARQ og dóttir undan Teiti frá Sveinsstöðum með arfhreint T137.

Mynd / Aðsend

Beiðni hafnað um viðurkenningu T137

Matvælaráðuneytið hefur hafnað beiðni um að arfgerðarbreytileikinn T137 verði formlega viðurkenndur sem verndandi gegn riðuveiki í sauðfé.

Beiðnin var send ráðuneytinu um miðjan nóvember í nafni bændahópsins Breiðvirkt riðupól strax og stutt álitni alþjóðlegs vísindateymis sem hefur unnið að viðtækum riðurannsóknum á Íslandi frá 2021.

Ekki einhugur um að skilgreina T137 sem verndandi

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn kemur fram að ekki hafi verið einhugur um að skilgreina T137 sem verndandi arfgerð að svo stöddu. Ráðuneytið hafi óskað umsagna frá Matvælastofnun, Tilraunastöðinni á Keldum og Landbúnaðarháskóla Íslands um erindið. Arfgerðin hafi verið skilgreind sem mögulega verndandi arfgerð í nýlega undirritaðri landsáætlun Matvælastofnunar, matvælaráðuneytisins og Bændasamtaka Íslands um útrýmingu á sauðfjárríðu.

Fram kemur í landsáætluninni að hún verði endurskoðuð árlega, fyrir 1. apríl ár hvert. Áætlunin verður því endurskoðuð eigi síðar en 1. apríl 2025 og ljóst er að fylgst verður náið með rannsóknum á T137.

Aldrei fundist riðujákvæð T137-kind

Í erindi bændahópsins kom fram að breytileikinn væri hvað mest rannsakaður af þeim breytileikum sem skilgreindir eru sem mögulega verndandi í Landsáætlun um útrýmingu á sauðfjárríðu. Staðfest hafi verið í umfangsmiklum rannsóknum á raunverulegum riðuhjörðum, í smittilaunum og í tilraunaglassi, að breytileikinn veiti afar sterka mótstöðu gegn riðusmiti.

Aldrei hafi fundist riðujákvæð kind með T137 breytileika, hvorki á Íslandi né í öðrum löndum þar sem T137 er talsvert algengari en hér á landi.

Talsvert meira sé vitað um T137 en vitað var um ARR-breytileikann (R171) þegar Evrópusambandið ákvað að innleiða ræktunarstefnu sína gegn riðuveiki á grunni þess breytileika.

Ræktunarstefna sem byggir á fáum gripum

Í erindinu til ráðuneytisins kom enn fremur fram að niðurstöður alþjóðlega vísindateymisins bendi ótvírætt til þess að mótstaða T137 gegn riðuveiki á Íslandi sé eins sterk og á Ítalíu, þar sem breytileikinn sé algengur. „Þar með opnast gríðarlega mikilvægir möguleikar til að byggja þolræktun gegn riðu á talsvert breiðari grunni en eingöngu á þeim örfáu gripum sem fundust upphaflega með R171 (þótt Þernunes sé ekki lengur eina uppspretta R171). Íslenski sauðfjárstofninn býr yfir óvenjumiklum erfðafæðilegum fjölbreytileika, sem hefur vakið athygli á heimsvísu. Ræktunarstefna sem byggir á fáum gripum, stefnir þessum fjölbreytileika í vöð; til dæmis getur verið mjög erfitt að losna aftur við erfðagalla sem kunna að tengjast þessum gripum.“

Fram kemur í erindinu að T137 hafi víða fundist á Norður- og Austurlandi og rannsóknir leitt í ljós að engin erfðatengsl eru á milli T137-gripa þessara hjarða.

Allir grunnlitir hafi fundist hjá gripum með breytileikann, einnig kollótt, hyrnt og ferhyrnt fé. Þessir gripir séu því talsvert líkari íslenska fjárstofninum sem heild en R171-gripirnir og dreifist um allan stofninn. Því sé hægt að innleiða T137 mjög hratt, án þess að tapa fjölbreytileikanum. /smh

Nautgriparækt:

Stóra-Mörk slær met

– Lykillinn meðal annars einsleitt fóður

Afurðahæsta kúabú landsins árið 2024 var Stóra-Mörk 1 í Rangárþingi eystra með 9.084 kílógrömm eftir ársku.

Þetta er annað árið í röð sem kýrnar á Stóru-Mörk 1 eru afurðahæstar á landinu. Að þessu sinni slá þær Íslandsmet og er þetta í fyrsta skiptið sem ársafurðir á einu almanaksári fara yfir 9.000 kílógrömm eftir ársku á einu búi. Á Stóru-Mörk búa bændurnir Aðalbjörg Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson.

Engar óþarfa breytingar

Aðalbjörg segir í samtali við Bændablaðið að lykillinn að þessum árangri sé mikil vinna og vandvirkni. „Við pössum okkur að gera aldrei mistök og hafa alla daga eins allan ársins hring. Allar óþarfa breytingar leggjast illa í kýr,“ segir hún.

Hjónin leggja mikið upp úr gæðum og einsleitni gróffóðursins, og því eru öll tún með eins ræktun og heyrjuð þrisvar á hverju sumri. Þar með eru grösín slegin á réttu þroskastigi og óþarf er að bíða eftir auknum vexti til að fá nægt magn uppskeru. Þau gefa tver tegundir af fóðurbæti og fá nythærrí kýr kjarnfóður með meira próteini.

Halda hjörðum aðskildum

Kúabúið í Stóru-Mörk er tvískipt, en Aðalbjörg og Eyvindur hafa verið í búskap á Stóru-Mörk 3 frá árinu 2010 og keyptu Stóru-Mörk 1



Aðalbjörg Ásgeirsdóttir og Eyvindur Ágústsson á Stóru-Mörk. Mynd / ál

árið 2019. Þar sem þau fengu ekki heimild til að sameina framleiðslurétt þessara búa hafa þau haldið aðskildu skýrsluhaldi. „Þó vissulega gangi kýrnar saman í sama fjósi og séu mjólkadaur í sömu róbótum er allt utanumhald aðskilið,“ segir hún.

Meðalnyt hjarðarinnar frá Stóru-Mörk 3 voru í kringum 7.600 kílógrömm. „Hvað útskýrir þennan mun veit ég ekki. Við höfum ekki fært einn einasta grip á milli, þannig að við erum ekki í skýrsluhaldsfíffi,“ segir Aðalbjörg og tekur fram

að þá gæti meðaltal Stóru-Markar 1 verið mun hærra.

„Við höfum haldið þessu aðskildu út af þessu flækjustigi, en svo kom skemmtilega á óvart að það væri svona mikill munur á milli hjarða,“ segir hún en telur sennilegt að skýrsluhaldið verði sameinað í náinni framtíð. Á Stóru-Mörk 1 eru 38 kýr og á Stóru-Mörk 3 eru þær 84 talsins.

Nánar má lesa um niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum á bls. 38–39. /ál

Bændablaðið mest lesna blað landsins

Bændablaðið er mest lesni prentmiðill landsins, annað árið í röð, samkvæmt nýjum niðurstöðum úr Prentmiðlamælingu Gallup.

Meðallestur Bændablaðsins á landsvísu reyndist 29,9 prósent og hefur aukist milli ára. Í niðurstöðunum kemur fram að meðalfjöldi lesenda á hvert tölublað sé 70.300 sem þýðir að rúmlega tveir lesendur eru um hvert einasta eintak sem prentað er, en upplag Bændablaðsins er að jafnaði 33.000.

Í fyrsta sinn frá upphafi mælinga reyndist Bændablaðið einnig mest lesni prentmiðillinn á höfuðborgarsvæðinu. Þó litlu muni á lestri höfuðborgarbúa á Morgunblaðinu ber Bændablaðið höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla á landsbyggðinni, en 41,6 prósent svarenda sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins sögðust lesa Bændablaðið.

Yngri lesendum fer þó sífellt fjölgandi. Mæling fyrir árið 2022 sýndi 7,5% lestur fólks á aldrinum 18–29 ára. Lesturinn hefur tvöfaldast í þessum aldersflokki því í dag mælist




Bændablaðið með 14,8% lestur og er þar einnig mest lesni prentmiðill landsins. Rúmlega 12 prósent lesenda á aldrinum 18–29 ára sögðust lesa Morgunblaðið og ívið fleiri yngri lesendur sögðust lesa Viðskiptablaðið (7,1%) en Heimildina (6,7%).

Bændablaðið er langmest lesni prentmiðillinn þegar skoðað er aldursbilið 35–54 ára. Þar mælist Bændablaðið með 21,9 prósentu lestur, Morgunblaðið með 12,8 prósent, Heimildin með 10,4 prósent og Viðskiptablaðið með 6,1 prósentu

lestur. Bændablaðið er frekar lesið meðal karla (32,9%) en kvenna (26,8%) og nýtur mikillar hylli í elsta aldurshópi lesenda, 60–80 ára og er þar með 51% meðallestur.

Mælingin fór fram á síðasta ársfjórðungi ársins 2024. Í Prentmiðlakönnun Gallup er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti. Um 30 svörum er safnað á hverjum degi, eða um 2.500 svörum á ársfjórðungi. Í úrtakinu eru Íslendingar á aldrinum 18–80 ára af landinu öllu. /ghp



LÍF Í TÚN OG AKRA Í 10 ÁR

Áburðarbæklingurinn er kominn út

LÍFLAND



SAMAN Í 60 ÁR

STÓRAFMÆLI TOYOTA

60 ár á Íslandi

Í tilefni þess að 60 ár eru liðin frá því að fyrsti Toyota-bíllinn var fluttur til landsins bjóða viðurkenndir söluaðilar Toyota frábær afmælistjör á rafmagns- og Plug-In Hybrid-bílum í janúar

ÁÐUR ÓSÉÐ KJÖR!

Veldu úr bílum og kaupu eða leigðu
— eins og þér hentar



TOYOTA RAV4 Plug-in Hybrid

Afmælisverð frá **9.690.000 kr.** – **KINTO ONE** LANGTÍMALEIGA. Afmælisverð frá **150.000 kr. á mán.**

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bílnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Er númer 22-224. Dóttir hennar og hálsystir bera einnig ARR. Myndir / Aðsendar

Riðuvarnir:

Gripir finnast með ARR-breytileikann í Mýrdal

Staðfest er að á bænum Skammadal í Mýrdal hafa fundist þrjár kindur með arfgerðabreytileikann ARR, sem er viðurkenndur sem verndandi gegn riðuveiki í sauðfé. Þær eru óskyldar þeim gripum sem áður hafa fundist.

Þetta er þá þriðja erfðaaudlindin fyrir ræktun á breytileikanum sem finnst í íslenskum sauðfjárhjörðum og gríðarlegur fengur í þeirri viðbót, að sögn Eypórs Einarssonar, ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. „Fyrst fannst ARR í kindum á Þernunesi við Reyðarfjörð í janúar 2022, fyrir réttu ári síðan var svo staðfest að í Vífilisdal í Dölum væri ættlína sem bærri ARR og í kjölfarið fannst ARR á fleiri bæjum í Dölum í skyldum gripum.“

Álitlegir ræktunargripir

„Kindurnar þrjár eru hálsystur, ær númer 22-224 og 21-117 og dóttir yngri systurinnar sem er númer 24-424. Þessar kindur eru allar hyrndar og komnar af hyrndu fé og eru hinir álitlegustu ræktunargripir. Tvær af þeim eru hvítar og ein svarbotnótt (golótt), dóttir Blossa númer 16-837 frá Teigi,“ heldur Eypór áfram.

Hann segir að þau Jóhann Pálmason og Lára Oddsteinsdóttir búi í Skammadal. Á bænum sé blandaður búskapur þar sem stunduð er ferðaþjónusta, búið með holdakýr, stunduð hrossarækt og sauðfjárrækt. Í dag séu þar um 200 kindur.

Afar mikils virði

„Fyrir ræktunarstarfið er það afar mikils virði að fá inn nýja ættlínu af ARR, en breytileikinn er sá eini í dag



Sú botnótt er númer 21-117.

sem er skilgreindur sem verndandi. Afar gott er að fá inn öflugna línu af hyrndu fé þar sem framboðið af ARR fram til þessa hefur fyrst og fremst verið í gegnum kollótt fé eða fé sem er mjög blandað af hyrndu og kollóttu,“ segir Eypór enn fremur.

„Þá gefur þessi fundur einnig fyrirheit um að víðar sé von í að finna nýjar ættlínu. Þá hafa, í gegnum arfgerðargreiningar síðustu þriggja ára, fundist nokkrar nýjar uppsprettur af hinum mögulega verndandi breytileikum T137 og C151. Allt hjálpar þetta verulega til við að rækta upp í landinu þolinn stofn tiltölulega hratt án þess að ganga þurfi á erfðafjölbreytileika stofnsins. Þá er slíkur fundur hvatning til bænda að vera duglegir að taka sýni því greinilega er vinnings von víða.“

/smh

Mjólkurframleiðsla:

Undrakýrin Klauf

– Íslandsmethafi sem gaf mest 55 kíló á dag

Klauf 2487 í Lambhaga á Rangárvöllum var nythæsta kýr Íslands árið 2024. Hún mjólkaði 15.846 kg sem er nýtt Íslandsmet, en meiri afurðir hafa ekki mælst úr íslenskri kú á einu almanaksári frá upphafi.

Klauf er fædd 23. apríl 2018 í Lambhaga á Rangárvöllum. Lambhagabúíð er rekið af bræðrunum Ómari og Björgvini Helgasonum og fjölskyldum.

Ómar segir að það hafi komið strax í ljós að Klauf mjólkaði vel eftir að hún bar sínum fyrsta kálfi vorið 2020. „Hún mjólkaði yfir tólf þúsund lítra árin 2022 og 2023, bar svo síðast 3. desember 2023 og var því í hárrí nyt allt árið 2024.“

Mest mjólkaði Klauf rúma 54,9 kg á dag og var enn í 30 kg dagsnyt í desember síðastliðnum sem telst mjög gott tólf mánuðum eftir burð. „Hún hefur líka fengið vænan skammt af kjarnfóðri og heimaræktuðu byggi,“ segir Ómar sem telur góðan aðbúnað og stöðugt aðgengi að jöfnu og góðu fóðri vera lykilinn að umönnun hánytjakúa.

Aðrar kýr víkja fyrir Klauf

Ómar segir Klauf vera spaka og gæfa en þó ráðandi í fjósini.

„Hún er afar meðfærligur gripur sem maður veit ekki af í fjósini. Aldrei neitt vesen og sér um sig sjálf, en hún stjórnar hjörðinni og er borin mikil virðing fyrir henni. Hún þarf til dæmis aldrei að bíða eftir að komast í mjaltir, þar sem aðrar kýr færa sig frá ef það er biðröð.“

Klauf hefur átt fjögur afkvæmi, þrjár kvígur og einn nautkálfi. „Tvær af kvígunum komu því miður ekki vel út en sú þriðja lofar mjög góðu og virðist líkjast móður sinni. Einnig bindum við vonir við nautkálfinn, sem er núna rúmlega ársgamall, undan Hengli (20014). Kálfurinn er



Klauf er fyrst íslenskra kúa til að ná yfir 15.000 kg mjólkur á almanaksári. Aðrar kýr í fjósini virðast átta sig á stöðu hennar, því þær víkja fyrir henni þegar hún vill komast í mjaltir.

Mynd / Hafdis Laufey Ómarsdóttir

með DNA kynbótamat upp á 116 og 119 í afurðamati,“ segir Ómar. Burði hennar var seinkað núna svo Klauf mun næst bera á vormánuðum 2025. „Hún verður til eins lengi og hægt er eins og aðrar mjólkurkúr á búinu.“

Meðalframleiðsla búa um 333 þúsund lítrar

Í niðurstöðum skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2024 kemur fram að skráðar æviafurðir Klaufar hafi verið 57.386 kg um síðustu áramót og á yfirstandandi mjólkurskeiði eru afurðirnar nokkru meiri en ársafurðirnar, eða 16.886 kg mjólkur. Þess má svo geta að

á síðasta mjólkurskeiði mjólkaði Klauf 17.063 kg. Klauf er jafnframt fyrst íslenskra kúa til að ná yfir 15.000 kg mjólkur á almanaksári.

Í niðurstöðum skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2024 kemur fram að meðalnyt hjá árskú var 6.411 kg. Kúabú í framleiðslu eru í dag 459 talsins og fækkaði um tólf milli ára. Meðalbúið stækkaði í takti við fækkunina og aukið innlegg mjólkur. Meðalinnlegg á bú nam 333.467 lítrum samanborið við 318.531 lítra árið 2023. /ghp

– Sjá nánari niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum á síðum 38–39.

Matvælaframleiðsla:

Hveitimylla Kornax hættir

– Innlend framleiðsla lögð af og birgðir í landinu minnka

Lífland ehf., sem á og rekur hveitimyllu Kornax við Korngarða í Reykjavík, hyggst ekki halda áfram mölun hveitis eftir að birgðir klárast á næstu vikum eða mánuðum. Leigusamningur á húsnæði fæst ekki endurnýjaður.

Fyrirtækið hefur gert samkomulag við hveitimyllu í Danmörku um að mala hveiti undir merkjum Kornax. Forstjóri Líflands, Arnar Þórisson, segir dönsku aðilana hafa mikla reynslu af framleiðslu og vinnslu hveitis og hefur Lífland átt í samstarfi við þá um árabíl. Þaðan verður flutt inn hveiti í neytendapakningum og stærri einingum fyrir matvælaíðnað.

Faxaflóahafnir eiga húsnæðið

Lífland tók í notkun nýja og fullkomna fóðurverksmiðju á Grundartanga í lok árs 2010 og samkvæmt upplýsingum frá Arnari stóð alltaf til að reisa hveitimyllu við hlið hennar. Húsnæðið í Korngörðum var því selt Faxaflóahöfnunum og er ekki vilji hjá þeim til að endurnýja leigusamninginn. Þegar fóðurverksmiðjan var byggð var hveitimyllan í Reykjavík ekki úrelt og ákveðið að nota hana áfram.

Arnar segir að samkvæmt núgildandi reglugerðum sé óheimilt að starfrækja matvælaframleiðslu á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga og hefur umsókn fyrirtækisins um leyfi



Hveitimylla Kornax við Korngarða í Reykjavík var tekin í notkun árið 1986.

Mynd / ál

verið hafnað. Áætlaður kostnaður við byggingu nýrrar myllu er vel á þriðja milljarð króna. Ekki kemur til greina að reisa hveitimyllu á öðrum stað, eins og í Þorlákshöfn, því þar er ekki hægt að framleiða á samkeppnishæfu verði vegna aukins kostnaðar við löndun og birgðahald og skertrar samnýtingar afurða og tækjabúnaðar.

Geymsluþol minnkar við mölun

Þegar hveitimyllan verður lögð niður segir Arnar að dýrmet þekking tapist sem þurfi að byggja upp aftur ef

fyrirtækið ákveður að hefja mölun hveitis að nýju. Hjá Kornaxi eru þrír starfsmenn sem hverfa til annarra starfa hjá Líflandi, enda viðbúið að umsvifin í vöruhúsinu muni aukast.

Arnar bendir á að birgðir landsins á hveiti til manneldis muni minnka með þessum breytingum. Ákveðinn kostur sé í því að mala hveitið hérlendis þar sem ómalað korn geti geymst mjög lengi við réttar aðstæður. Þegar búið er að mala hveiti eykst hættan á skemmdum af völdum hveitibjalla.

Hveitimyllan í Korngörðum var tekin í notkun árið 1986. /ál

Ný áburðarverðskrá og ný vefsíða - aburdur.is

Við kynnum með stolti nýja vefsíðu fyrir sölu áburðar



GRÆÐIR
Fyrir íslenskan jarðveg

FÉ
FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík
Korngarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvalsóllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.aburdur.is
aburdur@aburdur.is

Sprettur

ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2025

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Greitt fyrir 15. maí 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27	0,66	27			4,3							77.900	80.309
Sprettur*OEN N42+S+Selen	1,03	42					2	0,0015				109.900	113.299
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	0,55	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7		92%	95.900	98.866
Sprettur 25-5	0,66	25	2,2		3,3	1,8	2,5				92%	91.900	94.742
Sprettur 25-8+Selen	0,59	25	3,5		4,0	1,7	2,5	0,0015			92%	95.900	98.866
Sprettur*OEN 38-8+Selen	0,97	38	3,5				3,0	0,0015			92%	117.900	121.546
Sprettur 23-6-6+Selen	0,56	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0015			92%	101.900	105.052
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	22	2,6	2,6	2,8	1,2	2	0,0015	3		92%	98.900	101.959
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0015			92%	99.900	102.990
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,58	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3		92%	99.900	102.990
Sprettur 20-10-10+Selen	0,67	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015			92%	101.900	105.052
Sprettur* OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015			92%	113.900	117.423
Sprettur 27-6-3+Selen	0,96	27	2,6	2,6	1,4	0,8	2	0,0015			92%	96.900	99.897
Sprettur*OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass	0,78	27	3,5	2,6	2,6	0,8	4	0,0015	3,7		92%	106.900	110.206
Sprettur 27-6-6 -	0,94	27	2,6	4,9			2				92%	97.900	100.928
Sprettur 16-15-12	0,56	16	6,5	10	1,4	0,5	2,5				92%	102.900	106.082
Sprettur* OEN 20-18-15+Polysulphate+Bór	0,68	20	7,4	12	1,4	0,4	3			0,02	92%	118.900	122.577
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,04	92%	106.900	110.206
Sprettur DAP	0,70	18	20								92%	137.900	142.165
Calciprill	0,24				36,4	0,1						55.900	57.629

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Sprettis áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi. Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju



Sölustjóri
Lúðvik Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernharads@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Eyjafrjörður
Reynir Sverrir Sværissón
Eyjafrjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjánsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Norðurland vestra
Gunnar Freyr Gestsson
Gsm: 893 2818
gunnargests@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com



Eyjafrjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Borgarfjörður, Snæfellsnes og dalir
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Borgarfjörður
Helga Rósa Pálsdóttir
Kaupfélag Borgfirðinga
Gsm: 865 4247
helgarosa@kb.is



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Fylgstu með okkur á Facebook / Sprettur áburður

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skeljungur efh. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is



Skeljungur
Traustur félagi!

Bændablaðið

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) guðrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Áreiðanleiki gagna og upplýsandi umræða

Bændablaðið er mest lesni prentmiðill landsins annað árið í röð skv. nýjum niðurstöðum úr Prentmiðlamælingu Gallup. Einstaklega ljúft er að fagna þrjátíu ára starfsafmæli blaðsins á þeim nótum.

Blaðið náði þeim áfanga að vera mest lesna blað landsins í fyrra og hefur trónað á toppnum yfir lestur á landsbyggðinni í árafjöld. Nú er það einnig mest lesna blaðið á höfuðborgarsvæðinu. Um þriðjungur þjóðarinnar les hvert tölublað ef marka má könnunina og sýna niðurstöður prentmiðlakönnunarinnar svo ekki verður um villst að staða Bændablaðsins er afar sterk. Fjölbreytt efnistök blaðsins ná greinilega til lesenda og hefur það fest sig rækilega í sessi sem áreiðanlegur og upplýsandi fjölmiðill. Því viljum við halda áfram.

Skýrsluhald sem endurspeglar framför

Eins og hefð er fyrir á þessum tíma árs birtast í þessu tölublaði niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkur- og nautakjötsframleiðslu frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Uppgjörð er unnið af Sigurði Kristjánssyni skýrsluhaldsfulltrúa og Guðmundi Jóhannessyni, ábyrgðarmanni í nautgriparekt en þeir hafa í áraradír haldið utan um þessi nákvæmu, mikilvægu og upplýsandi gögn um stöðu og þróun búgreinar nautgriparektar hér á landi. Í báðum niðurstöðum má sjá hvernig skilvirk ræktun er að skila sér í betri framleiðslu og bættum hag kúabænda.

Mjólkurbúum fækkar, þau stækka og kýmjar mjólka stöðugt meira. Þannig náðu átján bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir árskú sem er nýtt met, í fyrsta sinn nær það bú sem reyndist efst á þeim lista, Stóra-Mörk 1, yfir 9.000 kg meðalafurðum og nythæsta kúr ársins, Klaufr frá Lambhaga á Rangárvöllum, mjólkaði tæplega 16.000 kg. Að sama skapi færast nautakjötsframleiðslan á færri bú, meðalbúið stækkar og þau bú sem notfæra sér Angus-erfðafnið ná eftirtektarverðum árangri. Heilt yfir eru ungneyti þyngrir en áður þrátt fyrir að vera alin í aðeins færri daga, eins og fram kemur hér í blaðinu. Með innleiðingu erfðamengisúrvals og notkun á kyngreindu sæði má leiða að því líkum að miklar framfarir munu eiga sér stað í nautgriparekt á allra næstu árum.

Að standa við stefnu

Nýs matvælaráðherra bíða ærin verkefni næstu mánuði en í þær áskoranir glyttir í þessu tölublaði. Þannig hafa garðyrkjubændur orðið varir við að verslanir vilji ekki lengur kaupa inn íslenskar vörur á uppsettu verði í kjölfar hækkandi framleiðslukostnaðar, sökum síhækkandi verðs á orku. Í blaðinu segir garðyrkjubóndi að verslanirnar prútti í meira mæli um verð, etji íslenskum framleiðendum saman í samkeppni um verð og við innfluttar vörur. Afleiðingin er ófyrirsjáanleiki og óvissa um sölu á íslenskum afurðum í matvöruverslunum.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er því lýst yfir að gripid verði til aðgerða til að draga úr orkukostnaði garðyrkjubænda. Fyrri ríkisstjórn hafði slíka yfirlýsingu einnig í sínum stjórnarsáttmálum, en í þeim frá 2021 er beinlínis sagt að aukinni framleiðslu á grænmeti verði náð með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar. Þegar tækifæri gafst til að efna loforðin, í upphafi síðasta árs við endurskoðun samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, reyndust það orðin tóm því ekki náðist samkomulag um leiðir til að lækka flutnings- og dreifingarkostnað raforku til ylræktenda. Það gallaða kerfi sem er enn við lýði heldur því áfram að vera þungur baggi á íslenski grænmetisframleiðslu. Nýrri ríkisstjórn er í lófa lagið að koma einstaklega vel út úr samanburði við eldri ríkisstjórn með því að ráðast nú þegar í ábatasamar breytingar á starfsskilyrðum búgreinarinnar.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.



Holdakýrnar á Reykjum.

Myndir / Aðsendar

Nautakjötsframleiðsla:

Afar góður árangur Reykja í Tungusveit

Í niðurstöðum skýrsluhalds í nautakjötsframleiðslu má sjá að Reykir í Tungusveit í Skagafirði hafa náð eftirtektarverðum árangri í sínu ræktunarstarfi og nautaelði, m.a. í vaxtarhraða ungneyta, miklum þunga gripa, kjötgæðum og góðri flokkun.

Í niðurstöðunum sést til dæmis að af þeim 31 grip sem slátrað var voru þeir að meðaltali 528 daga gamlir, sem þykja óvenju ungir gripir með meðalvöxt upp á 622 grömm á dag. Þá var meðalflokkunin óvenjugóð, eða 10,1.

Að minnsta kosti 50 prósent Angus

Ábúendur á Reykjum eru þau Rebekka Rún Helgadóttir og Dagur Torfason, en Dagur tók við búskapnum af móður sinni árið 2018.

„Ég kem svo inn í þetta árið 2020,“ segir Rebekka. Við erum með tæplega 60 holdakýr sem bera núna í vor og við stefnum á að hafa þær um 60. Núna eru allir kálfarnir okkar orðnir í það minnsta 50 prósent Angus, en við höfum verið að rækta Angus-holdablendinga frá 2021 og keypt naut frá Stóra-Ármóti á uppboðum. Við erum komin með fjögur naut í félagi við aðra bændur og skiptumst á að nota þau.

Það gengur bara mjög vel hjá okkur. Kálfarnir fæðast frekar snemma hjá okkur á vorin, við reynum að láta kýmjar bera í apríl.“



Dagur Torfason og Rebekka Rún Helgadóttir.

útskýrir Rebekka þegar hún er spurð hverju hún þakki þennan góða árangur.

Frjáls aðgangur að byggi

„Við reynum að hafa burðartímamann sem stystan svo að þær eru flestar að bera á tímabilinu frá því í lok mars og þangað til í byrjun júní, þannig að það teygist smá á þessu. En mesti þunginn í burðinum er í apríl, þá eru kálfarnir orðnir frekar stálpaðir þegar góð beit er komin,“ heldur Rebekka áfram.

„Við tökum kálfana undan kúnum svona fimm til sex mánaða og síðan hafa þeir frjálsan aðgang að byggi meðan verið er að venja þá undan. Við ræktum sjálf okkur bygg og ræktum alltaf rúmlega það sem við teljum okkur þurfa og náum þá að selja eitthvað smá.“

Við leyfum þennan frjálsan aðgang að bygginu í svona tvo mánuði, eða þar til þeir eru orðnir í mesta lagi átta mánaða. Þá tökum við þá úr hálmstíum og í fjósið heima sem er með bitum, þar fá þeir skammtað bygg og kjarnfóður. Síðan er áhersla lögð á gott gróffóður.“

Reksturinn orðinn ágætur

Rebekka segir að þau séu eingöngu með holdakýrnar en svo sé hún sjálf með nokkrar kindur. „Síðasta ár var það fyrsta sem kannski mætti segja að hafi verið ágætt afkomulega,“ segir Rebekka spurð um hag nautakjötsframleiðenda í dag og þrengingarnar sem voru á tímabili í greininni. „Núna er þetta orðinn ágætisrekstur en það er kostnaðarsamt að fjölga. Núna getum við farið að slátra fleiri kvígum, en við höfum sett þær allar á hingatil. Þannig að á næsta ári getum við farið að velja okkur þær kvígur sem við viljum eiga og ættum að geta slátrað þá árlega um 10 til 15 kvígum.“

Að sögn Rebekku fara gripirnir þeirra til slátrunar og vinnslu hjá Norðlenska. „Ég veit að Kjötökunnið hefur fengið kjöt frá okkur, en þeir eru með mjög góðar upprunamerkingar þar sem hægt er að sjá frá hvaða bæ viðkomandi kjötafurð er komin.“

/smh

Til hamingju með daginn bændur!





Katrín Eydís Hjörleifsdóttir: Ég borða þorramat og hlakka til þegar þessi árstími kemur, enda sérstaklega hrifin af hákarlinum. Ég var svo mikill gikkur þegar ég var lítil og vildi alls ekki þorramat þá.



Geir Atli Zoëga: Ég ólst ekki upp við þorramatinn en þykir kæstur hákarl lúmskt góður í dag. Sem barn borðaði ég hangikjöt sem er kannski ekki beinlínis þorramatur.



Hafþór Hrafn Ágústsson: Ég borða harðfisk ef má kalla hann þorramat! Annars aldrei mikið fyrir þetta.

Þorrapræll 2025

Súrsaður, saltaður, þurrkaður eða reyktur matur var algengur hér áður fyrr þegar kælskápar voru ekki á hverju strái héraendis. Í dag njótum við þessa góðmetis að jafnaði einu sinni á ári og byrja menn átið á föstudegi í 13. viku vetrar. Í ár ber hann upp þann 24. janúar, en þorinn hefst að venju sama dag og bóndadagurinn.

Ekki eru allir á sama máli um ágæti þorramatar og því spyrjum við: Borðar þú þorramat – og ef svo, er eftirlætið þitt annað í dag en þegar þú varst yngri? /sp



Victoria Medina Recasens: Ég er frá Venesúela en hef nú samt prófað þorramat. Hákarl er hræðilegur en ég er hrifnust af blóðmör. Ég ólst upp við að borða blóðpölsu í Venesúela sem var svolítið svipuð.



Markús Máni Björnsson: Já. Hákarl eða lifrarpölsa. Lifrarpölsa líka þegar ég var lítil.



Ingibjörg Jóna Sigurðardóttir: Ég er hrifnust af saltkjöti í dag en elskaði svið sem krakki.



Fróði Kristinsson: Uppáhaldið mitt er skyr, harðfiskur og sviðasulta.



Kolbrún Jóhannsdóttir: Hrutspungar eru í upphaldi í dag en þegar ég var barn þá borðaði maður nú bara það sem fyrir mann var lagt.



Gísli Berg Ég borða þorramat – allt nema hákarl. Sviðasulta er mitt upphald og síld. Laukurinn í síldinni sérstaklega, mikill laukari. Sem krakki vildi ég helst sviðasultu og síld.

Vísnaðhornið

Með fortölum var ég fenginn til að rita þennan dálk, af Guðrínu Huldu. Hún segist vera á förum. Ég birti því kveðju til hennar, án þess að hafa hitt ritstýruna.

*Eftirsjána allvel finn,
við aðeins bundumst ljóðum.
Svo aldrei hennar kyssti kinn
að komusiði góðum.*

*Þetta held ég segi satt,
í svefni beið og vöku.
En get nú aðeins Gunnu kvatt,
með góðri kveðjustöku. (mh)*

Góður kostur við presta hefur jafnan þótt hagamælska. **Séra Helgi Sveinsson** í Hveragerði var þekktur á sinni tíð. Hann orti þegar Björn, sýslumaður Rang., var veislustjóri eitt sinn:

*Björn vill ávallt meir og meir
mjöd að prestum bera.
Svona eiga segja þeir
sýslumenn að vera.*

Þessi vísa séra Helga er þekkt.

*Margur er kátur maðurinn
og meýjan hneigð fyrir gaman
en svo kemur helvítis heimurinn
og hneykslast á öllu saman.*

Séra Sigurður Pálsson á Selfossi ræddi oft refsigleði Drottins. Mikið bar á rauðum lit á nýbyggðu húsi hans. Helgi orti:

*Rís ein bygging römm og há
raud á allar síður
til að minna alþjóð á
eld sem dæmdra bíður.*

Forfaðir flestra Íslendinga mun vera gamli biskupinn á Hólum. Sagt er að **Jón Arason** á barnsaldri hafi ort, vegna áskorunar bónda nokkurs, þessa vísu meðan hann gekk hring kringum hest og fékk að launum hestinn.

*Mín er list í ferðum fyrst
að fara í kringum Móaling,
finna þar hinn fráma mann,
er fær mér slyngan Móaling.
Átt hefi 'ég í aurum fátt
annað þing sem Móaling.
Því er mín bön, að bóndinn Jón
bringi mér sinn Móaling.*

Ágrímur illi Hellnaprestur var illa liðinn og missti hempuna tvisvar, hann orti í fyrra skiptið:

*Áður hafði ég augun tvö,
um það blindur ræði.
Haukur, assa, hrafnar sjö,
hjuggu þau úr mér bæði.*

Kona Ásgríms illa (Vigfúsosnar) var kölluð Sigga kaka. Hafði hún heitið á vesaling einn að gefa honum pottköku, ef hún fengi Ásgrím fyrir eiginmann, sem varð en stóð ekki við heit sitt. Var þá ort:

*Auðgrund hét á aumingjann,
ef eignaðist prestinn laka,
en síðan hún hlaut þann
svarta mann,
Sigga nefnd er kaka.*

Ólafur Ólafsson prestur (1806–1883) í Fagranesi og víðar orti:

*Eigingirnd í útleðð hrind.
Er hún blind og galin.
Eiturkind sem elur blind
í ótal myndum falin.*

Ólafur á þessa líka

*Skýin þoka sundur sér
settur er eðlis kvarði.
Lætur enn þá lýsa mér
ljóma af sólarbarði.*

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com



Frá Eyjafirði. Áform eru um að þrengja ákvæði um forkaupsrétt sameignenda að jörðum með það að markmiði að stemma stigu við vaxandi fjölda jarða í fjölmennri sameign.

Mynd / ghp

Fyrstu áform ráðherra

Matvælaráðuneytið hefur lagt fram til umsagnar sitt fyrsta skjal á nýju ári. Ráðuneytið áformar að breyta jarðalögum.

Þann 14. janúar sl. birtist í samráðsgátt áformaskjal vegna frumvarps til laga um breytingar á jarðalögum nr. 81/2004. Í þeim er lagt til að þrengja ákvæði um forkaupsrétt sameignenda að jörðum.

Áformunum er ætlað að bregðast við tilteknum vandkvæðum og stemma stigu við vaxandi fjölda jarða í fjölmennri sameign. Í fylgiskjölum kemur fram að jörðum í fjölmennri óskiptri sameign hafi fjölgað umtalsvert á undanföllum tveimur áratugum og eigendahópar orðið fjölmennari, t.d. vegna erfða.

Umsagnarfresti lauk 21. janúar en Bændasamtökin ein skiluðu inn umsögn. Þar fagna þau áformunum og styðja markmið þeirra, sem eru m.a. að stuðla að nýtingu jarða í samræmi við landkosti, virkri ákvörðunartöku og skýru fyrirsvari. Skipulag landbúnaðarlands, vernd þess og mikilvægi fyrir fæðuöryggi, matvælaöryggi og þjóðaröryggi séu grundvallaratriði fyrir framtíðarhag þjóðarinnar.

Samtökin leggja til að gengið verði lengra og sameignendum, sem falla undir tiltekin ákvæði og þegar fjöldi eigenda er komin yfir 5–10, gert skylt að stofna félag um eignarhaldið.

/ghp

Áburðarverð lækkar

Í lok síðasta árs kom út verðskrá Sláturfélags Suðurlands á Yara-áburði. Skeljungur, Lífland, Búvís og Fóðurblandan hafa fylgt því eftir með eigin verðskrá á síðustu dögum.

Úlfur Blandon hjá Fóðurblöndunni segir verðlækkunina vera að meðaltali fimm prósent, en sé misjöfn milli tegunda. Ólíkir þættir skýri verðlækkunina, en þegar samningar voru gerðir við framleiðanda erlendis hafi heimsmarkaðsverð og gengi krónunnar verið hagstætt.

Hann bendir á að áburðarverð hafi nýverið tekið að hækka aftur í Evrópu. Fóðurblandan var búin að gera samninga við sína birgja fyrir þann tíma, en ekki sé hægt að tryggja óbreytt áburðarverð fyrir bændur sem leggja inn þöntun eftir að verðskráin rennur út 1. mars næstkomandi. Aðrir áburðarsalar sem Bændablaðið var í samskiptum við töluðu á sömu nótum og hefur



Heimsmarkaðsverð hefur hækkað frá því í desember.

Mynd / al

áburðarverð lækkað hjá öllum um fimm til sex prósent í samanburði við verðskrár í fyrra.

Í svari frá Sláturfélagi Suðurlands segir að áburðarverð á erlendum mörkuðum hafi náð hámarki í apríl 2022 eftir að hafa hækkað hratt í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Áburðarverð lækkaði síðan nokkuð hratt fram á vor 2024 og hélst stöðugt fram í desember, en síðan þá hefur það hækkað aftur. Í janúar hafa verðhækkunarir haldið áfram, sérstaklega á köfnunarefni.

/al

Garðyrkjubændur:

Hækkun raforkuverðs skekkir samkeppnisstöðuna

– Ófyrirsjáanleiki um afsetningu skapast í samkeppni um verð

Nýlegar raforkuverðshækkunarir hjá garðyrkjubændum í ylraekt hafa að undanfönu leitt til hærri vöruverðs á íslensku grænmeti.

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Sólskins grænmetis, segir að þrenns konar verðhækkunarir hafi lagst á raforkukostnað garðyrkjubænda að undanfönu. „Í nóvember á síðasta ári hækkaði RARIK dreifingarkostnaðinn um átta prósent og aftur nú eftir áramótin um fjögur prósent. Síðan kom raforkuverðshækkunin nú í byrjun árs. Við eigum eftir að fá fyrsta reikninginn eftir hækkun en það er vitað að sú hækkunin er um þrjátíu prósent, en það kemur inn mismunandi verð hvenær dags lýst er svo erfitt er að sjá núna í dag nákvæmlega hvernig fyrsti mánuðurinn mun koma út. Svo urðu launahækkunarir hjá mínu starfsfólki um áramótin um fimm prósent að meðaltali.“

Vöruverðshækkun upp á 8-10 prósent

„Við gáfum út nýjan verðlista fyrir okkar afurðir í desember sem tók gildi um áramótin. Þar er hækkunin aðeins mismunandi eftir tegundum, en á bilinu átta til tíu prósent. Við vorum með vöruverðshækkun í október upp á um fjögur prósent, einmitt út af hækkun á dreifingarkostnaði og þá vorum við líka að gera upp aðrar hækkunarir sem við höfðum fengið tímabilið á undan,“ heldur Halla áfram.

„En við sjáum það ekki fyrr en núna um mánaðamótin hvort vöruverðshækkunin hjá okkur hafi verið næg til að halda í við raforkuverðshækkunarirnar.“

Við erum hins vegar að fínstilla þetta og það á eftir að skýrast betur í mars hvort við getum lýst svona mikið á nóttunni, með lægri lýsingarkostnaði, þegar líður nær sumrinu. Við þurfum væntanlega að fjárfesta í búnaði sem getur mælt þetta skilmerkilega fyrir okkur, líka hvort til dæmis við getum minnkað lýsinguna meira yfir sumartímann.“

Eðlilegt að hækkað sé jafnt og þétt

Þann 1. maí á síðasta ári sagði Halla skilið við Sölufélag garðyrkjumanna og fór að selja vörurnar sínar sjálf og dreifa þeim.

„Ég er ekki hlynnt því að vörurnar hækki bara einu sinni eða tvisvar á ári eins og mér fannst venjan vera hjá bændum í Sölufélaginu þegar við vorum þar. Held það sé sanngjarnast og eðlilegast að það sé bara hækkað



Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Sólskins grænmetis í Hrunamannahreppi.

Mynd / Aðsend

jafnt og þétt – og þá minna í hvert skiptið – með ábyrgum verðlagsgrunni og eftir aðstæðum hverju sinni þannig að vöruverð haldist í takti við raunkostnað við framleiðsluna.

Við höfum reynt að vinna út frá þessu í sambandi okkar við þær verslanir sem við eigum í viðskiptum við.“

Framleiðendum att saman í verðsamkeppni

Halla segir að flestar verslanir, sem hennar fyrirtæki er í viðskiptasambandi við, hafi tekið verðhækkunum ágætlega þótt enginn sé ánægður með verðhækkunarirnar sem slíkar. „Þó höfum við orðið vör við að einstaka verslanir vilja ekki kaupa vörurnar okkar á uppsettu verði – og maður finnur fyrir því að vegna þessara hækkana á raforkukostnaðinum þá hefur borið á því að tiltekna verslanir etji okkur saman í samkeppninni um verð. Bæði innbyrðis og í samkeppninni við innfluttar vörur. Þannig hefur þetta skekkir samkeppnisstöðu okkar. Staðan er núna sú að það er lítil fyrirsjáanleiki hjá okkur með sölu á okkar afurðum, sem eru tómatar af nokkrum tegundum og gúrkur allt árið um kring, en svo erum við með útiræktað grænmeti á sumrin.“

Það er helsta vandamálið sem hefur kannski aukist með þessum raforkuverðshækkunum, að verslanir kaupa stundum af okkur og stundum ekki – og þrúta meira um verðið. Það er svolítið erfitt að byggja framleiðslu sína á því.

Við ætlum að bregðast við því meðal annars með því að fjölga tegundum hjá okkur og auka sveigjanleika fyrir markaðssetningu, jafnvel að horfa meira til veitingahúsanna. Það flækir lífið mitt og hækkar aðeins rekstrarkostnaðinn tímabundið, en það er skárra en að vera óöruggur með að geta selt afurðirnar sínar.“

Ný ríkisstjórn hefur lýst því

yfir að hún vilji koma til móts við garðyrkjubændur og lækka raforkukostnað þeirra og segir Halla að sá tímunktur sé kominn að það þurfi að sýna fram á hver raunkostnaður við framleiðslu á afurðum garðyrkjunnar er, svo hægt sé finna út hver sanngjarn stuðningur við greinina sé.

„Maður heyrir að sumir garðyrkjubændur vilja halda að sér höndum varðandi verðhækkunarir til neytenda og standa þannig með þeim. Þeir taka þá kostnaðinn á sig til að styðja sína vöru en það hjálpar greininni ekki í þeirri vegferð að sýna stjórnvöldum og öllum öðrum hver staðan raunverulega er. Sérstaklega á það við um okkur nýliðana sem erum gjarnan með hærri fjármagnskostnað en þeir sem hafa verið lengi í greininni.“

Ef ríkið vill raunverulega styðja við bakið á okkur garðyrkjubændum þá þarf að taka mið af stöðu hvers og eins þeirra í útfærslum á stuðningnum. Hingað til hefur dreifingin bara verið niðurgreidd úr föstum potti sem deilist þá niður á alla og hefur kannski ekki mjög mikið að segja. En ef það á að fara að styrkja okkur varðandi raforkukostnaðinn sjálfan með leiðréttingum á töxtum til dæmis, þá væri það náttúrulega bara gríðarleg búbot.“

Salan aftur á uppleið

Halla segir að salan sé aftur á uppleið eftir lægð fyrir jólin og hún finni fyrir því að neytendur standi með þeim. „Við fundum fyrir því í desember að sala hjá okkur dróst mikið saman en hefur rokið af stað aftur núna, þannig að við höfum verið að spá í hvað valdi.“

Fólk leggur oft áherslu á hollustu frekar í janúar en desember en ég hef hugleitt hvort það geti verið vegna umræðunnar um fyrirsjáanlegar verðlagshækkunarir sem neytendur fóru að horfa til innflutta grænmetisins meira.“

/smh

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA

Gulltryggð gæði

40 ár
á Íslandi

STIGA
ST5266 P

Hágæða
snjóblásarar
Fjölbreytt úrval

VETRARSÓL

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Til útförnuunar verða 8,5 milljónir lítra

Innlögð mjólk í mjólkurafurðastöðvar hefur aldrei verið meiri en á árinu 2024, eða alls tæpar 153,7 milljónir lítra. Heildargreiðslumark mjólkur á árinu var 151,5 milljónir lítra.

Þrátt fyrir að mjólkurframleiðendur hafi í heildina fullnýtt greiðslumarkið í mjólk og ríflega það þá náði um helmingur mjólkurframleiðenda ekki að framleiða upp í allt greiðslumark sitt og var það magn ríflega 8,5 milljónir lítra alls. Hinn helmingur mjólkurframleiðenda lagði hins vegar inn í afurðastöð mjólk umfram greiðslumark síns bú, svokallaða umframmmjólk, sem nemur rúmum 10,7 milljónum lítra.

Að sögn Jóhannesar Hr. Símonarsonar, framkvæmdastjóra Auðhamlu svf., mun útförnuunar á

milli framleiðenda sjá til þess að þeir mjólkurframleiðendur sem framleiddu og lögðu inn umframmmjólk í afurðastöð fái hana greidda fullu verði sem nemur þessum 8,5 milljónum lítra sem aðrir mjólkurframleiðendur náðu ekki að framleiða upp í heildargreiðslumarkið.

„Útförnuunar fer fram á grundvelli 11. greinar reglugerðar um stuðning í nautgriparekt. Hún kemur þá þannig út að mjólkurframleiðendur sem lögðu inn í afurðastöð mjólk allt að 16,97 prósent umfram greiðslumark síns bú muna fá þessa mjólk greidda fullu verði,“ segir Jóhannes.

„Alls lögðu 70 mjólkurframleiðendur inn meiri mjólk í afurðastöð en þessi 16,97 prósent af umframmmjólk sem fer til útförnuunar. Þessir mjólkurframleiðendur

framleiddu þá hina „raunerulegu umframmmjólk“ og var magnið í heildina tæpar 2,2 milljónir lítra. Fyrir þá umframmmjólk er greitt útgæfið umframmmjólkurverð, eða 85 krónur á lítra miðað við efnainnihald meðalmmjólkur,“ heldur Jóhannes áfram.

„Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort greiddar verði einhverjar uppbætur á þessa umframmmjólk líkt og gert var vegna umframmmjólkur ársins 2023. Slík ákvörðun verður tekin þegar útflytningssuppgjör ársins 2024 liggur fyrir. Útförnuunar milli mjólkurframleiðenda fer annars vegar fram hjá Matvælaráðuneytinu hvað varðar beingreiðslur og hins vegar hjá afurðastöðvunum hvað varðar afurðaverð og stendur sú vinna nú yfir.“

/smh



Vörur fyrir kalda tíma



Kuldagalli
Portwest



Ullarhanskar
Merino ull



Molyslip Combat AT



Húfa
Merino ull



Ullarbolur / Ullarbuxur
Merino ull



Ljóskastari
Scangrip Nova Mini



Vefverslun N1 er opin allan sólarhringinn.
Í vefverslun okkar getur þú skoðað vöruúrval okkar og klárað kaupin þegar þér hentar.

Sími þjónustuvers: 440 1000
www.vefverslun.n1.is





Húnaþing vestra og Dalabyggð þreifa á sameiningarvilja. Mynd / bbl

Sameining til skoðunar

Könnunarviðræður um hugsanlega sameiningu eru að fara í gang milli Dalabyggðar og Húnaþings vestra.

Um miðjan desember sl. samþykktu sveitarstjórn Húnaþings vestra og Dalabyggðar að skipa fulltrúa í verkefnishóp til að skoða fýsileika formlegra viðræðna milli sveitarfélaganna um sameiningu. Hópurinn á að skila niðurstöðum fyrir 30. apríl nk.

Markmið hópsins er að kanna hvort grundvöllur sé fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Viðræðurnar munu m.a. fela í sér mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna, skipulagi og starfsemi og mat á væntum breytingum við mögulega sameiningu. Verkefnishópnum er falið að leita eftir sjónarmiðum íbúa í ferlinu.

Á næsta ári, 2026, er gert ráð fyrir að sveitarfélög telji minnst 1.000 íbúa. Í Húnaþingi vestra búa nú um 1.260 manns og í Dalabyggð 660. Haustið 2024 voru sveitarfélög 62 talsins en voru flest 229 talsins árið 1950. Miðað við núverandi íbúatölur allra sveitarfélaga má gera ráð fyrir að vel á þriðja tug sveitarfélaga þurfi að hugsa sinn gang í sameiningarmálum hvað líður.

Árétta bæði sveitarfélög að í óformlegum sameiningarviðræðum felist engin skuldbinding af þeirra hálfu. Reiknað er með að ef farið verði í formlegar viðræður gætu þær hafist næsta haust og íbúakosning færi þá fram snemma á næsta ári. Kosið yrði í sameinuðu sveitarfélagi samhliða sveitarstjórnarkosningum 2026. /sá

Mjólkurframleiðsla 2023:

Framleiðslutap um ellefu krónur á hvern mjólkurlíttra

– Hefði verið mun meira ef notast hefði verið við launaviðmið nýja verðlagsgrunnins

Á árinu 2023 reiknaðist tap á hvern framleiddan mjólkurlíttra íslenskra kúabænda um 11 krónur.

Afkoman lagast því lítillaga frá 2022 þegar framleiðslutap á hvern mjólkurlíttra var 15,5 krónur miðað við uppfærðar tölur.

Þetta kemur fram í nýjum niðurstöðum úr gagnavinnslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) um rekstrarafkomu kúabúa. Kristján Eymundsson er verkefnastjóri rekstrarverkefna RML í nautgriparkerkt og segir hann að sé tekið mið af nýjum verðlagsgrundvelli mjólkur sem tók gildi seint á síðasta ári hefði munurinn á tekjum og gjöldum verið margfalt meiri. „Launakrafan í nýja grundvellingnum er um þrefalt hærri en kúabændur hafa verið að reikna sér í raunheimum og hefði framleiðslutapið verið mun hærra ef nýju launaviðmiðin hefðu legið til grundvallar fyrir árið 2023. Flestir, ef ekki allir, geta verið sammála um að laun kúabænda hafa verið langt frá því að geta talist ásætlanleg miðað við ábyrgð og það vinnuframlag sem fer fram á búnum.“

Fjármagnskostnaður hækkaði um 70 prósent

Kristján segir að tekjur á innlagðan líttra hafi aukist um 24 prósent frá 2021. Breytilegur kostnaður hafi hins vegar vaxið um 22 prósent á sama tíma og fastur kostnaður um níu prósent. Rekstrarafgangur



Á árinu 2023 reiknaðist tap á hvern framleiddan mjólkurlíttra íslenskra kúabænda um 11 krónur og lagast því afkoman lítillaga frá 2022 þegar framleiðslutap á hvern mjólkurlíttra var 15,5 krónur. Mynd / smh

fyrir afskriftir og fjármagnsliði fer úr um 31 krónu á líttra árið 2021 upp í um 49 krónur á líttra á árinu 2023. „Sá rekstrarbati tapast þó að miklu leyti aftur vegna aukins fjármagnskostnaðar sem hækkar um 70 prósent á tímabilinu.“

„Verðbólga og vaxtastig hafa nú verið óhagstæð í langan tíma, eða í um þrjú ár. Kúabú sem skulda meira en tvöfalda ársveltu og nautakjötsframleiðendur sem skulda meira en ársveltu eru mörg hver í lausafjórðungi þar sem fjármagnskostnaður er verulega íþyngjandi. Það kemur niður á launagreiðslugetu búanna og þar

með afkomu fjölskyldunnar sem yfirleitt er nátengd búrekstrinum. Þó að stýrivextir hafi lækkað um 0,75 prósent í lok ársins 2024 dugar það skammt, enda eru þeir óheyrilega háir ennþá.“

Staðan versnar hjá skuldsettum búum

Að sögn Kristjáns hafa kúabúin stækkað býsna hratt og í raun sjái ekki fyrir endann á því. Hjá þáttökubúum verkefnisins hefur árskúm til að mynda fjölgað um ríflega fjórar kýr milli árána 2021 og 2023. Þátttaka kúabænda

í verkefninu hefur aukist mikið í verkefninu og segir Kristján að nú séu 190 bú þátttakendur og mjólkurframleiðsla þeirra sé um helmingur landsframleiðslu.

Hann segir að miðað við fyrirbyggjandi gögn sé mjög mikilvægt að það takist að bæta afkomu mjólkurframleiðenda sem nemur að lágmarki 20 krónum á líttrann sem allra fyrst, annars verði hætta á að skuldsettasti hluti búanna hrökklist úr greininni, auk þess sem nýliðun og ættliðaskipti verði enn erfiðari.

„Þegar rekstrarárið 2024 verður síðan gert upp er ljóst að víða verða áhrif á afkomu af völdum kals og ótíðar um sumarið og haustið. Á sumum landsvæðum var uppskerubrestur á heyi, grænófóðri og korni og einnig veruleg afföll í sauðfjárrækt, nautaeldi og grænmetisræktun, sem mun lita afkomu ársins og langt fram á þetta ár,“ segir Kristján.

Greining í búrekstri og samanburður

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hefur boðið upp á rekstrarverkefni í nautgriparkerkt frá árinu 2020. Þar er meginmarkmiðið að bændur fái tækifæri til að sjá greiningu á sínum rekstri og hvernig hann stendur í samanburði við aðra.

Samhliða verkefninu hafa orðið til gagnagrunnar um afkomuna sem ná aftur til rekstrarársins 2017. /smh

UMHVERFISSTOFNUN ÓSKAR EFTIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU Á SNÆFELLSNESI Í NÁMUNDA VIÐ SNÆFELLSJÖKULSPJÓÐGARÐ EÐA NÆSTA NÁGRENNI

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir f.h. ríkissjóðs óska eftir að taka á leigu íbúðarhúsnæði fyrir Umhverfisstofnun. Miðað er við að leiga geti verið til 5-10 ára. Leitað er eftir íbúðarhúsnæði, 150-200 fm. með 4-6 svefnherbergjum eða húsnæði sem hentar fyrir starfsfólk Snæfellsjökulspjóðgarðsins, einkum nýlegu eða viðhaldslitlu húsnæði í góðu ástandi.

Til greina koma bæði íbúðir og/eða sérbylí. Einnig kemur til greina að skoða húsnæði fyrir 4-5 starfsmenn innan gistiheimilis eða hótels ef staðsetning hentar.

Aðgangur þarf að vera að eldhúsi. Við mat á hagkvæmni tilboða verður m.a. tekið tillit til leiguverðs íbúðarhúsnæðisins, ástands, stærðar þess, skipulags, afhendingartíma, staðsetningar, aðkomu og bílastæðum.

Aðeins er um markaðskönnun að ræða og áskilinn réttur til að hafna öllum tilboðum.

Fyrirspurnir varðandi verkefnið Umhverfisstofnun skulu sendar á netfangið leiguhusnaedi@fsre.is. Sjá einnig auglýsingu á útboðsvef FSRE <https://www.fsre.is/auglysingar/utbod/>.

Leigutilboð skal senda á leiguhusnaedi@fsre.is, eigi síðar en kl. 13:00 mánudaginn 27. janúar 2025.

Merkja skal tilboðin;

nr. 6142158 - Umhverfisstofnun - Íbúðarhúsnæði.



Reykholt:

Borað eftir heitu vatni

– Aukin almenn uppbygging og meiri umsvif í ylrækt

Á vegum sveitarfélagsins Bláskóga-byggðar er nú borað eftir heitu vatni í Reykholti.

Að sögn Helga Kjartanssonar, oddvita sveitarstjórnar, hefur mikil uppbygging átt sér stað í Reykholti á undanföllum árum á öllum sviðum; bæði hjá ylræktarbændum og á íbúðarhúsnæði.

Uppbygging sem kallar á meiri heitavatnsnotkun

Helgi segir að öll þessi uppbygging hafi kallað á meiri notkun á heitu vatni. „Til að enn frekari uppbygging geti átt sér stað var nauðsynlegt að fara í heitavatnsöflun. Þessa dagana er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða að bora eftir heitu vatni í Reykholti, að undangenginni ákveðinni undirbúningsvinnu.“

Við fengum Ísór í ráðgjöf með okkur til að kortleggja svæðið í Reykholti. Í framhaldi af tilraunaholum sem boraðar voru var vinnsluhola staðsett. Við gerum okkur vonir um að fá nægjanlegt af heitu vatni til að geta styrkt okkar kerfi enn frekar. En eins og við vitum er alltaf einhver óvissa þegar farið er í slíka leit. Við værum í ágætis málum ef við fengjum um 33 sekúndulíttra.“

Hvatning til stækkunar á ylræktarstöðvum

Ef vel tekst til er talið að garðyrkjubændur geti farið að huga að frekari stækkunum á sínum stöðvum. „Garðyrkjan hefur eflst mjög mikið,



Staðsetning borholunnar í Reykholti er merkt á kortið með rauðum punkti. Myndir / Aðsendar

þar sem gróðurhús á mörg þúsund fermetrum hafa verið byggð á árunum um og eftir Covid. Öll uppbyggingin í garðyrkjunnar hefur verið unnin af mikill fagmennsku þar sem nýttísku gróðurhús hafa verið byggð til ræktunar á tómtum, gúrkum, jarðarberjum, afskornum blómum og garðplöntum,“ heldur Helgi áfram.

„Þá var hótél með 44 herbergjum tekið í notkun árið 2021 og stefnt er á enn frekari stækkun á næstu tveimur árum. Mikil uppbygging á íbúðarhúsnæði hefur einnig átt sér stað í Reykholti á síðustu árum, en á árunum 2020 til 2024 hefur lóðum fyrir um 100 íbúðum verið úthlutað. Verkalýðsfélagið Efling hefur einnig byggt 12 orlofsíbúðir í Reykholti sem eru í mikilli og góðri notkun. Með allri þessari uppbyggingu hefur



Helgi Kjartansson.

íbúum fjölgað í Reykholti um 56 prósent á árunum 2020–2024.“

Góð kjör á heitu vatni

Að sögn Helga hefur sveitarfélagið ekki lent í verulegum vandræðum með afhendingu á heita vatninu í kuldatíðinni. „Við höfum þó aðeins dregið niður í sundlauginni til öryggis,“ segir hann. Helgi hefur trú á því að garðyrkjan muni eflast enn frekar í Reykholti á komandi árum. „Það veltur að vísu á nokkrum þáttum, meðal annars á raforkuverðinu og hvaða stefnu stjórnvöld taka með fæðuöryggi þjóðarinnar. Við í sveitarstjórn teljum okkur styðja vel við garðyrkjuna með hagstæðum kjörum á heitu vatni, seljum sekúndulítrann á 38,3 krónum sem er örugglega með því hagstæðasta sem gerist á landinu. Enda hefur mikil uppbygging átt sér stað í garðyrkju í Bláskógabyggð á undanföllum árum.“ /smh

can-am®

ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN ER LENT!



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Matvælastofnun hefur verið að fá ábendingar um að menn séu að leggja út hræ af sauðfé til þess að lokka að ref. Það er bannað. Mynd / Jonatan Pie

Matvælastofnun:

Útburður á hræjum er leyfisskyldur

Matvælastofnun birti á dögnum tilkynningu um útbuð á hræjum vegna refaveiða.

Þar er vakinn athygli á því að útbuð á sauðfjárrhæjum sem og hræjum af öðrum jörturdýrum sé algjörlega bannaður og að sækja þurfi um leyfi til stofnunarinnar til útbuðar á hræjum.

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun, segir að tilkynningin sé birt að gefnu tilefni. „Við höfum verið að fá ábendingar um að menn séu að leggja út hræ af sauðfé til þess að lokka að ref. Menn virðast hvorki gera sér grein fyrir að útbuð á hræjum er leyfisskyldur, né að það er í gildi bann við því að leggja út hræ/hræhluta af jörturdýrum af sóttvarnarástæðum – til þess að minnka líkurnar á dreifingu á riðuveiki, garnaveiki og vöðvasulli.“

Hægt er sækja um leyfi á þjónustugátt á vef Matvæla-stofnunar, en umsóknareyðublaðið er nr. 2.25 til glöggvunar.

Í lögum nr. 25/1993, 13. gr. kemur fram í 1.mgr. að aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til mannelis skuli meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna, að því er fram kemur á vef Matvælastofnunar. Þeir sem meðhöndli, geymi, flytji eða vinni aukaafurðir dýra sem ekki teljast til úrgangs skuli sækja um leyfi áður en starfsemin hefst. „Í gildi er reglugerð nr. 1069/2009/EB (ísl. reglugerð 674/2017) um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar



Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

til mannelis. Þar eru aukaafurðir dýra flokkaðar í þrjá mismunandi áhættuflokka og eru efni í 1. flokki áhættumest sbr. 8. gr. reglugerðarinnar (söttmengaður úrgangur).

Þar kemur fram í b-lið að „sérstök áhættuefni“ teljast vera í 1. flokki. Fyrir liggur að heilir skrokkar af jörturdýrum teljast vera „sérstök áhættuefni“ vegna hættu á útbreiðslu m.a. riðu, en einnig garnaveiki og vöðvasulli og ber því að gæta alveg sérstakrar varúðar með meðhöndlun á þeim,“ segir Sigurbjörg.

Í 12. gr. reglugerðarinnar er fjallað um förgun og notkun efnis í 1. áhættuflokki. „Er þar gert ráð fyrir förgun með brennslu að meginstefnu til og skiptir þá ekki máli hvort viðkomandi dýrum er slátrað í sláturhúsi eða heima á bæ, hvað þá ef um er að ræða sjálfdaðar skepnur. Alls ekki er leyfilegt að bera skrokka af þessum dýrum út á víðavangi.

Sé meiningin að leggja út skrokkhluta eða kjöt til þess að egna fyrir ref verður það að vera af öðrum dýrategundum en jörturdýrum og eins og fyrr segir skal sækja um sérstakt leyfi til þess til Matvælastofnunar.“

/ghp

Mjólkurframleiðsla:

Íslenska kýrin standi stallsystur langt að baki

Í kjölfar útgáfu skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands, sem sýndi fram á möguleika til mikillar aukningar í framlegð í íslenski mjólkurframleiðslu með því að flytja inn norrænt kúakyn, hefur færst þungi í þá umræðu enn á ný.

Baldur Helgi Benjamínsson, kúabóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafjarðarsveit og fyrrum framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, segir aðalrökin fyrir innleiðingu á norrænu kúakyni vera að íslenska kýrin standi stallsystur sínum í nálægum löndum langt að baki í flestum eiginleikum, eins og nythæð, júgurheilbrigði, byggingu, mjóltum, skapi og frjósemi.

Getum sótt í öflugt norrænt ræktunarstarf

Í síðasta tölublaði var rætt við Egil Gautason, erfðafraeðing og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, sem taldi að fara þyrfti mjög varlega með allar hugmyndir í þá átt að taka inn nýtt kúakyn á Íslandi. Hallaðist hann í þá átt að nýta ætti frekar þá fjárfestingu sem farið hefði verið í með upptöku á erfðamengisúrvali og þá sérstöðu sem íslenska kúakynið hefði með langtíma einangrun.

Baldur segir hins vegar að Norðurlöndin hafi stundað feikilega öflugt ræktunarstarf, einkum gagnvart heilsufarsþáttum, í nærri hálföld og í það er mjög mikið að sækja sem við höfum enga möguleika á að gera hér. „Hér á landi þurfum við dýrar og vandáðar byggingar, laun eru há og vextir líka. Ef mjólkurframleiðslan á að eiga efnahagslegan grundvöll, vera samkeppnishæf við sívaxandi innflutning á mjólkurafurðum og bjóða bændum upp á viðunandi afkomu, þarf að auka framleiðni greinarinnar mjög mikið frá því sem nú er,“ segir Baldur.

Eðlilegast að líta til Noregs

Spurður um hvaða kúakyn honum þyki álitlegast, segir Baldur að fyrsta kastíð telji hann eðlilegt að líta til Noregs. „Hjá ræktunarfélaginu þar standa okkur allar dyr opnar og hafa gert lengi. Þaðan er líka heimilt að flytja inn erfðaeftir í holdanautgripum. Það hefur verið unnið ítarlegt áhættumat gagnvart því og farvegurinn er tilbúinn.“

Varðandi galla þess að flytja inn nýtt kúakyn segir Baldur að innflutningur á nýju kúakyni sé stór



Baldur Helgi telur eðlilegt að líta til kúakyns í Noregi.

Mynd / Luseby in the Kvamsfjella Mountains

pólítísk ákvörðun, íslenska kúakynið hafi verið hér frá landnámi og sé mjög lítið blandað – og í því felist ákveðin sérstaða. „Greinin verður hins vegar að hafa í huga hvaða hlutverk hún hefur. Að mínu mati hefur hún það meginhlutverk að framleiða undirstöðuneysluvörur fyrir almenning á Íslandi og þá sem hingað koma. Til að rækja það hlutverk þarf hinn efnahagslegi grundvöllur að vera til staðar eins og áður.“

Í áður nefndu viðtali við Egil Gautason sagði hann að eftir eigi að meta til fjár ýmsa kosti íslenska kúakynsins, sem ekki hafi verið nýttir. Eins og til dæmis upprunavottun mjólkurafurða. „Ég sé fyrir mér að íslenska kýrin verði haldin í talsverðum mæli þó af innflutningi verði. Þeir framleiðendur sem geta nýtt sér þá sérstöðu í markaðssetningu munu örugglega gera það,“ segir Baldur um þá hlið mála.

Tíðni júgurbólgu mun minni

Egill tiltók einnig í viðtalinu að sjúkdómáttíðni í innfluttu kúakyni væri óvissuþáttur. Baldur telur engar líkur á að sjúkdómar berist með innfluttu erfðaeftir í nautgripum. „Reynslan af Angus-innflutningnum sýnir það og heilbrigðiseftirlit með kynbóttagripum á Norðurlöndunum er eitthvað það mesta sem þekkest.“

Ég hef væntingar um að tíðni framleiðslusjúkdóma á borð við júgurbólgu, sem veldur íslenskum kúabændum þungum búisfjum, verði minni en nú er. Tíðni hennar í Noregi er til dæmis um þriðjungur af



Baldur Helgi Benjamínsson.

Því sem hér gerist, samkvæmt skýrslu Landbúnaðarháskólans.“

Meira fylgi við hugmyndirnar núna

„Þetta mál hefur verið til umræðu í aldarþriðjung. Það er ómögulegt að segja hvað verður, en staða nautgriparæktarinnar er ekki góð og pólítíska landslagið er gerbreytt. Við því verður að bregðast með raunhæfum aðgerðum,“ heldur Baldur áfram.

„Ég mun beita mér fyrir því, hér eftir sem hingað til, að bændur íhugi þennan kost mjög alvarlega. Geri þeir það ekki, kalla ég eftir að þeir hinir sömu komi með lausnir sem eru svipaðar að umfangi og skýrslan sýnir fram á.“

Að mínu mati er heldur meira fylgi við þessar hugmyndir núna en oft áður. Ég geri mér líka grein fyrir að við þetta er hörð andstaða meðal hluta bænda. Mér finnst umræðan um þetta þó vera ívið málefnalegri nú en stundum áður.“

/smh

Segðu **BLESS** við óværuna!

YKKAR
pest control

ALLT TIL NAGDÝRAVARNA
-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruslunum

Rangárþing eystra:

Hundrað hús í byggingu

Miklar framkvæmdir eiga sér nú stað í Rangárþingi eystra en þar eru í dag um hundrað mannvirki í byggingu vítt og breitt um sveitarfélagið.

Samhliða fjölga íbúum en 1. janúar 2025 voru íbúar sveitarfélagsins 2.167 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Íbúum fjölgaði um tæplega átta prósent milli ára.

„Á sama tíma og fjölgun íbúa er verulega jákvæð er það einnig krefjandi og mikill ábyrgðarhluti sveitarfélagsins að vera í stakk búíð fyrir slíka fjölgun með uppbyggingu innviða og að veita lögbundna þjónustu. Það hlutverk tókum við í sveitarstjórn alvarlega og horfum björtum augum til þeirra verkefna sem bíða okkar á nýju ári,“ segir Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri. Flestar byggingaframkvæmdir eiga sér stað á Hvolsvelli enda vinnuskúrar og byggingakranar víða í bæjarfélaginu. Töluvert er líka um nýjar byggingar undir Eyjafjöllum og í Landeyjum.

/mhh



Viða er nú byggt á Hvolsvelli.

Mynd / mhh



Knowledge grows

Örugg með Yara

Einkorna gæða áburður, einsleit áburðarkorn tryggja jafnari dreifingu og sama aðgengi plantna að öllum næringarefnum



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendra búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2025

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.





Vera Weber situr Trymbil vom Heuberg sem er á leið til Tansaníu. Mynd / Aösend

Íslenskur hestur fer til Afríku

Í mars á þessu ári verður fyrsta íslenska hestinum flogið til Tansaníu. Ekki er vitað til þess að hestur af íslensku kyni hafi áður farið til Afríku.

Vera Weber býr í Sviss og stundar þar hestamennsku. Síðasta sumar fékk hún í heimsókn til sín konu að nafni Saskia Rechsteiner sem féll algjörlega fyrir íslenska hestinum. Saskia býr ásamt fjölskyldu sinni í Tansaníu, í þjóðgarði mjög nærri Kilimanjaro, og er þar með stóran búgarð í um 800 m hæð yfir sjávarmáli. Saskia hafði mikinn áhuga á að fá að kaupa íslenska hesta og flytja þá til Tansaníu eftir að hafa prófað þá hjá Veru.

„Ég var örlítið skeptísk á það í upphafi, en ég þekkti ekki aðstæður þar í landi og var því óviss um hvort þær hentuðu íslenskum hestum. Saskia bauð mér til Tansaníu þar

sem ég dvaldi í mánuð og eftir það varð ég fullviss um að íslenskur hesturinn gæti vel þrífist á þessum framandi slóðum. Saskia og fjölskylda hennar eru nú þegar með hesta af öðrum kynjum og bjóða meðal annars upp á útreiðartúra fyrir ferðamenn í mjög fallegu landslagi,“ segir Vera en markmiðið er að flytja einn gelding til þeirra í mars á þessu ári.

Þá er vetur í Tansaníu og hitastigið í kringum fimmtán gráður en Vera telur það vera heppilegar aðstæður fyrir íslenskan hest. Ef allt gengur vel er stefnan að flytja fleiri íslensk hross til Tansaníu.

Samkvæmt Worldfeng, upprunaættbók íslenska hestsins, eru rúmlega 300.000 íslensk hross skráð í yfir tuttugu löndum heimsins í þremur heimsálfum. Sú fjórða bætist nú við. /hf

Til leigu er jörðin Flaga 1 í Langanesbyggð



Á jörðinni er íbúðarhús, 158m² sem þarfnast töluverðs viðhalds. Fjárhús að hluta í góðu standi og hlaða í mjög góðu standi.

Ræktað land á jörðinni er um 12,5 ha. Girðingar í misgóðu ástandi.

Veiðiréttur í Sandá er undanskilinn leigu.

Nánari upplýsingar gefur Júlíus Sigurbjartsson í síma 892-4034

eða á netfangið: juliussigurbjartsson@simnet.is

Við val á leigutaka mun Langanesbyggð taka mið af áformum umsækjanda um framtíðarnýtingu jarðarinnar og að þau teljist raunhæf að teknu tilliti til staðhátta.

Auk þessa getur sveitarfélagið óskað eftir fjárhagslegum upplýsingum frá umsækjendum. Þeir sem hafa áhuga á því að leigja jörðina eru vinsamlegast beðnir að skila inn tilboði vegna leigu jarðarinnar þar sem koma fram upplýsingar um ofangreind atriði.

Tilboðum skal skilað á skrifstofu Langanesbyggðar á netföngin: bjorn@langanesbyggd.is eða juliussigurbjartsson@simnet.is fyrir 31. mars 2025.

Langanesbyggð áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Bændablaðið
kemur næst út
6. febrúar

Nautakjötsframleiðsla:

Bændur greiddu 99 krónur með hverju framleiddu kílóí árið 2023

Nautakjötsframleiðendur greiddu 99 krónur með hverju framleiddu kílóí á árinu 2023, samkvæmt nýju uppgjöri úr rekstrarverkefni Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Það er þó umtalsverður afkomubati frá árinu 2022 þegar 275 króna framleiðslutap var á hvert nautakjötskíló.

Á von á verri afkomu fyrir síðasta ár

Kristján Eymundsson verkefnisstjóri segir að búast megi við að afkomutölur versni aftur árið 2024. „Síðustu ár hafa komið viðbótargreiðslur frá ríkinu, en á síðasta ári komu engar samsvarandi greiðslur nema það var reyndar bætt svolitlu við sláturálagið á nautakjötið.

Það hefur þó átt sér stað mikil breyting á síðustu árum. Tekjur á innlagt kíló hafa aukist um 41 prósent á þremur árum. Þar ræður mestu hækkunin á afurðaverði en einnig hafa viðbótargreiðslur frá ríki skipt verulegu máli eins og árin 2022–2023. Á árinu 2021 komu einnig viðbótargreiðslur og þá sem sláturálag í nautgriparækt vegna Covid-19.

Þær greiðslur voru ekki sérstaklega greindar í verkefninu sem skýrir herra sláturálag á nautakjöt það ár. Fjárfestingastyrkir vegna framkvæmda eru inni í liðnum önnur landbúnaðartengd



Umtalsverður afkomubati varð í nautakjötsframleiðslu á árinu 2023, en bændur greiddu þó 99 krónur með hverju framleiddu kílóí samkvæmt uppgjöri úr rekstrarverkefni RML. Mynd / smh

framlög og því geta þær tekjur verið breytilegar milli ára.“

Vanfjármagnaðir búvörusamningar

Kristján telur að skýr merki sjáist um bættan rekstur í nautakjötsframleiðslunni þótt tap sé á framleiðslu nautakjöts öll árin. „Samkvæmt meðaltali þáttökubúa var tapið 383 krónur á kílóíð árið 2021 en var komið niður í 99 krónur á kílóíð árið 2023. Þar hjálpuðu einskisgreiðslur frá ríki vissulega mikið, sem reiknast um 123 krónur á kílóíð hjá þáttökubúnum.“

Hann telur að viðbótargreiðslur síðustu ára hafi

verið nauðsynlegar og lýsi einfaldlega þeirri staðreynd að búvörusamningarnir séu vanfjármagnaðir.

Fjármagnskostnaður verulega íþyngjandi

Það er mat Kristjáns að afkoma í greininni þurfi að batna um 200 krónur á kílóíð, þar sem hann gerir ráð fyrir að tapið í greininni samsvari þeirri upphæð fyrir síðasta ár.

„Til að ná þeim afkomubata þarf samspil ýmissa þátta. Þar má helst nefna afurðaverð, aukinn ríkisstuðning, áframhaldandi hagræðingu í rekstri bændanna og síðast en ekki síst hagfelldara vaxtaumhverfi.“ /smh

Virkjanir:

Fljótsdalsstöð í sjálfbærnimati

Sjálfbærnimat fyrir Fljótsdalsstöð í Fljótsdal er nú í opnu umsagnarferli.


Fljótsdalsstöð fór á nýliðnu ári gegnum úttekt Samtaka um sjálfbæra vatnsorku (e. The Hydropower Sustainability Alliance) samkvæmt sjálfbærnistaðli vatnsaflsvirkjana.

Staðallinn (e. Hydropower Sustainability Standard) er alþjóðlegur og setur, skv. tilkynningu Landsvirkjunar, sjálfbærni viðmið fyrir vatnsaflsvirkjanir þar sem aðaláherslan er á umhverfi, samfélag og stjórnhætti. Segir jafnframt að fjölmargir hagaðilar á Austurlandi hafi verið fengnir í viðtöl vegna úttektarinnar. Meðal þess sem skoðað var í úttektinni var stjórnun á sjálfbærnimálum, kolefnisspor rekstrarins, starfsmannamál, eftirlit með jarðvegsrofi og vatnsgæðum, samskipti við nærsamfélag og áætlun í málefnum sem tengjast loftslagsbreytingum.

Að mestu jákvæðar niðurstöður

Almennt virðast drög að matskýrslu þeirri sem nú er í opnu umsagnarferli skila jákvæðum niðurstöðum í öllum þáttum og virkjunin talin hafa rennt styrkum stöðum undir byggð og atvinnulíf. Sjálfbærni frammi staða sé afar góð. Það sem standi út af sé að fólkið sem býr neðan við virkjunina og eigi veiðirétt í Lagarfljóti beri enn skarðan hlut frá borði hvað varðar þann þátt í lífsafkomu þess, vegna breytinga á Fljótinu með tilkomu virkjunarinnar. Svifaur í Lagarfljóti sé viðvarandi vandamál.

Nefnt er að ekki hafi tekist að uppfylla eina af ýrtrari kröfum: set sé vandamál vegna lekvatns úr aðgöngum og flutnings milli vatnasviða.



Fljótsdalsstöð kemur vel út í nýju sjálfbærnimati sem nú er opið til umsagnar. Myndin er úr hverflasal stöðvarinnar í Valbjófsstaðarfjalli þegar stöðin var í byggingu. Fljótsdalsstöð var vígð síðla árs 2007. Mynd / sá

Ýmis tækifæri

Fram kemur að takmarkanir í raforkuflutningskerfinu á Íslandi hindri Fljótsdalsstöð og Kárahnjúkavirkjun í að hagræða og hámarka starfsemi sína að fullu auk þess sem þær takmarki sveigjanleika til aðlögunar að framtíðarbreytingum. Þess er og getið að vinnu tækifæri séu í stjórnun vistkerfa á svæðinu og ná megi auknum verndunarárangri með betri samhæfingu stofnana, ríkisfyrirtækja og hagaðila. Þá er bent á að auka megi sýnileika virkjunarinnar fyrir gesti og miðla sögu hennar og ávinningi.

The Hydropower Sustainability Alliance er alþjóðleg og óhagnaðardrifin sjálfsfærstofnun þar sem saman koma fulltrúar vatnsaflsgeirans, stjórnvalda, samfélags- og umhverfissamtaka og fjármálastofnana til þess að vinna að framgangi sjálfbærrar vinnslu vatnsafls.

Niðurstöður matsins fyrir Fljótsdalsstöð eru í opnu umsagnarferli til 10. mars næstkomandi. Hagaðilar, jafnt sem almenningur, geta komið með athugasemdir og ábendingar. Matskýrslan er aðgengileg á vef Landsvirkjunar. /sá



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira



ÓLAFÍA INGÓLFSSDÓTTIR
Ég mæli 100% með Active JOINTS, allra besta bætiefni sem ég hef kynnst



MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR
Ég elska íþróttina mína og er ánægð með Active JOINTS



HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Finn mikinn mun á liðleika mínum



ÁRNI PÉTUR AÐALSTEINSSON
Ég er sannfærður um að Active JOINTS er að gera mikið gagn fyrir mig



HARTMANN K. GUÐMUNDSSON
Ég skipti yfir í Active JOINTS og fljótlega fann ég mikinn mun



FRÍÐRIK BENEDIKTSSON
Meiri orka og betri líðan með Active JOINTS



SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR
Active JOINTS hefur reynst mér einstaklega vel



Fuglainflúensa:

Sérfræðingar mjög á varðbergi

– Sækir nú að spendýrum og gæti farið í menn

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



Ísland fer ekki varhluta af skæðri fuglainflúensu sem hefur undanfarið sýkt og drepið villta fugla. Vísindamenn eru ekki síst smeykir við fuglainflúensustofn sem kominn er í bandarískar mjólkurkúr.

Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur undanfarin ár lagt mikla áherslu á baráttu gegn útbreiðslu fuglainflúensu og birtu á heimasíðu sinni í desember ákall til allra þjóða heims um að leggja meiri áherslu á eftirlit og aðgerðir til að sporna gegn útbreiðslu skæðra fuglainflúensuveira.

Skæðar fuglaflúensuveirur af HPAI H5N1 stofni hafa verið í mikilli útbreiðslu um allan heim hin síðari ár. Fyrsta greining á H5N1 veiru var gerð árið 1959 í Skotlandi í alifuglum. Á árabílinu 1979-1997 voru H5N1-inflúensustofnar í fuglum sem einangraðir voru fremur stöðugir. Árið 1996 kom upp faraldur í alifuglum í sunnanverðu Kína með veiru af H5N1-gerð og barst hún árið eftir til Hong Kong í alifugla. Af þeim 18 tilfellum sem greindust í mönnum létust sex manns. Milljónum fugla var slátrað bæði í S-Kína og Hong Kong til að stöðva faraldurinn. Árið 2003 komu H5N1-veirur fram á nýjan leik í S-Kína í alifuglum og dreifðust þá til fjölda landa í Asíu og greindust mörg tilfelli einnig í mönnum.

Tæp þúsund tilfelli í mönnum

Árið 2005 tóku H5N1-veirur að dreifast enn frekar um heiminn með villtum fuglum, m.a. til landa í Afríku, Mið-Austurlöndum og Evrópu. Síðan þá hafa margir HPAI H5-erfðahópar (Clade) og línur myndast víða um heim.

Frá 1997 hafa meira en 970 tilfelli af H5N1-fuglaflúensu greinst í mönnum í 24 löndum. Einkenni sýkinga með H5N1-fuglaflúensuveirum hafa verið frá því að vera einkennalaus til mjög alvarlegrar einkenna. Um 50% tilfella í mönnum hafa leitt til dauða. H5N1-smit milli manna eru þó mjög sjaldgæf og einungis tvö eða þrjú líkleg tilfelli þekkt.

Frá árinu 2005 hafa tugir milljóna fugla smitast í Evrópu, aðallega villtir vatna- og sjófuglar en einnig alifuglar. Smit hafa jafnframt greinst í fjölda spendýrategunda, aðallega



Eitt mesta áhyggjuefnið á alþjóðavísu hvað fuglainflúensa varðar er sá faraldur sem nú geisar af völdum skæða afbrigðisins H5N1 í mjólkurkúm í Bandaríkjunum. Myndir / Pixabay

villtum rándýrum sem eru í náinni snertingu við villta fugla, en einnig á m.a. loðdýrabúum og í ketti. Þessi þróun sýnir glögg hæfileika veirunnar til að aðlagast nýjum dýrategundum.

Andfuglar og mávar eru höfuðhýslar fuglainflúensuveiru og vanalega veikjast fuglarnir ekki. Nokkuð óvenjulegt þykir með H5N1 að hún er mjög skæð í villtum fuglum og drepur þá í stórum stíl.

Sá H5-stofn (Clade 2.3.4.4B) sem hefur verið í dreifingu í Evrópu hefur ekki oft greinst hjá fólki og smithætta fyrir almenning í Evrópu talin lítil. H5N1-sýking hefur greinst í andabónda í Skotlandi og starfsmanni á spænsku minkabúi og alvarleg veikindi og jafnvel andlát hafa orðið hjá fólki m.a. í Asíu og S-Ameríku, en flestir einstaklinganna virðast hafa verið í langvarandi eða náinni snertingu við veika fugla í tengslum við fuglahald við heimili.

Fuglainflúensustofninn H5N1 (Clade 2.3.4.4B) greindist fyrst á Íslandi í villtum fuglum vorið 2022 og að auki í heimilishænum á sama stað, skv. Matvælastofnun (Mast). Þá olli H5N1 stórfelldum súlnadauða sama ár.

Úr einum stofni í annan

H5N1-stofn fuglainflúensu sem grasserað hafði undanfarin misseri á Íslandi, hætti nánast að greinast síðasta haust og er nú skæður

H5N5-stofn ráðandi, sem er gamla H5N1-veiran búin að skipta m.a. N-erfðaefnisbútnum út. Veiran er með átta erfðaefnisbúta sem hún getur stokkað upp að hentugleikum til að fjölga sér innbyrðis.

H5N5 hefur greinst í villtum fuglum á norðurlóðum frá árinu 2021, en einnig að einhverju marki í villtum spendýrum eins og rauðref, þvottabirni og skunki í austurluta Kanada, rauðrefum og gaupu í Noregi og otri í Hollandi.

H5N5 fannst fyrst hér á landi í dauðum hafarni úti fyrir Barðaströnd og æðarfugli á Ólafsfirði haustið 2023 og hefur verið að greinast í villtum fuglum síðan. Seint á síðasta ári hafði, skv. upplýsingum frá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, mest borist af veikum eða dauðum hröfnum og mávum.

Ekki vísbendingar um smit milli spendýra

Skömmu fyrir síðustu áramót stakk H5N5-fuglainflúensa sér niður á alifuglabúi, en fljótt náðist þó að koma böndum á frekari útbreiðslu þar. Undanfarið hafa svo borist tilkynningar um marga dauða eða veika villta fugla, ekki síst grágæsir á höfuðborgarsvæðinu, en einnig álftrir. Í þeim hefur greinst skæð H5N5-fuglainflúensa.

Tvö staðfest H5N5-smit eru í heimilisköttum í janúar og fleiri kattahræ til rannsóknar. Líklegast þykir að kettirnir hafi smitast af sýktum villtum fugli. Auk þess fannst hræ af mink í Vatnsmýri fyrir fáum dögum og er rannsakað m.t.t. fuglainflúensumits.

Þetta mun vera í fyrsta sinn í heiminum sem veira af þessari gerð greinist í heimilisketti svo vitað sé og fyrsta tilfelli um veiruna í dýri í haldi manna, skv. Mast.

Sérfræðingar hafa áhyggjur af því að skæð fuglainflúensa berist í spendýr hér á landi, bæði í villt dýr og húsdýr á borð við hunda og ketti. Skv. Þóru J. Jónasdóttur, yfirdýralækni Mast, eru þó ekki vísbendingar um að H5N5-fuglainflúensan smitist milli spendýra. Segir hún að sýkt spendýr hafi að öllum líkindum veikt við að éta hræ sýktra dýra.

Mast segir smithættu fyrir fólk af völdum fuglainflúensu H5N5 talda litla en þó er fólk minnt á að gæta hreinlætis í umgengni við dýr og umhirðu þeirra. Þeir sem hafa verið í umgengni við fuglainflúensuveik dýr þurfa þó að fara í sýnatöku og almenningi er ráðið frá að snerta dauða fugla.

Fuglainflúensa í bandarískum mjólkurkúm

Eitt mesta áhyggjuefnið á alþjóðavísu hvað fuglainflúensa varðar er sá faraldur sem nú geisar af völdum skæða afbrigðisins H5N1 í mjólkurkúm í Bandaríkjunum. Arfgerð þeirrar veiru sem þar um ræðir hefur þó enn sem komið er ekki greinst annars staðar í heiminum, skv. Mast. Veiran er í kúamjólk og búin að aðlaga sig nautgripum í fjölda ríkja og smitast milli þeirra. Þar er víða vinsælt að drekka ógerilsneydda mjólk, sem veldur áhyggjum. Yfir 60 tilfelli eru þekkt í fólki í Bandaríkjunum og þau flest komin úr kúm, en fram til þessa hafa einkennin verið væg í mönnum. Bandaríska landbúnaðarráðuneytið gaf út alríkisfyrirmæli skömmu fyrir áramót um að mjólk yrði prófuð á landsvísu.

H5N1 greindist fyrst í nautgripum í Bandaríkjunum fyrir tæpu ári og eru hæg viðbrögð yfirvalda í að takmarka útbreiðslu sögð valda því að nú séu hið minnsta 860 hjarðir í 16 ríkjum sýktar, skv. Scientific American, SCIAM-veftímaritinu, seint í desember sl.


Um miðjan desember varð unglingur í Kanada lífshættulega veikur af H5N1 sem talin er hafa komið úr fuglum en ekki úr nautgripum, skv. vísindatímaritinu Science. Ekki hefur þó tekist að staðfesta uppruna smitsins í drengnum.

Í Finnlandi hefur verið ákveðið að bólusetja starfsfólk í landbúnaði fyrir fuglainflúensu og er sú umræða einnig komin upp í Bandaríkjunum þar sem um 4,8 milljónir skammta af bóluvefni munu vera til á lager, skv. SCIAM.


Óttast faraldur í mönnum fyrir eða síðar

Þótt það sé enn ekki að fullu staðfest með raðgreiningum, þá virðist H5N5-afbrigðið sem er í gangi á Íslandi ekki vera með neinar sjáanlegar stökkbreytingar sem eru aðlögun að manni. Þannig virðist ekki um að ræða sama raðgreiningarafbrigði/stökkbreytingu sem þekkt er í mörgum veirum úr fuglum sem hafa farið yfir í menn.

Vísindamenn telja margir enga leið að segja til um hvort faraldur í mönnum brjótist út eða ekki, stökkbreytingar veirunnar séu illfyrirsjáanlegar. Ýmsar nýlegar niðurstöður virðast þó benda til að



Fuglainflúensustofninn H5N5 hefur greinst í villtum fuglum á norðurlóðum frá árinu 2021.



Vísindamenn telja margir enga leið að segja til um hvort faraldur í mönnum brjótist út eða ekki, stökkbreytingar veirunnar séu illfyrirsjáanlegar.

hættan á því að núverandi H5N1 í nautgripum og fuglum valdi heimsfaraldri sé í raun meiri en áður var talið.

Vírusinn gæti þó þurft lengri tíma til að ná hinni réttu samsetningu stökkbreytinga til að komast yfir í menn. Veiruónæmisfræðingurinn Scott Hensley, við Perelman læknaháskólann í Pennsylvaníu, segir í grein í vísindatímaritinu Science, trúflandi til þess að hugsa að vírusinn í kanadíska unglingnum gæti hafa haft allt sem þurfti til að valda heimsfaraldri, ef sá vírus hefði borist í fleiri einstaklinga.

Fyrstu ummerki árið 1996

Upphaf áhyggna manna af fuglainflúensu má sem fyrir segir rekja til ársins 1996, í S-Kína og Hong Kong, þar sem vísindamenn byrjuðu að fylgjast vandlega með H5N1. Eftir faraldurinn þá varð ekki mikið vart við veiruna næstu áratugina, þó að hún stingi sér eitthvað niður.

Árið 2005 fór fuglainflúensa hins vegar af stað í villtum fuglum víða um heiminn og þóttu líkandi til að hún myndi berast til Íslands. Fuglainflúensan var skæð og var talað um 60-80% líkur á dauða.

Um það leyti hófu Keldur átak í að vakta fugla, fyrst og fremst villta fugla, og byggð var fullkomin P3-öryggisrannsóknastofa (Bio Safety Level 3+) sem er fullkonnasta krufninga- og öryggisrannsóknastofa landsins. Fuglainflúensuveiran hefur síðan verið fyrirferðarmikil í starfsemi Keldna og er rannsökuð undir hæstu öryggisstöðlum.

Kapphlaup milli hýsils og veiru

Bylgjur sýktra og dauðra fugla í einstökum fuglastofnun stafa fyrst og fremst af því að sýkingin hefur borist í fuglahópa þar sem lítið eða ekkert hjarðónæmi er fyrir hendi og því mikið um fullmóttækilega fugla. Einnig getur veiran verið með einhverjar breytingar í erfðaefninu sem gera afbrigðið meinvirkara og/eða hæfara til að sýkja tiltekna fuglategund.

Í Covid-faraldrinum völdust til að mynda æ mildari stofnar og þótt Covid sé enn töluvert í gangi hér á landi er ekki rætt mikið um það lengur því svo mikið ónæmi er í samfélaginu og stofnarnir hafa valist til að vera tiltölulega meinlausir. ■

Loftlagsvegvisir bænda er nú aðgengilegur á Mínum síðum á vef Bændasamtakanna.

Frestur til að skila inn umsögnum er til **6. febrúar 2025**.

Við hvetjum alla félagsmenn til að kynna sér vegvísinn og koma sínum ábendingum á framfæri.



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Vetrartilboð

Janúar og febrúar



**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.

Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.



TILBOÐ 1 (ljósmynd)

Svartur, grár eða paradiso.

Sett eins og á mynd

585.000

án blómarammans

485.000

TILBOÐ 2

Demantur - passar líka á duftleiði

149.000 (199.000 með lukt)



Svartur

Paradiso

Blár

Grár

TILBOÐ 3

Sett eins og á mynd - 380.000

Svartur, grár eða paradiso



Rúmar tvö nöfn

VIÐHALDSFRÍR GRANÍTBEEKKUR

Svartur, grár eða paradiso.

Hægt að fá áletrun gegn aukagjaldi.

130cm 150kg

frí sending um allt land.

230.000 kr



s: 466 2800 / 899 9370

sala@minnismerki.is

steinsmidjaakureyrar.is

Samtök ungra bænda:

Krefjast athygli stjórnvalda

– Hugað að starfsumhverfi og nýliðun á aðalfundi

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



Ungir bændur vilja að íslensk stjórnvöld setji landbúnaðarmál fram í forgangs röðina. Ályktað var um fjölbreytt málefni á aðalfundi Samtaka ungra bænda um miðjan janúar.

Aðalfundur Samtaka ungra bænda (SUB) árið 2025 fór fram á Þórisstöðum á Svalbarðsströnd í Eyjafirði þann 18. janúar síðastliðinn. Þar var m.a. ályktað um að íslensk stjórnvöld þyrftu að gefa landbúnaði meira rými í stefnumálum.

„Í aðdraganda kosninga 2024 bar lítið á eiginlegri landbúnaðarstefnu hjá flokkunum og ef minnst var á landbúnað þá var það yfirleitt í tengslum við önnur svið, s.s. atvinnumál, umhverfismál og sjávarútveg. Landbúnaður snertir á þessa fleti en er á sama tíma það stór málaflökkur að hann þarf meira vægi án þess að vera blandaður við aðra þætti. Á meðan landbúnaður er settur undir sama hatt og sjávarútvegur og atvinnumál, eins og hefur verið undanfarið ár, þá virðist hann sífellt færast neðar í forgangs röðuninni,“ segir í greinargerð með ályktuninni, sem var ein 24 slíkra.

Fundinn sátu um 50 manns víðs vegar að en landshlutafélögin fjögur sem SUB samanstendur af skipa hvert átta fulltrúa með atkvæðisrétt á fundinn.

Áhrif mannvirkja á raforkuöflun og -dreifingu

Að sögn Steinþórs Loga Arnarssonar, formanns SUB, þótti aðalfundurinn vel heppnaður og gott veginesti fyrir komandi verkefni.

Fundurinn fjallaði um fjölmörg mál er lúta að starfsumhverfi ungra



Stjórnarmenn í Samtökum ungra bænda. F.v. Ingiberg Daði Kjartansson, Helga Rún Steinarsdóttir, Sunna Þórarinsdóttir, Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson og Ísak Jökulsson. Á myndina vantar Steinþór Loga Arnarsson formann og Ástrós Yr Eggertsdóttir. Myndir / Aðsend

bænda. „Þar má nefna ályktanir á borð við áhrif mannvirkja við öflun og dreifingu orku,“ segir Steinþór Logi. „Áhrif þeirra eru margvísleg, annars vegar eru áhrif vindmyllugarða og raflína á virði jarða þó nokkur, sérstaklega þar sem raflínur, og eftir atvikum raflínuvegir, skera í sundur ræktanlegt land sem hefur skerðandi möguleika til framtíðar. Mikilvægt er að nærsamfélög hafi skipulagsvald yfir slíkum framkvæmdum og njóti ágóða af slíkum mannvirkjum. Þessu tengist einnig ásókn fjárfesta og fyrirtækja í land sem þykir áhyggjuefni enda hefur oft og ítrekað verið ályktað um þörf á ábúðarskyldu líkt og samtökin hafa oft ályktað um áður. Nú er tækifæri til bóta í þeim efnum þar sem nauðsynlegar breytingar á jarðalögum eru boðaðar í nýjum ríkisstjórnarsáttmála,“ segir hann.

Stjórnvöld voru í ályktun hvött til að endurskoða greiðslufyrirkomulag vegna lagningar línuvega og raforkulína og greiða hangleigu í stað eingreiðslu fyrir notkun á landi bænda og annarra landeigenda.

Afleysingakerfi og nýliðun

Fundarmenn ræddu, að sögn Steinþórs, starfsumhverfi og rekstrarskilyrði í landbúnaði en þar á meðal má nefna þörf á afleysingakerfi.

Þá var rætt um leiðir til að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti og segir Steinþór að þar beri helst að nefna að ályktað hafi verið um að nýliðunarstuðningurinn í núverandi mynd væri ófyrirsjáanlegur og nýttist ekki sem skyldi. Fjármagnid væri lítið og dreifðist á marga aðila



Auka-aðalfundur Samtaka ungra bænda verður haldinn í kjölfar nýliðins aðalfundar og á hann að verða stefnumarkandi fyrir hönd samtakanna í umræðu og samtali um framtíð stuðningskerfis í landbúnaði.



Steinþór Logi Arnarsson.

í samanburði við þær fjárfestingar sem að baki lægju og að það gerðu þær einungis einu sinni á ári og ómögulegt að sjá fyrir hver stuðningsupphæð yrði við m.a. á á t l a n a g e r ð.

Mikilvægt sé að leita annarra leiða, til dæmis með skattalegum ívilnunum á borð við virðisaukaskattsfrádrátt á fyrstu árum, niðurfellingu á erfðafjárskatti og tekjuskatti við kynslóðaskipti og leita leiða til að koma á lána- og fjármögnunarkerfi, aðlöguðu að þörfum landbúnaðar.

Krefja stjórnvöld um vindmyllustefnu

Aðalfundurinn krafðist í ályktun að „stjórnvöld móti sér skýra stefnu og endurskoði áform um að heimila vindmyllugarða víðs vegar um land án frekari umræðu um málið. Einnig er mikilvægt að ríkisstjórn gefi sveitarstjórnunum þar sem vindmyllugarða og stakar vindmyllur á að reisa, vald til að neita eða ýmist samþykkja slíkra framkvæmdir í gegnum deiliskipulag.“

Í greinargerð með ályktuninni segir að „áform um vindmyllur hingað og þangað sundra sveitar-samfélögum víða um land. Gera verður þá kröfu til stjórnvalda að þau stoppi nú þegar þennan ágang fjárfesta þangað til eðlileg og lýðræðisleg umræða og lagasetning um þessi mál hefur farið fram á Alþingi. Stærri vindorkuver ætti að vera á vegum Landsvirkjunar en ekki erlendra fjárfesta.“

Uppkaup auðjöfra á jörðum

Þá ályktaði aðalfundurinn að krefja yrði íslensk stjórnvöld um að grípa til til tafarlausra aðgerða til að hindra frekari kaup auðjöfra á íslenskum jörðum og setja á ábúðarskyldu.

Segir í greinargerð að vandinn aukist varðandi kaup auðjöfra á landbúnaðarjörðum. „Auðjöfrar í þeim skilningi efnamiklir einstaklingar og fyrirtæki. Landið er keypt vegna vatns-eða vindorkuauðlinda og/eða til kolefnisbindingar. Engin skylda er til ábúðar á þessum jörðum sem ýtir undir fólksfækkun í sveitum landsins bæði með beinum og óbeinum hætti, þar sem ekki er mikill hvati falinn í því að búa innan um eyðijarðir. Það eru hagsmunir

„Ásókn fjárfesta og fyrirtækja í land þykir áhyggjuefni (...) þörf á ábúðarskyldu ...“

þjóðarinnar að tapa ekki auðlindum til stórfjárfesta. Því verður að bregðast við og breyta þessari þróun áður en það verður of seint og ekki verður aftur snúið.“

Rannsókn SUB á kynslóðaskiptum

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa kynnti Gréta Berggrún Jóhannesdóttir verkefnastjóri frumniðurstöður rannsóknar á vegum SUB sem er ætlað að meta hvata og hindranir nýliðunar og kynslóðaskipta í landbúnaði. Rannsóknin er styrkt af Bygðarannsóknasjóði.

Niðurstöðurnar byggja að mestu á svörum sem fengust við spurningakönnun sem var lögð fyrir í lok síðasta árs. Úr þeim svörum er nú unnið og lokaskýrslu að vænta á næstu mánuðum. Telja samtökin að rannsóknin sé gott innlegg í komandi samtal um fyrirkomulag stuðningskerfisins í landbúnaði.

Á aðalfundinum og í aðdraganda hans fór fram nokkur umræða um nýja búvörusamninga en ákvörðun var tekin um að halda auka-aðalfund sem kæmi til með að vera stefnumarkandi fyrir hönd samtakanna í umræðu og samtali um framtíð stuðningskerfisins í landbúnaði. Þar verði hægt að styðjast við niðurstöður skýrslunnar sem er að vænta um rannsóknina sem Gréta Berggrún vinnur að.

Breytingar á stjórn

Breytingar urðu á stjórn samtakanna en breyting var gerð á samþykktunum í þá veru að stjórn samtakanna skipa nú sjö manns í stað fimm áður. Kosid er til tveggja ára en aðeins sæti Sunnu Þórarinsdóttir var til kosninga fyrir aðalfund. Hún bauð sig fram á ný og hlaut kjör en til viðbótar voru kosin ný í stjórn samtakanna Ingiberg Daði Kjartansson og Ástrós Yr Eggertsdóttir. Fyrir í stjórn voru Steinþór Logi Arnarsson, formaður, Helga Rún Steinarsdóttir, Ísak Jökulsson og Sigurður S. Ásberg Sigurjónsson.

Aðalfundur og ársráttíð fer fram á Vesturlandi á næsta ári. ■



Perlu Króatíu - Split & Dubrovnik

2. – 9. júní 2025

Fararstjórn: Unnur Jensdóttir

Verð 399.900 kr. á mann í tvíbýli

Örfá sæti laus

Í þessari ferð um suðurhluta Króatíu hefjum við leikinn í stærstu borg svæðisins, Split, sem er sannarlega eins og lifandi safn. Seinni hlutann er dvalið í Dubrovnik, Perlu Adríahafsins, sem er ein aðal menningar- og listaborg landsins. Einnig verður haldið í siglingu til fallegu eyjanna Brač og Korcula.

bænda
FERÐIRBókaðu núna á baendaferdir.isSími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



LANDSHÚS
Síðan 2013

**ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**

FOSSAR EINBÝLISHÚS

Uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



Foss nr. 4 – Einbýlishús (180fm)

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

KLETTAR HEILSÁRSHÚS

Klettar eru sterkbyggð hefðbundin timburgrindarhús með rúmgóðu svefnlofti. Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsmíðuð efni. Uppsetning húsanna er afar fljótleg.

Vorpantanir hafnar á öllum húsunum okkar Tryggðu þér pláss!

UPPSETNINGARTEYMI

Vísun á vana uppsetningaraðila með mikla reynslu af húsunum okkar.

EININGAKERFIÐ - Með hagkvæmni að leiðarljósi

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettur 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.

JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðapjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsin



Húsin okkar má finna víða um land



2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Vöðkúptalaðir Keldan

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - www.landshus.is

Öll verð má finna á heimasíðu okkar



LANDSHÚS

Síðan 2013

Svínarækt:

Bændur telja búgrein sína beitta misrétti innan stjórnsýslunnar

– „Það er engu líkara en um aktívisma sé að ræða frekar en faglega nálgun“

Forsvarsmenn stærstu svínabúa landsins eiga í ágreiningi við hið opinbera vegna frárennslis frá framleiðslunni. Umhverfis- og orkustofnun segir óheimilt að losa úrgang úr búfjárframleiðslu í sjó í samræmi við reglur um varnir gegn vatnsmengun. Svínabændurnir, sem hafa viðhaft hreinsunarferla í tvo áratugi, segja áætlaða losun þeirra margfalt minni en losun frá þéttbýli og landeldi. Þeir telja sig því beitta misrétti og telja málið snúast um eitthvað allt annað en umhverfisvernd.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Svínahald lýtur fjölmörgum lögum og reglugerðum. Búgreinin er tilkynningaskyld en allir bændur sem ala dýr til manneldis reka matvælaferli og þurfa því starfsleyfi. Í starfsleyfum er kveðið á um ýmsa þætti starfseminnar, meðal annars mengunarvarnir. Þar á meðal er kveðið á um meðhöndlun mykju og frárennslis.

Langflest svínabú sem hafa nægilegt landrymi dreifa allri mykju og skolvatni úr húsum til áburðar á land í nágrenni sínu. Hins vegar hafa tvö eldri svínabú, sem ekki hafa aðgengilegt land til dreifingar, farið öðruvísi að undanfarna tvo áratugi. Þetta eru svínabú Stjórnugríss í Brautarholti á Kjalarnesi og svínabú Síldar og fisks að Minni-Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd. Í samræmi við starfsleyfi sín hafa þau rekið hreinsivirki sem skilur sundur blaut- og þurrhluta mykjunnar. Þar er þurfnin safnað og dreift eins og öðrum húsdýraáburði. Blauthlutinn fer í gegnum millitank á leið til sjávar. Ef tankurinn er stór á sér stað þar viðbótarfelling á þurfninni og jafnvel svokölluð afnitrún áður en hann rennur út í sjó.

Þau hreinsunarferli sem eiga sér stað á svínabúunum tveimur eru að sögn svínabændanna sem að þeim standa bæði sambærileg og jafnvel betri en gerist og gengur í landeldi og þéttbýli sem bæði hafa heimild til að losa úrgang í sjó, að uppfylltum tilteknum hreinsunarkröfum.

Svínabúin hafa látið óháðan aðila mæla köfnunarefni í frárennslis frá sinni starfsemi. „Sé miðað við svínabúin á Minni-Vatnsleysu þá losar það 5 til 10 tonn af köfnunarefni (N) á ári til sjávar miðað við nýlegar mælingar. Stærri bú geta losað heldur meira,“ segir Sveinn V. Jónsson, framkvæmdastjóri Síldar og fisks.

Hann segir jafnframt að áætluð losun frá fiskeldi á landi sem framleiðir 2.500 tonn á ári sé 100 til 150 tonn af köfnunarefni á ári. „Nú eru víða í uppbyggingu mun stærri landeldisfyrirtæki.“

Þá sé áætluð losun frá 5.000 manna íbúabyggð án matvælaíðnaðar rúmlega 20 tonn af köfnunarefni á ári. „Þá er miðað við að hver einstaklingur gefi frá sér um 12 grömm af köfnunarefni á dag.“


Áformuðu gyltuhús í tveimur sveitarfélögum

Svínarækt félagsins Síld og fiskur samanstendur af gyltubú, sem staðsett er á Minni-Vatnsleysu, þar sem um 540 gyltur eru aldar auk grísaeldis sem fer fram á fjórum stöðum á landinu. Um 70 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu sem vinnur úr aðföngum svínabúsins ýmsar kjötvörur undir merkjum Ali. Að sögn Sveins hefur félagið síðastliðin sjö ár átt í erfiðleikum með staðsetningu á nýjum húsakosti fyrir gyltur.

Fyrirtækið ætlaði að færa gyltuhúsið sitt annað en hefur í tveimur atlöngum þurft að hætta við áform. Fyrst í Ólfusi í nágrenni

Þorlákshafnar þar sem fundinn var staður við lóðirnar Víkursand 7 og 9 en vegna mikilla áforma um fiskeldi á svæðinu þótti staðsetning svínabús ekki heppileg. Þá festi félagið kaup á jörðinni Hólum í Árborg en áform um að byggja þar gyltubú féllu í grýttan jarðveg, meðal annars meðal nágrenna og félagasamtaka, svo fallið var frá þeim áformum og jörðin seld aftur.

Brá félagið þá á það ráð að huga að frekari uppbyggingu á jörðinni Þórustöðum I í Ólfusi þar sem Síld og fiskur hefur rekið svínabú frá 1954.



Teikning / Hlynur Gauti

Áformaði fyrirtækið að byggja þar hús fyrir um 600 gyltur og eru þau að sögn Sveins í samræmi við skipulag Ólfuss og hafa fengið samþykkt bæjarráðs.

„Frá lok árs 2023 hefur þó lítið þokast í þessum efnum þar sem félagið hefur ekki verið að ýta á eftir því,“ segir Sveinn. Ástæða þess að félagið hefur ekki hafið byggingu á nýrri aðstöðu er mikil óvissa með aðstöðu sem félagið er með á Minni-Vatnsleysu.

Ástæðan fyrir að mögulega sé sú staða uppi á Vatnsleysuströnd hefur með meðhöndlun svokallaðs blauthluta að gera.


Vandræðagangur vegna blauthluta

„Drög að nýju starfsleyfi fyrir svínabú Síldar og fisks að Minni-Vatnsleysu voru gefin út í byrjun nóvember 2023 og í desember 2023 var gefið út nýtt starfsleyfi fyrir svínabúin að Minni-Vatnsleysu. Þar var gerð sú umtalsverða breyting að félaginu var bannað að nýta þann

„Kröfur sem okkur eru settar eru oft langt umfram meðalhóf ...“


búnað sem verið hefur starfræktur frá árinu 2001,“ segir Sveinn.

Hann útskýrir að við búin sé rekið hreinsivirki; skiljustöð þar sem allur lífrænn úrgangur ásamt þvottavatni, skolvatni, gegnumrennslisvatni frá vatnsholu og rigningarvatni á svæðinu er safnað saman í brunn. „Því er svo dælt í skilju sem skilur allar fastar agnir sem eru stærri en 0,5 mm frá vökvanum. Fasta efnið er sett í gáma á svæðinu sem fluttir eru til áburðargjafar á tún og akra á



ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn



Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

✉ kristjan@sulurehf.is
🌐 www.sulurehf.is
☎ 669 0803



Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjórnugríss, og Sveinn V. Jónsson, framkvæmdastjóri Síldar og fisks.

Mynd / ál

Suður- og Vesturlandi. Blauthlutinn er leiddur í stóran tank þar sem það er ekki skilst frá í skiljunni botnfellur. Úr þessum tanki er svo hleypt tvisvar til þrisvar í viku þegar sjávarstaða er há en vökvinn rennur um sjávarlög sem er um 160 metra löng og endar á um 5 metra dýpi miðað við stórstreymisfjöru,“ segir Sveinn.

Hann segir undarlegt að nú skuli stjórnsýslan túlka reglur þannig að bannað sé að meðhöndla úrganginn á þennan hátt. Hann bendir á að hreinsistöðin hafi verið byggð árið 2001 í samræmi við lög og reglugerðir og aldrei á þeim 24 árum hafi verið gerðar athugasemdir við það af hálfu eftirlitsaðila eða annarra. „Kerfið sem við höfum unnið eftir er frábært.“

Hann segir að það sem stjórnsýslan fari í raun fram á núna sé að öll mykja sé geymd og flutt á undirlendi til áburðar. Hins vegar er lítið um slíkt ræktarland á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Myndi það þýða tugmilljóna króna uppbyggingu á geymslum sem tækju við um 10–12 tonnum af frárennslinu á dag sem væri hægt að geyma í sex mánuði, eða um 2.000 rúmmetra af geymslurými. Sveini reiknast til að flutningurinn einn, þ.e. rekstur flutningabíls sem flytur svo mikið magn frá búinu, yrði kostnaðarauki upp á um 200.000 krónur daglega. Við það myndi molna hratt undan rekstrargrundvelli búans. Þá setji hann spurningarmerki við umhverfisáhrif slíkra þungaflutninga auk þess sem lyktarmengun myndi aukast við þetta ferli.

Síld og fiskur kærði starfsleyfið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er niðurstaða að vænta á næstu vikum.

Engin frávik eða rannsóknir sem sýna skaðleg áhrif

Svipað hreinsivirki er við svínabú Stjórnugríss á Kjalarnesi. Í september 2022 tilkynnti Umhverfisstofnun félaginu að þörf væri á að endurskoða og uppfæra starfsleyfi þess vegna svínabús fyrirtækisins í Brautarholti. Þar er rekið svínabú fyrir allt að 4.000 eldissvín.

Samkvæmt ákvörðuninni var meginástæða þess að endurskoða þurfti starfsleyfisskilyrði vegna „breytingar á reglum um bestu aðgengilegu tækni“ (BAT) varðandi losun blauthluta frá starfsemi. Losunin samræmdist ekki BAT-ákvæðum sem ganga eingöngu út frá því að húsdýraáburður sé borinn á land en ekki hleypt í vatn.

„Ákveðið var að taka upp starfsleyfið okkar þótt það væri töluvert eftir af starfsleyfistímanum. Það var gert án þess að taka tillit til þess rökstuðnings og athugasemda sem við höfðum. Þessi framkvæmd á losun blauthluta hefur verið viðhöfð þarna síðastliðin tuttugu ár, án frávik og án þess að nokkur sýni eða rannsóknir bendi til þess að þetta hafi nokkur skaðleg áhrif,“ segir Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjórnugríss.

Hann bendir á að hreinsunarferlið fangi langmest af næringarefnum úr mykjunni, svo sem allan fosfór, áður en blauthlutinn fari í sjó. Eftir sem áður komi það ekki í veg fyrir að hluti köfnunarefnis fari í sjóinn. „Hann er þó ekki slæmur í sjálfu sér fyrir sjóinn, heldur hluti af vistkerfinu. Margir sérfræðingar og heilbrigðiseftirlit hafa haldið því fram að köfnunarefni í ákveðnu magni geti út af fyrir sig haft jákvæð áhrif á sjávargróður og annað.“

Blauthlutinn sem fari frá starfsemi svínabúsins út í sjó sé því síst af öllu hættulegri en úrgangur úr öðrum fráveitum og bendir Geir Gunnar á að engin kemísk efni séu í losuninni þeirra, öfugt við það efni sem kemur úr frárennsli þéttbýlisstaða. „Sveitarfélög eru ekki einu sinni með álíka hreinsun og við og losa margfalt á við okkur og þar að auki óskilleg efni sem ekki er að finna hjá okkur.“



„Svínarækt hefur átt undir högg að sækja. Það virðist ekki vera til staðar vilji til að kynna sér hlutina í þessu haldur virðist vanþekking, sem er gróðrarstía ófgahyggju, meira áberandi í umræðunni,“ segir Geir Gunnar. Mynd / ghp

Vilja sitja við sama borð og aðrir

Geir Gunnar segir að fyrirtækið hafi gert athugasemdir við að sitja ekki við sama borð og aðrir hjá Umhverfis- og orkustofnun. „Dæmi eru um útgefin ný starfsleyfi núna, þar sem losun á næringarefnum og öðru er margföld á við það sem við höfum verið að starfrækja.“

Honum finnst því skjóta skökku við að þeim sé bannað það sem öðrum sé leyft. „Svínarækt hefur átt undir högg að sækja. Það virðist ekki vera til staðar vilji til að kynna sér hlutina í þessu haldur virðist vanþekking, sem er gróðrarstía ófgahyggju, meira áberandi í umræðunni. Við erum ekki að fara fram á neitt umfram aðra og höfum aldrei gert. Við framfylgjum öllum lögum og reglugerðum sem okkur eru settar og eru langt umfram aðrar búgreinar á Íslandi. Þarna finnst mér hins vegar einum of langt gengið í mismunum. Þetta mál snýst um eitthvað annað en mengun. Það er ekkert sem sýnir fram á skaðsemi eða einhverja vankanta í okkar starfsemi, síður en svo.“

Stjórnugrís fékk endurskoðað starfsleyfi í lok árs 2024 en í því eru settar nýjar kröfur um meðhöndlun blauthlutans. Í greinargerð með starfsleyfinu kemur fram að stjórnuvaldið, sem nú heitir Umhverfis- og orkustofnun, sé tilbúið að skoða nánar lausnir varðandi hreinsun á blauthluta í samráði við Stjórnugrís en þar lýsir fyrirtækið sig reiðubúið að fjárfesta í frekari hreinsibúnaði, sjálfhreinsandi skilvindu og fleiri síum, til að ná enn meira af næringarefnum úr blauthlutunum. Ekkert liggja þó fyrir hverjar kröfurnar séu eða hvað þurfi nákvæmlega til að sögn Geirs.

Hann telur að meira liggi að baki en mengunar- og umhverfismál því svínaræktin hafi undanfarið þurft að berjast fyrir tilveru sínum á mörgum vígstöðvum. „Það er engu líkara en um aktívisma sé að ræða frekar en faglega nálgun. Mér finnst svolítið sérstakt til þess að hugsa að ef starfsemin væri önnur búgrein eða jafnvel iðnaður, væri það án efa æskilegra þrátt fyrir mun meiri umhverfisáhrif, umfang og jafnvel verri aðbúnað. Það er eitthvað annað en fagleg sjónarmið sem liggja þarna að baki. Þetta snýst ekki um umhverfismál,“ segir Geir Gunnar.

Honum þykir eðlilegt að starfsemi sé mætt af jafnræði innan stjórnsýslunnar. „Okkur finnst oft að okkar búgrein vegið. Kröfur sem okkur eru settar eru oft langt umfram meðalhóf og ekki sambærilegar við það sem gengur og gerist bæði hér og erlendis. Er það ósanngjörn krafa að fara fram á fyrirsjáanleika, jafnræði

og starfsumhverfi sem hægt er að treysta á? Það er og hefur ekki verið þannig og því þarf að breyta“ segir Geir Gunnar.

Ólíkar reglur gilda fyrir svínarækt og landeldi

Starfsemi Stjórnugríss í Brautarholti fellur undir I. viðauka laga um hollustuhætti og mengunarvarnir en fiskeldi fellur undir II. viðauka sömu laga. Því gilda ekki sömu reglur um losun úrgangs samkvæmt svári Umhverfis- og orkustofnunar við fyrirsprungnum Bændablaðsins um grundvöll starfsleyfisskilyrða svínaræktar og landeldis.

„Samkvæmt 38. gr. laga nr. 7/1998 skulu rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–II, tryggja að starfsemi þeirra sé rekin í samræmi við eftirfarandi meginreglur, m.a. að notuð sé besta aðgengilega tækni (BAT) við reksturinn. Stofnunin hefur bent Stjórnugrís á að losun úrgangsins frá svínunum þurfi að vera í samræmi við BAT en það hafa verið gefnar út BAT-niðurstöður fyrir þéttbætt eldi sem hafa verið innleiddar með reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Sömuleiðis hafa verið gefnar út BREF-skýrslur um þau eldi en þar er farið yfir bestu aðgengilegu tækni

„Það er ekkert sem sýnir fram á skaðsemi eða einhverja vankanta í okkar starfsemi, síður en svo ...“

(BAT) og m.a. fjallað um aðferðir til að dreifa húsdýraáburði. Stofnunin telur það ekki samræmast BAT að losa blauthluta svínamykju út í sjó,“ segir í svári Hlínar Gísladóttur, lögfræðings hjá Umhverfis- og orkustofnun, sem síðan segir: „Þar sem fiskeldi fellur ekki undir tilskipun 2010/75/ESB um losun í iðnaði þá hefur Eyrópusambandið ekki gefið út BAT-niðurstöður fyrir þann atvinnurekstur.“

Í svínarækt sé almenna reglan sú að ekkert frárennsli komi frá gripa- og eldishúsum heldur sé því öllu safnað í haughús eða safnþrær til síðari dreifingar samkvæmt starfsreglum um góða búskaparhætti.

Í fiskeldi sé gerð krafa um að frárennsli sé hreinsað samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp. „Það er ekki rétt að fiskeldisfyrirtæki fái að losa sinn úrgang athugasemdarlaust út í sjó heldur er fyrirtækjunum skylt að uppfylla ákveðnar kröfur um losun næringarefna. Til að uppfylla þær kröfur er oftast nauðsynlegt að vera með einhvers konar hreinsibúnað, t.d. tromlusú, sem fangar dauðfisk og fiskimykju/fastefni.“

Þá bætir Hlín við að í reglugerð ESB nr. 1069/2009, sem er löggjöf um aukaafurðir dýra og er innleidd hér á landi, sé húsdýraáburður skilgreindur sem allur skítur og/eða þvag alidýra, annarra en eldisfisks, með eða án undirburðar. ■

Flestir kusu Solis árið 2024 Þökkum viðskiptin Vallarbraut.is



Samkvæmt nýskráningum á vef Samgöngustofu

Landsskipulagsmál:

Ramminn skýr fyrir vernd landbúnaðarlanda

– Bregðast þarf við ógnunum sem komið hafa fram á síðustu árum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Forstjóri Skipulagsstofnunar telur að ógnir við góð landbúnaðarlönd hafi komið fram á síðustu árum og mikilvægt sé að nákvæmari mynd fái af umfangi þessara landa.

Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er ákvæði um breytingar á jarðalögum sem ráðist verði í til að koma í veg fyrir samþjöppun á eignarhaldi jarða og stuðla að nýtingu á ræktarlandi til búrekstrar.

Sveitarstjórnir með ákvörðunarvald um breytta landnotkun

Árið 2021 varð sú breyting á jarðalögum að sveitarstjórnir er falið það hlutverk að taka ákvörðun um breytta landnotkun, það er að veita heimild fyrir því að taka landbúnaðarland úr landbúnaðarnotkun og ráðstafa því til annarra nota við gerð skipulagsáætlana. Fram til þess tíma þurfti sveitarstjórn að leita til þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til að fá heimild til þess.

Að sögn Ólafs Árnasonar, forstjóra Skipulagsstofnunar, tengjast þessi stefnumál beint og óbeint skipulagsmálum. „Í jarðalögum er í fimmtu grein sett fram þau viðmið sem sveitarstjórnir ber að leggja til grundvallar og taka afstöðu til, við ákvörðun um að taka landbúnaðarsvæði úr landbúnaðarnotkun. Viðmiðin eru þau annars vegar, hvort landið sé stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu



Forstjóri Skipulagsstofnunar telur að ógnir við góð landbúnaðarlönd hafi komið fram á síðustu árum. Eitt af stefnumálum nýrrar ríkisstjórnar er að breyta jarðalögum til að koma í veg fyrir samþjöppun á eignarhaldi jarða og stuðla að nýtingu á ræktarlandi til búrekstrar.

Mynd / smh

komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.

Hins vegar mat á áhrifum breyttrar landnotkunar á aðlægt landbúnaðarsvæði, meðal annars hvort hæfileg fjarlægð er milli lands með breyttri landnotkun og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði með nýtingaráformum fyrir möguleg búrekstrarafnot af landinu í framtíðinni.“

Varðveita eigi land til búvöruframleiðslu

Ólafur segir að einnig komi fram í fimmtu grein að ákvörðun um mögulega breytta landnotkun skuli tekin á grundvelli heildstæðs mats samkvæmt skipulagsáætlun og

þeirra sjónarmiða sem fram koma í markmiðum jarðalaga þar sem segir meðal annars að það skuli tryggja eins og kostur er við framkvæmd laganna að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota og að fæðuöryggi sé tryggt til framtíðar.

„Ákvæði jarðalaga eru studd með þeim áherslum sem eru í Landsskipulagsstefnu 2024–2038 varðandi verndun á landbúnaðarsvæði sem hentar vel til ræktunar og sveitarstjórn þarf einnig að líta til. Í þriðju málsgrein fimmtu greinar jarðalaga er jafnframt kveðið á um að við gerð aðalskipulags skuli land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika. Skipulagsstofnun ber ábyrgð á framfylgd þessara lagaákvæða,“ segir Ólafur.



Ólafur Árnason.

Spurður um þá tilhneigingu sem borið hafi á að landbúnaðarjarðir séu keyptar til kolefnisbindingar með skógrækt, segir Ólafur að í aðalskipulagi sé yfirleitt heimilud ýmiss konar atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum önnur en hefðbundinn landbúnaður upp að tilteknu hámarks umfangi. Þá þurfi ekki að breyta aðalskipulagi vegna slíkra áforma.

„Séu áform um umfangsmeiri starfsemi en heimilud eru á landbúnaðarsvæðum þarf hins vegar að breyta aðalskipulaginu og skilgreina viðeigandi landnotkun á umræddu svæði, til dæmis skógræktar- og landgræðslusvæði. Þær breytingar sem við höfum séð fram til þessa vegna slíkra áforma hafa aðeins tekið til hluta af landsvæði viðkomandi jarðar eða frá nokkrum tugum upp í nokkur hundruð hektara. Enn sem komið er höfum við því ekki dæmi um að heilar jarðir hafi verið færðar úr landbúnaðarnotkun en fyrir því eru ekki aðrar takmarkanir en áður segir.“

Sveitarfélög segi til um hvaða nýting er heimil

Spurður um hvort ástæða sé til að óttast samþjöppun eignarhalds á jörðum sem ógn við landbúnaðarlönd, segir Ólafur að burtséð frá eignarhaldi lands sé það því sveitarstjórnar að taka afstöðu til landnýtingar á hverju svæði. Sveitarfélag hafi þar talsvert um að segja hvaða nýting sé heimil, enda fara þær með skipulagsvald og beri ábyrgð á skipulagsgerð. Jafnframt séu ákvæði landbúnaðarstefnu skýr, um verndun landbúnaðarlanda.

„Áhrif samþjöppunar á eignarhaldi eru þó umhugsunarverð fyrir margra hluta sakir, sem á ýmsan hátt tengjast skipulagsmálum.

Svo sem vegna nýtingar lands og auðlinda en einnig í samfélagslegu tilliti.

Ramminn sem settur er utan um þessi mál er nokkuð skýr í jarðalögum og landsskipulagsstefnu. Hins vegar hafa komið upp ýmsar áskoranir á síðustu árum í sveitum landsins sem hafa komið upp til skerðingar landbúnaðarsvæða. Í fyrsta lagi er það svo að skiljanlega getur verið talsverður fjárhagslegur ávinningur af því að taka land úr landbúnaðarnotkun og ráðstafa því til annars. Dæmi um þetta er uppbygging ferðapjónustu. Meðan að ekki er fyrir hendi fjárhagslegur hvati af hálfu stjórnvalda til þess að viðhalda eða vernda úrvals landbúnaðarland er skiljanlegt að til greina komi að nýta land með öðrum hætti, til að mynda til þjónustu við ferðamenn,“ segir Ólafur.

Heildstæð landbúnaðarsvæði minnka

Ólafur nefnir einnig að landverð hafi hækkað, mismikið eftir svæðum, en verulega á ákveðnum svæðum landsins. „Þegar kemur að sölu jarða eða kynslóðaskiptum á þúkjörðum hefur uppskipting lands því aukist verulega á síðustu árum. Afleiðingar verða minni jarðir og jafnvel skikar, sem gerir það að verkum að heildstæð svæði til umfangsmikillar ræktunar minnka. Ásókn í búsetu í dreifbýli hefur líka leitt til uppskiptingar lands í vaxandi mæli, meðal annars af þessum sökum.

Í þriðja lagi er jafnframt orðið mikilvæga en var áður að heimildir aðalskipulags séu skýrari þegar kemur að landbúnaðarsvæðum. Í mörgum eldri skipulagsáætlunum, og þess er einnig dæmi í nýrri aðalskipulagsáætlunum, eru ekki skýr ákvæði um við hvaða aðstæður og í hvaða mæli skógrækt sé leyfileg á einstökum landnotkunarreitum landbúnaðarsvæða eða hvaða önnur ráðstöfun sé þar leyfð án breytingar á landnotkun. Gildir þetta bæði fyrir almenna skilmála um landbúnaðarsvæði og fyrir einstaka reiti,“ segir Ólafur.

Hann bendir einnig á að jafnframt hafi uppbyggingarheimildir á landbúnaðarjörðum aukist verulega á síðustu árum, sérstaklega á Suður- og Vesturlandi.

Gögn skortir um raunverulegt umfang ræktanlegs lands

„Loks er vert að geta þess að gögn hefur skort um hver sé raunveruleg útbreiðsla og stærð úrvals landbúnaðarlanda. Áætlað hefur verið að gott ræktunarland á Íslandi sé 200–600 þúsund hektarar. Þessar tölur eru þó ónákvæmar og þörf er á nákvæmari gögnum til að meta umfang og gæði ræktanlegs lands á landinu. Eitt af framfylgdarverkefnum landsskipulagsstefnu er að kortleggja landbúnaðarland á landsvísu en sú vinna er hafin af hálfu matvæla- ráðuneytisins og Lands og skóga.

Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að nákvæmari mynd fái af umfang úrvals ræktunarlands og til verði gögn um þróun á stærð þess. Þó það sé ekki á starfssviði Skipulagsstofnunar er það samt ljóst að fjárhagslegur hvati til verndunar og viðhalds úrvals ræktunarlands muni jafnframt sporna við skerðingu á slíku landi. ■

Byrjaðu nýja árið með krafti!

Út janúar fylgja 3x 5L brúsar af Aspen 4 eldsneyti með hverjum seldum Cub Cadet eða MTD snjóblásara



Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PÓR H

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

HVAÐ VILT ÞÚ BYGGJA?

Steinullareiningar eru frábært byggingarefni fyrir skemmur, geymslur og fjós



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.

- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Fljótleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

Hafðu samband og kynntu þér úrvalið.

Noregur:

Lambakjöt frá Lofoten verndað afurðaheiti

Lofotlam er þriðja matvaran frá Noregi sem hlýtur verndun ESB samkvæmt landfræðilegri tilvísun. Á bak við afurðaheitið standa 75 sauðfjárbændur frá Lofoten-eyjaklasanum í Norður-Noregi. Lofotlam raðar sér á lista yfir matvæli með vernduð afurðaheiti, eins og fenlár fra Norge (þurkað og saltað lambakjöt) og tørrfisk fra Lofoten (þurkaður saltfiskur).

Viðurkenningin var veitt á alþjóðlegu grænu vikunni í Berlín þann 17. janúar síðastliðinn. Geir Pollestad, ráðherra landbúnaðarmála í Noregi, sagði af því tilefni að þetta væri verðskulduð viðurkenning fyrir sauðfjárbændurna sem framleiða lambakjöt á heimsmælikvarða. Frá þessu greinir Stiftelsen Norsk Mat, samtök matvælaframleiðenda, í fréttatilkynningu.

Vernd afurðaheita (e. *Geographical Indication*) eru



Sauðfé í Lofoten. Mynd / Liga Alksne

auðkennandi merki sem eru notuð til að einkenna vörur sem eiga uppruna frá tilteknu landi eða svæði þegar gæði, orðstír eða önnur einkenni vörunnar tengjast þeim landfræðilega uppruna.

Evrópusambandið stendur á bak við merkin. Vörur sem hafa hlotið vernd afurðaheita eru meðal annars Íslenskt lambakjöt og Parmigiano Reggiano-osturinn. /ál

Þýskaland:

Reynt að koma í veg fyrir frekara smit

Gin- og klaufaveiki hefur greinst í vatnabufflum í Þýskalandi.

Matvælastofnun greindi frá því að 10. janúar hefði greinst gin- og klaufaveiki í þremur vatnabufflum (*Bubalus bubalis*) í sveitum Märkisch-Oderland í Brandenburg í Þýskalandi og hafði þá ekki greinst í landinu í 36 ár.

Gin- og klaufaveiki er einn mest smitandi og alvarlegasti smitsjúkdómur í dýrum en sýkir ekki fólk og því stafar ekki hættu af umgengni við sýkt dýr né neyslu afurða. Öll klaufdýr, þar á meðal nautgripir, svín, hreindýr, kindur og geitur, eru næm fyrir sjúkdómnum.

Sjúkdómurinn hefur aldrei greinst hér á landi en áhyggjur eru af að hann kunni að berast hingað. Bændasamtök Íslands ræða við bændur og ráðherra landbúnaðarmála vegna þessa.



Gin- og klaufaveiki greindist í þremur vatnabufflum í Þýskalandi fyrir skömmu, í fyrsta sinn frá árinu 1988. Gripið var til umfangsmikilla aðgerða til að varna frekari útbreiðslu sjúkdómsins. Mynd / Bundesministerium für Ernährung und Landwirtschaft

Klaufdýr í grennd aflífuð

Strangar ráðstafanir voru gerðar í Þýskalandi til að hindra útbreiðslu veirunnar. Sýktu dýrin voru aflífuð. Engin fleiri dýr hafi veikt og vonir bundnar við að tekist hafi að eyða smitinu.

Viðbrögð við uppkomu veikinnar í Evrópusambandsríkjum og öðrum löndum þar sem hún er ekki landlæg, eru fyrst og fremst að aflífa öll móttækileg dýr í þeirri hjörð sem sýkingin greinist í. Í ofangreindu tilfelli voru einnig öll klaufdýr á búum í eins kílómetra radíus frá þeim stað sem smitið kom upp aflífuð (eitt svínabú og tvö sauðfjárbú, samtals 261 dýr) og öll klaufdýr á búi með faraldsfræðilega tengingu við upprunabú (eitt bú með 55 geitur og nautgripi).

Jafnframt eru fyrirskipuð ýmiss konar höft á tilgreindu svæði umhverfis sýktan stað, m.a. bann við flutningi á dýrum og öllu sem borið getur smitið. Dýr á svæðinu eru skoðuð og smitið rakið. Kostnaður

vegna aðgerða getur orðið gífurlega mikill.

Bundesministerium für Ernährung und Landwirtschaft, þýska matvæla- og landbúnaðarráðuneytið, greinir frá því að Brandenborgarfylki og Berlínarborg hafi, um leið og sjúkdómsins varð vart, sett á algert flutningsbann allra klaufdýra á svæðinu. Það sé mikilvæg ráðstöfun til að færi gefist á að afla viðeigandi þekkingar um faraldurinn og koma þannig í veg fyrir frekari útbreiðslu þessa mjög smitandi dýrasjúkdóms. Dýragörðunum í Berlín og Tierpark var lokað og engin klaufdýr verða sýnd á Berlin Grüne Woche-vörusýningunni 17.–26. janúar.

Flutningur dýra óheimill

Nýlega var gefin út, og birt á heimasíðu Matvælastofnunar, Handbók um viðbrögð við gin- og klaufaveiki. Segir þar að þrátt fyrir að sjúkdómurinn sé yfirleitt ekki banvænn fyrir dýrin sé hann einn

af alvarlegustu sjúkdómnum sem leggjast á búfé. Ástæðan er sú að hann sé mjög smitandi, ekki er hægt að meðhöndla hann og jafnvel þótt veik dýr nái sér, þá verði þau oft fyrir varanlegum skaða.

Sjúkdómurinn valdi miklu efnahagslegu tjóni vegna minni mjólkurframleiðslu, vanvaxtar, aukinnar tíðni fósturláts og aukinnar dánartíðni kálfa, lamba, kíða og grísa.

Stöku tilfelli í Evrópu

Gin- og klaufaveiki er útbreidd í flestum löndum Afríku og Asíu. Tilfelli koma stöku sinnum upp í löndum í Evrópu. Stór faraldur kom upp í Bretlandi árið 2001 þar sem upp komu 2.030 tilfelli sem teygðu anga sína til Írlands, Frakklands og Hollands. Árið 2007 kom einnig upp tilfelli í Bretlandi. Síðast var tilfelli í Evrópu í Búlgaríu árið 2011. Fyrirbyggjandi bólusetning gegn sjúkdómnum hefur verið bönnuð í Evrópu síðan 1992. /ál

Arla:

Hættir með jurtamjólk

Norræna mjólkursamlagið Arla hefur ákveðið að hætta sölu á jurtamjólk í matvöruverslunum í Norður-Evrópu.

Framleiðsla jurtdrykkjanna, sem eru markaðssettir undir vörumerkinu Jörð, hefur skilað tapi undanfarin misseri. Framkvæmdastjóri Arla í Danmörku segir söluuna ekki hafa tekið við sér eins og vonir stóðu til. Frá þessu greinir Jyllands-Posten.

Arla telur tvennt helst skýra lítinn áhuga neytenda á jurtamjólk. Annars vegar leiðir aukin verðbólga til þess að neytendur sýni aðhald í innskaupum og því eigi dýr jurtamjólk erfitt uppdráttar. Hins vegar eru neytendur orðnir áhugasamari um heilbriggt mataræði og búnir að gera sér grein fyrir rýrara næringargildi jurtamjólkur í samanburði við kúamjólk. Framleiðsla á jurtamjólk fyrir hótél og veitingahús mun halda áfram.

Fyrirtækið sem Arla stofnaði í kringum framleiðslu á jurtamjólkinni Jörð hefur tapað samtals 158,2 milljónum danskra króna (3,1 milljarður ISK) frá því það var stofnað árið 2019. /ál



Jurtamjólkinn Jörð frá Arla mun hverfa úr verslunum í Norður-Evrópu.

Samsett mynd / Arla

Veturinn hefur ekkert í Schulte!

PÓR

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



Býflugur og blóm þrífast þar sem ekki er notaður áburður. Mynd / Rebekah Vos

Áburður fækkar frjóberum

Samkvæmt rannsóknum vísindamanna í Bretlandi hefur notkun tilbúins áburðar fækkað frjóberum og blómum.

Með því að auka magn köfnunarefnis, kalíums og fosfórs í jarðvegi fækkar blómum fimmfalt og frjóberum um helming. Býflugur verða fyrir mestum áhrifum, en þær geta verið allt að níu sinnum algengari á svæðum þar sem ekki hefur verið borinn á áburður í samanburði við þau svæði sem fengu hæstu áburðarskammtana.

Framkvæmd rannsóknarinnar var í höndum Sussex- og Rothamsted Research-háskólanna og birtist grein um hana í tímariti á vegum Nature. Jarðræktartilraunin sem gögnin byggja á hefur verið í gangi á sama stað á Englandi frá árinu 1856.

Helstu áhrifin eru þau að

áburður skapar kjöraðstæður fyrir fljótsprottin grös sem kemur í veg fyrir aðgang blóma og annarra grastegunda. Talið er að með fjölbreyttara úrvali af blómum fjölgi frjóberum þar sem sumir hverjir hafa mjög sérhæfðar þarfir og geta ekki nærst á öllum blómum.

Áhrifin eru greinilegust á þeim svæðum þar sem notaður er köfnunarefnisáburður, sem er mikilvægasta áburðarefnið. Þegar notaður er tilbúinn áburður án köfnunarefnis helst fjöldi blóma og frjóbera hlutfallslega há.

Rannsakendurnir segja niðurstöðurnar sýna ákveðinn vanda sem bændur glími við, en frjósemi ræktarlands byggja á notkun tilbúins áburðar. The Guardian greinir frá. /ál

H. HAUKSSON EHF.



Stöðluð stálgrindarhús

35 ÁRA REYNSLA Á ÍSLANDI


1 x lónaðarhurð

2 x Gönguhurð

1 x Gluggi

- Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur
- Úrval lita á þak og vegg
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Reyklosunarplötur á þaki sem hleypa inn birtu
- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja
- Fjöldi annarra stærða í boði

Breidd 16m / Lengd 25,2m
Vegghæð 3,6m - 403 m²



TILBOÐ kr. 24.965.000 m. vsk.

*Tilboðsverð gilda til 01.05.2025

Breidd 9m / Lengd 16,8m
Vegghæð 3,6m - 151 m²




TILBOÐ kr. 11.835.000 m. vsk.

Breidd 11m / Lengd 21,2m
Vegghæð 3,6m - 231 m²



TILBOÐ kr. 16.790.000 m. vsk.

Breidd 14m / Lengd 21m
Vegghæð 3,6m - 294 m²



TILBOÐ kr. 18.979.000 m. vsk.

Breidd 14m / Lengd 25,2m
Vegghæð 3,6m - 353 m²



TILBOÐ kr. 21.690.000 m. vsk.

H. HAUKSSON EHF. Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN



KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ



Tyrolit FSG513P
Malbikssög - bensínknúin
500mm bláð
Sögunardýpt 19,5cm



Tyrolit DME22SU
Kjarnaborstandur
Hám. borunardýpt 160mm




Tyrolit FGE280
Gólfslípivél
Slípiflötur 28cm



Tyrolit VCE2400
lónaðarryksuga 2,4 kW
Hönnuð fyrir gólfslípun



Tyrolit FSE811
Gólfsg - rafknúin
Sögunardýpt 32cm



Tyrolit steinsagarblöð



Tyrolit TS40 Precut
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 16,5cm



Tyrolit Ringsaw TR40
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 30cm



MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurharfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Kjartan Lárusson að dæma á glímumóti á Laugarvatni. Myndir / Antanas Sakinis

Glímueldhuginn Kjartan

Glímusamband Íslands hefur útnefnt Kjartan Lárusson frá Austureyri í Bláskógabyggð sem Glímueldhuga ársins 2024.

Með tilnefningunni vill stjórn Glímusambandsins koma á framfæri þakklæti fyrir framlag þeirra sjálfboðaliða sem gegna mikilvægu hlutverki í glímustarfi á Íslandi.

Byrjaði eftir þrítugt

„Ég er bara mjög stoltur og hræður að vera valinn fyrsti eldhuginn hjá Glímusambandi Íslands. Ég fékk fyrst áhuga á glímu á unglingsárum þegar ég var að fylgjast með frændum mínum, Kjartani og Guðmundi Helgasonum í Haga. Sjálfur byrjaði ég ekki fyrr en ég var orðinn þrítugur, eða árið 1985, að keppa í glímu eftir að hafa verið mikið í blaki, körfubolta og fleiri greinum með Laugdælum. Við urðum til dæmis Íslandsmeistari í efstu deild í blaki árið 1979 og Íslands- og bikarmeistari árið 1980. Auk þess varð ég Íslandsmeistari í körfubolta í þriðju efstu deild 1976,“ segir Kjartan alsæll.

Eignast góða vini

Kjartan segist hafa keppt mikið í glímu frá árunum 1985 til 2007 og oftast verið í verðlaunasetum. „Ég varð meðal annars bikarmeistari



Glímueldhugi ársins 2024 hjá Glímusambandi Íslands, Kjartan Lárusson.

Íslands, fjórðungsmeistari Suðurlands, skjaldarhafi Skarphéðins, Íslandsmeistari í sveitaglímu og í þriðja sæti í Íslandsglímu svo eitthvað sé nefnt,“ segir Kjartan.

Í dag er hann aðallega að dæma á glímumótum. „Það er mjög gefandi starf og mikið af góðu fólki sem maður kynnist og eignast góða vini, bæði dómara, keppendur og annað glímuáhugafólk,“ segir glímueldhuginn. /mhh

Matís:

Sítrónumelissa lengir geymsluþol matvæla

– Býr yfir dýrmætri andoxunarefni

Kryddjurtin sítrónumelissa/hjartafró er talin vera á meðal mögulegra hráefna sem lengt geta geymsluþol matvæla.

Hjá Gróðrarstöðinni Artanga hefur verið unnið að aukinni hagnýtingu kryddjurtu sem ræktaðar eru á stöðinni og er Sigurðis Edda Jóhannesdóttir þar í forsvari. Matís hefur unnið fyrir Gróðrarstöðina að rannsókn á því hvort nota megi rotvörn unna úr jurtum í stað hefðbundinna rotvarnarefna. Nýlega kom út niðurstöðuskýrsla þar sem m.a. er lýst andoxunarefni sítrónumelissu.

Náttúruleg hráefni

Markmið verkefnisins um kryddjurtir var að rannsaka áhrif þeirra á geymsluþol matvæla en mikill áhugi er á hagnýtingu náttúrulegra hráefna í stað rotvarnarefna til að ná viðunandi geymsluþoli matvæla.

Samkvæmt Ólafi Reykdal, verkefnisstjóra hjá Matís, var athyglinni fyrst og fremst beint að einni kryddjurt, sítrónumelissu. Í tilraunum kom í ljós að hún hamlaði gegn vexti örvera við vissar aðstæður. Pressaður safi úr jurtinni var til skoðunar og bauð hann upp á hagnýtingu. Við geymslu á sítrónumelissu og fleiri kryddjurtum við 3-4 °C kom í ljós að skemmdarferlar gengu hægt fyrir sig.

„Ljóst er að sítrónumelissan býr yfir andoxunarefni samkvæmt mælingum í verkefninu,“ segir Ólafur. Andoxunarefnið gegni mikilvægu hlutverki fyrir heilsu, þau sporni gegn myndun skaðlegra efna í líkamanum og dragi úr óæskilegum breytingum.



Hjartafró/sítrónumelissa er til margra hluta nýtsamleg. Hún er full af andoxunarefnum, lengir geymsluþol matvæla og er afbragðsjurt í te- og matargerð. Jurtin ilmar af mildri sítrónu og þykir góð við streitu, kvíða og svefnleysi. Mynd / Pixabay

Ber að þróa í varfærum skrefum

Í verkefninu kom skv. Ólafi í ljós að þættir í sítrónumelissu geta hamlað fjölgun örvera og að jurtin sé því meðal mögulegra hráefna sem geta lengt geymsluþol matvæla.

„Á þessu stigi er þó ekki tímabært að nota sítrónumelissu alfarið í stað rotvarnarefna sem fram til þessa hafa verið nauðsynleg fyrir matvælaöryggi. Þessa þróun ætti að taka í varfærum skrefum og fylgjast með öryggi afurðanna,“ segir Ólafur.

Treysti hollustuímynd

Hann segir jafnframt að hafa megi í huga að notkun sítrónumelissu í matvæli treysti hollustuímynd varanna vegna andoxunarefna, vítamína og annarra næringarefna.

Höfundar skýrslunnar Kryddjurtir – Eiginleikar og áhrif á geymsluþol matvæla eru, auk Ólafs, Óli Þór Hilmarsson, Léhna Labat, Þóra Valsdóttir og Kolbrún Sveinsdóttir. Verkefnið var styrkt af Matvælasjóði. /sá



Við erum með sex verslanir á landinu með mikið úrval af rekstrarvörum og lyftibúnaði fyrir landbúnað, sjávarútveg, matvælavinnslur, byggingariðnað og aðra starfsemi.

HAMPIÐJAN

hampidjan.is/verslun · <https://vefverslun.hampidjan.is>

Reykjavík

Skarfaragötar 4
Sími 530 3333

Ólafsvík

Ólafsbraut 19
Sími 436 1214

Ísafjörður

Suðurtangi 14
Sími 470 0830

Akureyri

Norðurtangi 1
Sími 841 1322

Neskaupstaður

Naustahvammur 49
Sími 470 0807

Vestmannaeyjar

Friðarhöfn
Sími 664 3340



Matís og héraðssamstarfsaðilar styrkja sinn þátt í alþjóðlegum rannsóknum og nýsköpunarverkefnum sem lúta að sjávarútvegi og fiskeldi. Mynd / Pixabay

Rannsóknir:

Um sex hundruð milljónir til íslenskra aðila

Matís og samstarfsaðilar hafa tryggt sér 2,5 milljarða króna í styrki frá rammaáætlun Evrópu um rannsóknir og nýsköpun.

Þrjú alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni sem Matís kemur að hafa verið valin til fjármögnunar af Horizon Europe-rammaáætluninni. Matís fær um 310 milljónum króna úthlutað og innlendir samstarfsaðilar um 270 milljónum króna. Öll snúa þessi verkefni að því að auka sjálfbærni í fiskveiðum og fiskeldi, draga úr umhverfisáhrifum, og gera greinarnar betur reiðubúnar til að mæta áhrifum loftslagsbreytinga, sem og aukinna krafna um að fyrirtæki sýni fram á

á sjálfbærnimarkmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri, að því er fram kemur í tilkynningu Matís.

MarineGuardian-verkefnið hefur það að markmiði að efla sjálfbærar fiskveiðar og stuðla að verndun sjávarvistkerfa í Atlantshafi og Norðurishafi. MeCCAM-verkefnið fjallar um að þróa mótvægis- og aðlögunaraðgerðir fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og aðra hagaðila í Evrópu. Þriðja verkefnið sem Matís kemur að ber nafnið OCCAM og er systurverkefni MeCCAM, þar sem því er ætlað að styðja fiskeldisíðnaðinn við mótvægisáðgerðir og aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga. /sá



FRÁ VERKSMIÐJU Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Stöðluð hús með ótal
aukahlutum í boði

Verðreiknivél

Skannaðu kóðann eða
kíktu á modulus.is

36 m² frá 13.890.000 kr. án vsk

58 m² frá 19.890.000 kr. án vsk



SUMAR 2025

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt störf sumarið 2025.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á
landsvirkjun.is/sumarstorf2025



Norrænt samstarf:

Kraftur í nýnorrænni matargerð

– Norræna eldhúsið kallist á við nútímann

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is



Blásið hefur verið nýju lífi í nýnorræna matargerðarhreyfingu í takt við nýja tíma.

Stefnuyfirlýsing tólf þekktra matreiðslumanna frá öllum Norðurlöndunum árið 2004, um nýja norræna matargerð, markaði upphaf að breytingum á norrænni matarmenningu. Í henni var áhersla lögð á kraft náttúrunnar, gæði matvæla úr nærumhverfi og birt tíu viðmið sem áttu að vera leiðbeinandi fyrir bragðgóða, árstíðabundna, heilnæma og sjálfbæra matargerð, þvert á norræn landamæri.

Stefnuyfirlýsing matreiðslumanna var afhent Norrænu ráðherranefndinni sem setti í kjölfarið hugtakið nýnorrænan mat á pólitíska dagskrá. Markmiðið var, og er enn, að þróa nýjan norrænan mat frá hugmyndafræði yfir í lífsstíl sem er betri fyrir náttúruna, íbúana og norrænt samfélag í heild.

Enn glímt við það sama

Sagt er frá því á vefsíðu Norræns samstarfs að frumkvöðullinn og mataraðgerðasinninn Claus Meyer, sem var drifkrafturinn á bak við stefnuyfirlýsinguna, leggi áherslu á mikilvægi þess að fá næstu kynslóð kokka, leiðtoga í matargerð og félagasamtök til að taka þátt í að efla norræna matargerðarhreyfinguna og framlag hennar til sjálfbærs og heilbrigðs matarumhverfis á Norðurlöndum.

„Þrátt fyrir að yfirlýsingin um nýnorræna eldhúsið, og hreyfingin sem varð kveikjan að henni, hafi haft mun meiri áhrif en við gátum ímyndað okkur, eru margar áskorananna enn þær sömu en aðrar nýjar eru nú skýrari. Við höfum ekki enn umbylt matarvenjum



Urbætur í framleiðslu, að draga úr matarsóun og breytingar á mataræði okkar er sagt nauðsynlegir þættir í endurnýjun norræna matvælakerfa og hins nýnorræna eldhúss.

Mynd / Yadid Levy-Norden.org

okkar á Norðurlöndum þannig að við getum skapað matvælakerfi og matarmenningu sem eru raunverulega lífvænleg,“ segir Claus Meyer.

Nútíminn kalli á nýja hugsun

Nú, tuttugu árum eftir útkomu stefnuyfirlýsingar matreiðslumanna, eru áskoranir á borð við loftslagsvandann og þverrandi kunnáttu almennings í matargerð sagðar kalla á nýjar aðgerðir. Var því blásið til tveggja daga ráðstefnu í Malmö í Svíþjóð undir lok síðasta árs. Þangað var 65 áhrifaadilum úr öllum greinum norræns matvælaíðnaðar boðið og „leitað lausna á nokkrum af helstu úrlausnarefnum samfélagsins – allt frá loftslagsvandannum til þverrandi

Ný norræn matargerð

Áætlunin Ný norræn matvæli miðar að því að hefja verkefni, greiða fyrir þeim og samhæfa starf sem byggist á stefnuyfirlýsingunni um Ný norræn matvæli. Norræna ráðherranefndin hefur komið að verkefninu frá upphafi. Strax í upphafi var ein af grunnhugmyndunum að virkja sem flesta í vinnu við að skilgreina norræna matargerð og metnað hennar Bændur, matvælaframleiðendur, stjórnmalamenn, heimilisfræðikennarar, embættismenn, matvælafræðingar, sælkerakokkar og neytendur hafa allir hjálpað til við að móta norræna matargerð.

kunnáttu í matargerð,“ eins og segir á vefsíðu Norræns samstarfs. Næsta kynslóð áhrifavalda í heimi matargerðar og hagsmunaaðilar í allri virðiskeeðjunni hafi komið saman til að vinna að sjálfbærri og viðnámsþolinni framtíð á Norðurlöndunum og víðar. Niðurstöður ráðstefnunnar eru sagðar verða kynntar innan skamms.

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, Karen Ellemann, sagði á ráðstefnunni að pólitískt forgangsmál ráðherranefndarinnar væri að tryggja sjálfbær og heilnæm matvælakerfi á Norðurlöndum. „Þess vegna styðjum við að sjálfsögðu áframhaldandi starf og þjervorræna kynningu á norrænni



Claus Meyer.

matargerðarhreyfingu sem var bylting í norrænni matargerð. Það er hreyfing sem er góð fyrir lýðheilsu, samkeppnishæfni, umhverfið og loftslagið,“ sagði Ellemann.

Þrjár meginaðgerðir

Kim Kielsen, sjávarútvegs- og veiðimálaráðherra Grænlands og einn þátttakenda á ráðstefnunni, benti á að bæði matvælakerfi og neysluvenjur væru mjög mismunandi á milli norrænu landanna. Hann sagði mat úr heimabyggð ekki aðeins vera fyrir magann heldur nærði hann einnig andann. Um matarsóun sagði Kielsen að vera ætti markmið allra að nýta allt það sem fólk tæki úr náttúrunni, til þess að koma í veg fyrir og lágmarka matarsóun.

Þá sagði Elin Rös, vísindamaður við sænska landbúnaðarháskólann og sérfræðingur í sjálfbærum fæðukerfum, að ekki væri um neina skyndilausn að ræða en þrjár aðgerðir myndu einkum ráða úrlitum: Urbætur í framleiðslu, að draga úr matarsóun og breytingar á mataræði okkar. „Þótt norrænu löndin standi frammi fyrir mismunandi úrlausnarefnum í tengslum við virðiskeeðju matvæla er margt sem varðar óhagkvæmar neysluvenjur okkar sem við getum tekist á við í sameiningu,“ sagði Rös jafnframt. ■

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2025

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2025. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land. Framkvæmdasjóður aldraðra starfar samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð nr. 468/2014.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fer með stjórn sjóðsins og gerir tillögur til heilbrigðisráðherra um úthlutun úr honum. Vísað er til reglugerðarinnar varðandi upplýsingar um þau verkefni sem heimilt er að veita framlög til, afgreiðslu umsókna og reglur varðandi framlög.

Vakin er athygli á að umsækjendum er gert að sækja um rafrænt og er umsóknarformið, ásamt nánari upplýsingum, aðgengilegt á vef heilbrigðisráðuneytisins <https://hrn.is> og umsóknareyðublöðin á <https://minarsidur.stjr.is>.

Mikilvægt er að vanda til umsókna og skila nauðsynlegum upplýsingum og fylgiskjöllum innan tilskilins frests. Ekki verður tekið við umsóknum eftir að umsóknarfrestur er liðinn. Umsóknum ber að skila í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 mánudaginn 24. febrúar 2025.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra



FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

STYRKIR 2025

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008, með síðari breytingum. Megínhlutverk sjóðsins er að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

Umsóknarfrestur um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2025, er til og með 1.mars 2025. Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Athugið breytt umsóknarferli

Sótt er um styrkveitingu úr Fiskræktarsjóði rafrænt á heimasíðu Fiskistofu í gegnum umsóknagátt. Umsóknina má finna á www.fiskistofa.is undir þjónusta og velja þar „Fiskræktarsjóður“.

Einungis verður tekið við umsóknum í gegnum umsóknagáttina. Hvorki verður tekið við umsóknum í tölvupósti né á pappírformi.


Á heimasíðu Fiskistofu má nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann Fiskistofu, í síma 569-7900.

Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



Færanlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús



BYGGJUM BETUR



Er hjarta- stuðtæki á þínum vinnustað?

Hjartastuðtæki ættu
að vera staðalbúnaður í öllum fyrirtækjum.
Hafðu samband!

FASTUS
HEILSA

Höfðabakki 7, 110 Reykjavík | +354 580 3900 | fastusheilsa.is



Myndirnar eru teknar í október 2024 þegar hópurinn fór norður til þess að setja upp mælitæki og gera fyrstu skannanir. Meðal annars voru Tyrfringsstaðir heimsóttir en þarna standa þau Sigríður Þorgeirsdóttir, forvörður í munasafni Þjóðminjasafns Íslands, Ágústa Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar hjá Þjóðminjasafninu, Kathryn Ann Teeter, doktorsnemi í umhverfisfræði við Háskóla Íslands, Sigurður Marz Björnsson, bóndi á Tyrfringsstöðum, Helgi Sigurðsson, Fornverki ehf. og Björn Marteinnsson, arkitekt og verkfræðingur.

Myndir / Dórotea Höeg Sigurðardóttir

Byggingarlist:

Varðveisla torfbæja

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Eitt elsta dæmi um byggingarlist héraðs, hluta af menningu Þjóðarinnar, er torfbærinn.

Manfræð Vilhjálmsson arkitekt, ötull talsmaður íslenskrar menningar á árum áður, kom þessari skoðun á framfæri, enda byggingarlist skilgreind sem listin að reisa hús eftir vissum reglum. Þetta var í kringum 1970 en þá þótti mörgum Íslendingar fátækir af listrænum arfi.

Þætt varðveisla nauðsynleg

Á síðasta ári hófst samstarfsverkefni Þjóðminjasafnsins og Háskóla Íslands að bættari varðveislu þessa menningararfs og eru rannsóknir í höndum ýmissa sérfræðinga á sviði byggingarverkfræði og varð-

veislu bygginga. Dórotea Höeg Sigurðardóttir, lektor við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, er ein þeirra en hún er verkefnastjóri verkefnisins sem styrkt er af Rannís.

Hún segir verkefnið ætlað til að auka skilning á byggingareðlisfræði og burðarþoli torfbæja. Markmiðið sé að auka skilvirkni og árangur af viðhaldi og bæta varðveislu þeirra en á Íslandi er stærsta varðveitta safn slíkra húsa í heiminum.

„Bæirnir sem við erum að skoða núna í upphafi verkefnis eru í eigu Þjóðminjasafnsins, en þetta eru Keldur á Rangárvöllum, Laufás í Eyjafirði og Grenjastaður í Aðaldal. Við sjáum fyrir okkur að bæta svo við Þverá í Laxárdal og Selinu í Skaftafelli,“ segir Dórotea. Með henni starfa Kathryn Ann Teeter, doktorsnemi í umhverfisfræði við Háskóla Íslands, Björn Marteinnsson, arkitekt og verkfræðingur, Ágústa

Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri safneignar hjá Þjóðminjasafninu og Alma Sigurðardóttir, sérfræðingur húsasafns hjá Þjóðminjasafninu.

Mælingar hitastigs og raka forvitnilegar

„Í verkefninu verða inni- og úti- aðstæður (hitastig og raki) mældar auk þess sem fylgst verður með rakainnihaldi torfsins og hreyfingum í timburgrindinni. Samhliða þessum mælingum verða efniseiginleikar torfsins rannsakaðir í rannsóknarstofu, m.a. jafnvægisraki og úþornunartími. Umhverfisaðstæðurnar, rakinn í torfinu og efniseiginleikarnir verða nýttir til þess að byggja tölvulíkan sem getur lýst byggingareðlisfræðilegri hegðun torfbaksins og til viðbótar verður greining á þrívíðum punktskýjum notuð til þess að rannsaka hreyfingar í timburgrindinni



Dórotea Höeg Sigurðardóttir niðursokkin í athugun nýuppsettra mæla dúnhússins í Laufási.

Mynd / Ágústa Kristófersdóttir



Björn kemur raka- og hitamæli fyrir í torfbakinu yfir dúnhúsinu í Laufási.



Björn og Kathryn fylgjast með þegar Sigurður M. Björnsson á Tyrfringsstöðum útskýrir lögun úthorns.



Kathryn stendur við skannann í dúnhúsinu í Laufási.

Öruggar lausnir alla daga óháð ári

Haltu vinnusvæðinu heitu og rakalausnu og leyfðu okkur að hjálpa þér upp
Veldu góðar lausnir á frábæru verði!



VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Skoðaðu
úrvalið til sölu
og leigu á
vpallar.is

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 557 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

sem ber torfið,“ segir Dórotea, sem bendir á að torfbærir eru í dag safngripir sem þarf að gæta.

„Það væri í framhaldinu forvitnilegt að geta skoðað óþiljuð hús á borð við útihús eða skemmur sem ekki er eins vel við haldið heldur eru sem kallast hrárrí húsa. Þá húsa sem eru ekki loftræst eða sérstök gæsla höfð á hitastigi.“ Það sé þó ekki á döfinni sem stendur en aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér.

Líkt og í dag þarf að sinna húsakynnum sínum

Hvað varðar bæi sem standa án sérstaks utanumhalds Þjóðminjasafnsins eru þeir til og þá helst á Norðurlandi. Veðurfar á norðanverðu landinu hefur gegnum árin verið kaldara og þurrara og minna um umhlepningar sem annars hefðu áhrif á byggingarefni bæjanna.

Dórotea segir að þó búseta í torfbæ sé ekki æskileg í dag gátu bæirnir vel sinnt sínu hlutverki ef regluleg endurnýjun var með góðu móti. „Fólk sem var duglegt að fylla í rifurnar þegar fór að leka og gætti að almennu viðhaldi hafði í höndunum meðfærilegt efni sem er moldin og torfið. Ef veggurinn seig var hægt að bæta ofan á hann lögum. Þetta á þó jafnvel við í dag og þá, sumt

húsnæði er vel byggt og því sinnt á meðan önnur grotta niður án nokkurs eftirlits. „Við höfum verið að grafa svölutið í skjallasafn Þjóðminjasafnsins til þess að finna upplýsingar um torfbæi héraðs, bæði skýrslur og annað. Það hefur gefið okkur ágætis yfirlit yfir búsetu fólks og byggingar,“ segir Dórotea. „Þetta er þó ekki heildstætt og við enn í byrjunarfásanum, en það væri gaman að geta sett saman ítarlegt yfirlit fyrir komandi kynslóðir.“

Ástæða þess að sumir töldu torfbæi ekki falla undir byggingarlist eða menningu áður fyrr er að það fylgdi því nokkur skömm að búa í moldarkofa í upphafi 20. aldarinnar. Menn gátu eiginlega ekki jafnað þá nógu hratt við jörðu,“ segir Dórotea. „En þetta er auðvitað eithvað sem þarf að varðveita, bæði sem menningarverðmæti og hluta af sögunni okkar. Við þurfum þó ekki að vera með tugi torfbæja-sérfræðinga heldur fínt að vera með einn og einn sem sinnir þessari gæslu fyrir komandi kynslóðir.“

Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar á íslenskum torfbæjum enda eiginleikar torfs sem byggingarefni að nokkru óþekkt. Að svo stöddu er áætlað að verkefnið sjálft verði til þriggja ára. ■

Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir

Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K4000 Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400 LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna K7000 Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg



Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Borgarfjörður:

Ungt fólk tekið við Hrísum

– Röð tilviljana og áskoranir urðu til þess að leiða þau á þennan stað

Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is



Pétur Snær Ómarsson og Ástrós Ýr Eggertsdóttir keyptu sauðfjárbúíð Hrísa í Borgarfirði í lok síðasta árs. Þetta var önnur jörðin sem þau tóku við á árinu, en stór galli á fasteignum þeirrar fyrri varð til þess að þau létu kaupin ganga til baka. Fyrir tilviljun komust þau að því að fyrri ábúendur á Hrísum voru að leita að arftökum.

Ástrós Ýr Eggertsdóttir og Pétur Snær Ómarsson tóku við sauðfjárbúinu á Hrísum í Flókadal í Borgarfirði í byrjun desember á síðasta ári. Þar bjuggu áður Þórdís Sigurbjörnsdóttir og Dagbjartur Dagbjartsson. Ástrós er þrjú og Pétur 24 ára og saman eiga þau eins árs dóttur, Berglindi Lilju. Leið unga parsins í búskap hefur ekki gengið þrautalaust fyrir sig, en á árinu 2024 fluttu þau fimm sinnum og voru Hrísar önnur jörðin sem þau tóku við.

Ástrós og Pétur segjast bæði hafa dreymt um að gerast bændur síðan í æsku, en Pétur tekur fram að hann hafi viljað vera sauðfjárbóndi frá því hann man eftir sér. Ástrós menntaði sig á sviði íþróttablaðamennsku í Englandi og starfaði sem íþróttafréttamaður hjá Vísi um nokkurra ára skeið. Hún segist hafa fengið nóg af því að búa í Reykjavík og því hafi hún farið í nám á Hvanneyri. Ástrós er alin upp í Skeiða- og Gnúperverjahreppi og er Pétur úr Borgarfirði.

Fundu jörð fyrir norðan

Þau vöktuðu auglýsingar á fasteignasölu um árabíl, en Pétur segist helst hafa viljað kaupa bújörð í rekstri þar sem erfitt sé að byggja upp frá grunni. Á seinni hluta ársins 2023 var jörð í Austur-Húnavatnssýslu auglýst sem þau töldu sig ráða við að kaupa, en þar var starfandi sauðfjárbú og nautgripaeldi. Ungu parinu tókst að semja um kaup á þeirri jörð sem gengu í gegn síðasta vor.

Tilviljun réði því að Ástrós og Pétur hittu Þórdísi og Dagbjart, bændur á Hrísum, á förnun vegi í Borgarnesi rétt eftir að þau höfðu skrifað undir kaupsamninginn á áður nefndri jörð fyrir norðan. Pétur hafði kynnst þeim eftir að hafa sinnt rúningi á þeirra fé og barst í tal að Þórdís og Dagbjartur væru farin að huga að því að selja Hrísa. Eldri bændurnir spurðu unga parið hvort þau hefðu ekki áhuga á að taka við, en það samtal var ekki tekið lengra þar sem Ástrós og Pétur höfðu sett stefnuna norður.

Mygluskemmdir í íbúðarhúsinu

Um leið og Ástrós og Pétur tóku við eigninni í Austur-Húnavatnssýslu sáu þau stóran rakablett á gólfdukkum í einu herbergi íbúðarhússins. „Eftir að við sáum þetta fórum við að leita betur og fundum helling á öðrum stöðum þar sem var raki. Við fengum því vinafólk okkar sem var að koma daginn eftir til að koma við í Húsasmíðjunni og kaupa myglupróf,“ segir Ástrós. Sýnin sem þau tóku sýndu að mygla var útbreidd. Ástrós segir að dóttir þeirra hafi verið sex mánaða á þeim tíma og þau hafi ekki viljað búa í húsnæði með mögulega heilsuspillandi myglu. Ungu parið var í húsinu í þrjá daga, en sveitarfélagið



Ástrós Ýr Eggertsdóttir og Pétur Snær Ómarsson ásamt eins árs dóttur sinni, Berglindi Lilju. Þessi unga fjölskylda tók við sauðfjárbúinu að Hrísum í Flókadal í lok síðasta árs. Þetta er önnur jörðin sem þau keyptu á árinu, en þau þurftu að rifta kaupsamningi þeirrar fyrri eftir að fasteignirnar reyndust skemmdar.

Myndir / ál

gat útvegað þeim dvalarstað skammt frá.

Þau höfðu samband við fasteignasölu og tilkynntu að þau hefðu fundið alvarlegan galla á eigninni og báðu um að fá matsmann þar sem þau töldu tjónið verulegt og að þau ættu rétt á bótum til að standa undir viðgerðarkostnaði. Sem varakost sögðust Ástrós og Pétur vilja láta kaupin ganga til baka. Seljendurnir vildu ekki gangast við bótgreiðslum og var því farin sú leið að bjóða öðrum að taka yfir kaupsamninginn, en fólk sem hafði sýnt jörðinni áhuga í upphafi var enn áhugasamt.

Bændur í nokkrar vikur

Ástrós og Pétur voru hins vegar búin að taka við öllum skyldum sem fylgdu búrekstrinum og sinntu því heyskap og skepnuhaldi þetta sumar, enda var ekki orðið ljóst á þeim tíma hvort þeim tækist að losa sig undan kaupunum. Meðan á þessu stóð hafði Pétur samband við Þórdísi á Hrísum til þess að athuga hvort þau væru enn þá að leita að kaupendum að búinu, sem var raunin. Um verslunarmannahelgina fóru Ástrós og Pétur aftur að norðan og tóku hinir við jörðinni sem höfðu sýnt áhuga í upphafi.

Ungu parið fékk inni í húsnæði í Skorradal sem vinafólk gat lagt til tímabundið. Um leið og þau fluttu aftur í Borgarfjörðinn hófust viðræður við bændurna á Hrísum. Samningar voru langt komnir í lok sumars og fór haustið í að undirbúa ábúendaskiptin og varði Pétur miklum tíma með Dagbjarti og Þórdísi til að læra á landið og aðstöðuna.

„Ástæðan fyrir því að við gátum keypt þetta var að [Þórdís og Dagbjartur] vildu halda



Pétur hefur viljað vera sauðfjárbóndi frá því hann man eftir sér. Hann er Íslandsmeistari í rúningi.

þessu í byggð og voru tilbúin til að selja þetta á raunhæfu verði fyrir okkur. Þau hefðu getað fengið miklu meira,“ segir Ástrós. Hrísar voru aldrei auglýstir.

Pétur bætir við að það sé skiljanlegt að fólk velji frekar að selja fjársterkum aðilum sem eru tilbúin til að kaupa jarðir á háu verði. En til þess að bú haldist í rekstri segir hann nauðsynlegt að bændur taki á sig að selja næstu kynslóð á verði sem hún ræður við.

Þakklát fyrir Byggðastofnun

Ungu parið fjármagnaði kaupin í gegnum

Byggðastofnun eftir að hafa byrjað á því að reyna að fá lán hjá almennum viðskiptaböndum. „Sauðfjárrækt er vonlaus í augum bankanna,“ segir Pétur og tekur fram að það sé gott að hafa þessa stofnun, þó svo að hlutirnir þar gangi stundum hægt. Parið tekur fram að fjárhagsleg aðstoð frá foreldrum þeirra hafi verið nauðsynleg til að brúa bilið, en þau töpuðu nokkurri fjárhæð fyrir norðan, bæði í beinum útgjöldum sem fengust ekki endurgreidd og óbeinu tapi við að vinna þar launalaust.

Að þessu sinni fengu Pétur og Ástrós fagmann til þess að skoða ástand íbúðarhússins á Hrísum til þess að fullvissa sig um að allt



Berglinda Lilja, eins árs, fær að fylgja foreldrum sínum í fjárhúsinu.



Á Hrísum eru 500 kindur.



Fjárhúsin að Hrísum voru byggð árið 2008.

5 hlutir sem Pétur og Ástrós geta ekki verið án



1. Dúkahnífurinn: Til þess að skera plastið utan af heyrúllunum.



2. Sexhjólíð: Það er sérstaklega nýtsamlegt í smalamenskum og gírðingavinnu.



3. Dráttarvél: Þarfabing í heyskap.



4. Liðléttingurinn: Með honum eru sóttar rúllur og gefið inni í fjárhúsum.



5. Internetið: Ekkert farsímasamband er í fjárhúsunum eða íbúðarhúsinu og því gott að geta hringt í gegnum netið.

væri í lagi. Þau brýna fyrir ungum fasteignakaupendum að hafa þetta í huga til þess að lenda ekki í sömu vandræðum og þau við kaup jarðarinnar fyrir norðan.

Í lok nóvember var búið að ganga frá öllum lausum endum, nema að unga parið átti eftir að fá veðskuldabréfið frá Bygðastofnun í hendurnar, en það er sent með bréfpósti. „Við vorum orðin svolítið óþreyjufull að skrifa undir kaupsamning, af því að við vildum fara að taka við til að geta farið að sæða og svoléiðis, þannig að Pétur ákvað að keyra á Sauðárkrók og sækja bréfið,“ segir Ástrós.

Eigendaskiptin gengu í gegn í byrjun desember og fluttu Ástrós og



Hrísar eru innarlega í Flókadal í Borgarfirði. Þar bjuggu áður Þórdís Sigurbjörnsdóttir og Dagbjartur Dagbjartsson.



Til þess að geta stjórnað fóðruninni er hluti heysins gefinn með höndum.



Meginhluti fóðursins er gefinn í gjafagrindum sem spara vinnu.

Pétur að Hrísum 15. þess mánaðar á meðan Dagbjartur og Þórdís fluttu í Melahverfið í Hvalfjarðarsveit. „Af því að það hefur verið svo mikið rót á okkur var öll búslóðin ofan í kassa þannig að flutningarnir voru okkur tiltölulega auðveldir. Þetta voru fimmtu flutningarnir á árinu 2024,“ segir Ástrós.

Nútímaleg fjárhús og 500 kindur

Jörðin Hrísar er samtals þúsund hektarar og eru ræktuð tún 30 hektarar. Á bænum eru 500 kindur og eru þar nútímaleg fjárhús byggð árið 2008. Þar eru jafnframt eldri útihús sem Pétur og Ástrós sjá fram á að geta innréttað ef þau vilja stækka bústofninn.

Ástrós og Pétur eru bæði búfræðingar og Pétur búinn með grunnám í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ástrós er jafnframt í framhaldsnámi í búvísindum sem hún stefnir á að klára í ár. Þau tóku saman þegar þau voru bæði starfsmenn á búum skólans sumarið 2020. Pétur er Íslandsmeistari í rúningi og ætlar að halda áfram á þeim starfsvettvangi ásamt því að sinna einhverri vélaverktöku. Ástrós reiknar með að hún muni sækja vinnu að einhverju leyti utan bús þegar hún verður búin í náminu.

Parið segir ákveðna kosti felast í því að vera í sauðfjárbúskap í samanburði við kúabúskap. Þó svo að tekjurnar séu lægri er bindingin minni og auðveldara að fá afleysingu.

„Ef þú ert í þeirri stöðu að geta búið sem bóndi án þess að vera í aukavinnu þá stjórnarðu tímanum þínum mjög mikið sjálfur,“ segir Ástrós. „Ég held að þú fái miklu meiri ánægju af þessari vinnu heldur en að vera

á skrifstofunni frá níu til fimm og stimpla eitthvað inn í tölvuna,“ heldur hún áfram. Það sé jafnframt mikill kostur að búa úti á landi og þurfa ekki að vera fastur í umferð í klukkutíma á dag.

Pétur bætir við að það sé eins gott að það séu margir sem hafi áhuga á því að gerast bændur til þess að framleiða mat. „Af því að þetta er ekki beint það gáfulegasta sem er hægt að gera,“ segir hann glettinn. ■

BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundurgreina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.


Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.



Ástrós er með bakgrunn úr fjölmiðlafræði og starfaði áður sem íþróttafréttamaður.





Dæmi um gólfmottuhönnun fyrir lokaða flóra, þar sem hönnunin tryggir að hland hreinsast hratt frá og rennur í safntank.

Myndir / Aðsendar

Hægt að bæta verulega ammoníaksnýtingu fjósa

Hvort sem það er nú sanngjarnt eða ekki, sérstaklega þegar horft er til flutninga á vörum og fólki um allar köppagrundir, þá eru kýr oft gerðar að umtalsefni þegar kemur að tali um sótspor. Fyrir vikið hafa vísindamenn um allan heim unnið að alls konar lausnum svo unnt sé að draga úr sótspori nautgriparæktar.

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Vegna þessarar vinnu við rannsóknir á aðferðum til að minnka sótspor kúabúa koma reglulega fram nýjungar sem eru áhugaverðar fyrir kúabændur að því leyti að þær bæta nýtingu aðfanga og/eða afurða. Verður hér fjallað um nokkrar hugmyndir sem hafa komið fram og eiga að geta dregið úr uppgufun á ammoníaki frá fjósum, og um leið aukið áburðargildi búfjáraburðar.

Gólfíð

Eitt af því sem bændur geta gert til þess að draga úr losun á ammoníaki frá fjósum sínum er að horfa sérstaklega til gólfgerðarinnar sem er notuð. Fjós með haughúsi eða stökkakerfi eru mjög opin, þ.e. oftast eru rimlar yfir þessum hauggeymslum, og upp úr þeim gufar ammoníak. Erlendis hefur mikil vinna verið lögð í að finna leiðir til þess að draga úr þessari uppgufun, m.a. með sérstaklega hönnuðu gólfkerfi sem lokar vel á uppgufun ammoníaks en um leið er ákjósanlegt fyrir skepnur þ.e.

þegar horft er til dýravelferðar. Í raun snýst verkefnið um það að draga úr yfirborðinu sem loft getur leikið um og þar með minnkar uppgufunin „sjálfkrafa“. Þeir sem eru með lokaða flóra eru í raun betur settir en hinir með haughús undir eða stokka en þó eru til lausnir fyrir allar fjósgerðir.

Gólfmottur

Í dag eru í boði margt konar gerðir af gólfmottum sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á ammoníakslosun frá gólfi undir nautgripum. Fyrir lokaða flóra, þ.e. flóra sem þarf að skafa reglulega, eru til gólfmottur sem leiða hland frá gólfinu hratt og örugglega en það dregur úr losun ammoníaks. Svona mottur geta verið hallandi eða með

rásum og leiða þá hlandið að rennu, sem svo liggur að einhvers konar söfnunartanki.

Hlandrennur

Fyrir utan það að draga úr yfirborði fjósgólfanna, til að minnka uppgufun ammoníaks, þá þarf að vera til staðar söfnunarkerfi fyrir hlandið. Í raun eru til margar aðferðir til þess að koma hlandi frá þeim stað sem það fellur til og yfir í lokaða geymslu en líklega er algengast í dag, í fjósum víða um heim, að veita því í eins konar rennum frá gólfinu og að geyslustað (sjá mynd).

Kúaklósett

Undanfarin ár hafa komið fram alls konar nýjungar sem miða að því

sama, þ.e. að finna leiðir til þess að draga úr losun ammoníaks frá fjósum en líklega er engin þó eins framandi og svokallað kúaklósett frá fyrirtækinu Hanskamp! Kerfið byggir á því að vera með sérstakan söfnunarbúnað sem er settur upp á kjarfóðurbása í fjósum. Kerfið virkar þannig að kýrnar fara inn í kjarfóðurbása, til þess að fá þar aukaskammt af tilbúnu fóðri, og þegar þær eru komnar inn í básana fer lokunarbúnaður niður aftan við kýrnar og á búnaðinum eru eins konar fötur sem safna því sem til fellur á meðan kýrnar éta! Með þessu móti er hægt að minnka það magn af mykju sem annars myndi falla á gólf fjósanna og safna þannig saman bæði skít og hlandi og koma beint í söfnunartanka. Samkvæmt upplýsingum á

Hiýtt í vetur

Frí sending



Denver hly vetrar úlpa
Kr. 18.900



Olympia Merino ullarbolur
Kr. 7.890



Olympia Merino ullarbuxur
Kr. 6.990




Rafhitað vesti karla og kven snið
Kr. 21.790



Rafhitað vesti padded karla og kven snið
Kr. 28.900

Vesturröst


Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is



Með því að minnka yfirborð mykjunnar er hægt að draga úr uppgufun ammoníaks frá henni.



Fyrir bændur sem eru með gólfbita á göngusvæðum eru líka til lausnir sem einnig draga úr uppgufun ammoníaks og þá eru það fyrst og fremst gólfmottur sem eru með færri og/eða minni op en eru fyrir á milli gólfbitanna. Hönnun slíkra gólfmotta er miðuð við að opnunin sé þó enn nógu mikil svo að mykjan falli niður á milli.



Líklega eru hlandrennur í lokuðum flórum algengasta aðferðin sem er notuð í dag til að koma hlendi yfir í söfnunartanka.



Kúaklósettið frá fyrirtækinu Hanskamp er áhugaverð nýjung, sem hefur þó enn ekki náð mikilli útbreiðslu.

heimasíðu Hanskamp minnkar ammoníaklosunin um 50% ef svona kúaklósettum er komið fyrir í fjósum.

Fleiri nýjungar

Hér að framan hafa verið nefndar nokkrar þekktar aðferðir við að draga úr losun ammoníaks frá fjósum og er sú upptalning engan veginn tæmandi. Bæði eru til fleiri aðferðir sem og aðrar aðferðir sem eru í raun mun tæknilegri og þróaðri. Þá má leiða að því líkum að fleiri nýjungar líti dagsins ljós á komandi tímum. Eitt kerfi er þegar orðið nokkuð notað en það er frá hollenska fyrirtækinu Lely og heitir Sphere. Sphere er í raun fullþróað kerfi þar sem gengið er enn lengra í ferlinu við að draga úr losun, með því að meðhöndla mykjuna sérstaklega með hvötum og ná þannig fram enn betri eiginleikum búfjáraburðarins.

Kerfið aðskilur í raun mykjuna í þrjú meginflokkka: Þvagið sjálft sem inniheldur kalíum, þurrefni mykjunnar sem inniheldur lífrænt köfnunarefni og fosfat, og að síðustu í áburðarhæft steinefni í sýrðri lausn síunarkerfis Lely Sphere. Með þessu móti geta bændur mun betur en áður stjórnað næringarefnaflæðinu yfir á tún og akra og ná þannig betri nýtingu á mykjunni. Samkvæmt hollenskum rannsóknum má minnka losun ammoníaks frá hefðbundnu fjósi um allt að 77% sé þetta nýstárlega kerfi notað.

Hvað sem framtíðin hefur upp á að bjóða er næsta ljóst að kúabúum mun standa til boða margs konar áhugaverðar lausnir til þess að hámarka nýtingu næringarefna og bæta enn frekar hina mikilvægu hringrás næringarefna, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á efnahag og umhverfi.



Lely Sphere er sérþróað söfnunarkerfi fyrir ammoníak.

Spennandi ferðir út í heim 2025

Trans - Atlantic

Marokko jeppaferð 13.-20. apríl. Páskaferð. Sahara eyðimörkin, Atlasfjöll, fornar borgir. Aðrar dagsetningar í boði.

Georgía og Armenía 15.-25. maí. Spannandi menningarheimur, náttúra, saga og menning.

Sardinía/Korsika 15.-25. maí. Hin fjöllotta og fagra eyja Napoleons, Sardinía, forn menning, horfið aftur í tíma og rúmi. Einnig miðaldaborgin Riga í Lettlandi

Gönguferð um Kákasusfjöll Georgíu 14.-27. júní. Ævintýrleg gönguferð, stórfengleg náttúra og ævaforin menning.

Balkanskaginn 2.-15. júní. Serbia, Svartfjallaland, Króatía og Bosnía. Miðaldaborgir, náttúra og saga.

Albanía 12.-25. júní. Menning, náttúra og stórbrotin saga. Óspillt land, ævintýrleg upplifun.

Portúgal 6.-17. júlí. Spannandi ferð til Portúgal, landsins sem hefur verið valið sem einn besti áfangastaður Evrópu fyrir ferðamenn seinustu þrjú ár. Saga, sveitir og fagar fornar borgir.

Uzbekistan og Kazakstan 4.-19. september. Framandi heimur mið-Asíu, saga, menning og náttúra. Silkivegurinn, glæsihallir, framandi markaðir og líf hirðingjanna.

Malta og Sikiley 15.-28. september. Menning, náttúra og mannlíf. Við siglum milli eyjanna.

Tyrkland 5.-18. sept. Evrópa og Asía mætast í Istanbúl. Einstök menning, saga og náttúra

Sameinuðu Arabísku furstadæmin og Oman 9.-26. október. Ævintýrleg ferð um framandi menningarheim. Hallir, virki, eyðimörkin, markaðir, moskur. Þúsund og ein nótt.

Costa Rica 5.-19. október. Stórkostleg náttúra, ævintýrlegir frumskógar, strendur, fossar, fjöll og heimamenn.

Síðumúli 29 - 108 Reykjavík | Sími 588 8900 | info@transatlantic.is | www.transatlantic.is



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM

ISHURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237



Með Delo 400 gengur allt smurt

Delo 400 SLK SAE 15W-40 er smuróla sem hentar fullkomlega fyrir landbúnaðarvélar og uppfyllir ströngustu losunarstaðla.



Skannaðu OR kóðann fyrir allt úrval og sölustaði

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá okkur! Síminn er 515 1100, eða á olis.is

olis

DOK-tilraun

– Virkni næringarefna, frjósemi jarðvegs, líffræðilegur fjölbreytileiki og loftslagsbreytingar – 2. hluti

Í fyrsta hluta var kynnt DOK tilraun og uppskeruniðurstöður. Þar sem uppskera í lífrænum meðferðum var yfirleitt minni en í hefðbundnum meðferðum, er athyglisvert að skoða virkni næringarefna og frjósemi jarðvegs.

Í þessu samhengi er líka mikilvægt að ræða um líffræðilegan fjölbreytileika og loftslagsbreytingar.

Meðferðir:

- Enginn áburður (NOFERT),
- Ræktun eingöngu með hefðbundnum áburði og venjulegu áburðarmagni og engin búfjáráburður (CONMIN),
- Líffræðileg ræktun með minni búfjáráburðarmagni (BIODYN 1) og venjulegu búfjáráburðarmagni (BIODYN 2),
- Lífræn / líffræðileg ræktun með minni búfjáráburðarmagni (BIOORG 1) og venjulegu búfjáráburðarmagni (BIOORG 2),
- Ræktun með minni búfjáráburðarmagni auk minni hefðbundnum áburði (CONFYM 1) og venjulegu búfjáráburðarmagni auk venjulegs hefðbundins áburðarmagns (CONFYM 2).

Köfnunarefnisforði jókst í BIODYN 2, en var stöðugur í BIOORG 2 og CONFYM 2

Í 0-20 cm jarðvegsdýpi mældust 3,2-4,9 tonn/ha af N forða (heildar N). Í meðferð BIODYN 2 jókst N forði, á meðan í meðferð BIOORG 2 og CONFYM 2 voru forðar stöðugir í gegnum tilraunartímabilið. Í öllum öðrum meðferðum lækkaði N forði, einkum á meðferð án áburðar (mynd 1). Þetta þýðir að ekki er hægt að viðhalda N forða í jarðvegi í meðferðum með minna áburðarmagni. Og þar með er notkun köfnunarefnis í þessum meðferðum ekki sjálfbær.

Í meðferðum með venjulegu áburðarmagni og í CONMIN var N nýting („nitrogen use efficiency“) 85-100% og sýnir að bæði búfjáráburður og hefðbundinn áburður

og lífrænt bundið köfnunarefni var notað á skilvirkan hátt í DOK tilraun.

Minni N₂ binding með hefðbundnum áburði

Meðferðir með minna áburðarmagn voru með svipaða N₂ bindingu í gegnum rótarbakteríur og þær með hefðbundnu áburðarmagni. En í CONMIN var N₂ binding mikið minni. Fyrir N₂ bindingu með rhizobia þarf jarðvegurinn góðan forða af fosfór, kalíum og snefilefnum. Í meðferð án áburðar minnkaði N₂ binding með tilraunartímanum, sem er líklegast vegna minnkandi magns fosfórs og kalíums sem er aðgengilegt fyrir plöntur í jarðveginum.


Mest Nmic í lífafræktun / lífeftl ræktun

Nmic/ha (bundin N í lífmassa örvera) þjónar sem bráðabirgðageymsla fyrir N í jarðveginum, sem losnar eftir að örverurnar deyja og er aðgengilegt fyrir plönturnar. Endurteknar mælingar á lífmassa örvera sýna marktækt meira örverubundið köfnunarefni í meðferð BIODYN 2 samanborið við BIOORG 2 og en skýrara með CONFYM 2. Meðferð CONMIN sýndi svipuð gildi og meðferð með minna áburðarmagni. NOFERT meðferðin var með lægsta Nmic gildi.

Fosfórforði minnkaði meira í lífrænni ræktun

Í byrjun tilraunarinnar var P forði í 20 cm jarðvegsdýpi um 2100 kg/ha og þar með var jarðvegurinn með nóg af P. Á tilraunartímabilinu minnkaði P forði, á meðan P forði helst stöðugur í meðferð CONMIN. Minnkun á P forða í NOFERT var tæp 20%. BIOORG og BIODYN voru með að meðaltali 5% lægri P forða en í CONFYM 2.

CONFYM 2 meðferð hefur hærri P forða en BIODYN 2 og BIOORG 2 vegna áburðarmagns með hefðbundnum áburði sem hefur tafarlaus áhrif. Hins vegar



Mynd 1: Heildar N forði í 0-20 cm jarðvegsdýpi í mismunandi meðferðum (CRP: „Crop rotation period“, sáðskiptitímabil). Mynd / Fliessbach o.f., 2024, FIBL



Christina Stadler.

Aukning á K forða óháð landbúnaðarkerfi

Það sem vekur athygli er aukning á K forða í öllum meðferðum sem voru með venjulegt áburðarmagn. Einkum jókst K forði í BIOORG 2 og BIODYN 2. Engu að síður er nú hægt að flokka allar meðferðir í flokk „sæmilegt“ og er mælt með aukinni K áburðarmotkun. Meðferð án áburðar (NOFERT) hefur verið í flokki „lélegt“ síðan um miðjan níunda áratuginn og því er vöxtur plantna takmarkaður.

Samantekt: Virkni næringarefna

Eingöngu í BIODYN 2 meðferð jókst köfnunarefnisforði í efri 20 cm. Í BIOORG 2 og CONFYM 2 voru forðar stöðugir. Enginn eða minna magn af búfjáráburði leiddu til minnkunar á köfnunarefnisforða. Binding köfnunarefnis í andrúmsloftinu í

gegnum sambýli belgjurta og rhizobia var mjög hátt hlutfall af heildarköfnunarefnisforða í öllum meðferðum, en minnkaði verulega í meðferðum án búfjáráburðar (CONMIN og NOFERT).

Fosfórforði minnkaði í öllum meðferðum, meira í lífrænu meðferðunum en þeim hefðbundnu vegna takmarkaðra áburðarmöguleika. Kalíumforði sýnir jákvæða þróun.

pH gildi hélst í lífrænni ræktun en fór niður í hefðbundinni

Í lífrænum meðferðum hélst pH gildi jarðvegsins stöðugt á bilinu 6,6-6,3 allan tilraunartímann. Í hefðbundnum meðferðum fór pH gildið niður undir 6 fyrstu 25 árin. Þessa þróun má rekja til súrnandi áhrifa steinefnaáburðar.

Að viðhalda pH gildi yfir 6 er mikilvægt fyrir næringu plantna, líffræðilega virkni og uppbyggingu jarðvegs. Til þess að hækka pH gildið aftur í hefðbundnum meðferðum var jarðvegurinn kalkaður árið 1999 (4. sáðskipti). Árangur þessarar ráðstöfunar endurspeglast í pH hækkun í hefðbundnum meðferðum. Þróun súrnunar virðist hins vegar halda áfram á ný eftir kölkun.

Betri jarðvegsbygging í lífrænni ræktun

Stöðugleiki samkorna jarðvegs var ekki eins góður og óskað var og því hafði jarðvegurinn tilhneigingu til að verða að leðju. Jarðvegurinn í lífrænum meðferðum myndar minni leðju en í hefðbundinni meðferð (mynd 2). Þetta getur stafað af því að hér eru fleiri örverur og einnig meiri humus í BIODYN sem stuðlar að myndun eininga (samkorna).

Mesta kolefni í jarðvegi (humus) í lífafræktun / lífeftl ræktun

Lífræna kolefni (C_{org}) í 0-20 cm er greinilega hæst í BIODYN 2 (mynd 3). Að auki var marktækt jákvæð þróun staðfest í þessari meðferð. Í BIOORG 2 og CONFYM 2 meðferðum hélst gildi stöðugt. C_{org} gildi minnkaði í öllum meðferðum með minna áburðarmagni, einnig í CONMIN. Eins og við var að búast var mesta lækunin í NOFERT.

Milli fyrstu og sjöttu sáðskipta varð aukning á C_{org} forðum um 12% í BIODYN 2 og stöðugum forðum í BIOORG 2 og CONFYM 2. Í þessum samanburði tapaði meðferð með minna áburðarmagn 4% (BIODYN 1) til 9% (BIOORG 1, CONFYM 1 og CONMIN). Meðferð án áburðarmagns (NOFERT) tapaði 22% miðað við kolefnisforðann í fyrstu sáðskiptum.

Aðeins meðferðir með venjulegt áburðarmagn gátu aukið eða viðhaldið forða á C_{org} . Allar meðferðir með minna áburðarmagni og CONMIN höfðu tapað allt að 100 kg C_{org} /ha á ári. Í meðferð án áburðar (NOFERT) var tapið 234 kg C_{org} á ári.

C_{org} gildi minnkar með auknu dýpi vegna þess að minna af fersku lífrænu efni er til staðar. Með auknu dýpi verða áhrif meðferðarinnar minni og minni og er aðeins greinanleg í NOFERT meðferð á 30-50 cm dýpi.

Meðferð með hefðbundnum áburði (CONMIN) tapaði C_{org} , þrátt fyrir mikla uppskeru. Það er merkilegt miðað við humus ræktun í formi smáragrass og milliræktun.

Mesti örverulífsmassi og meiri virkni hans í lífafræktun / lífeftl ræktun

BIODYN meðferðin var með hæstu örverulífsmassa (C_{mic}) í báðum áburðarstigum. Aftur á móti voru CONMIN og NOFERT með lægsta gildi örverulífsmassa.

Jarðvegsörverur í meðferð BIODYN breyta tiltækri orku á skilvirkari hátt. Þær notar 16% minni orku á hverja lífmassaeynging til viðhaldsþarfur en örverusamfélagið í CONFYM. CONMIN meðferðin hefur hæsta efnaskiptahlutfallið. Þetta þýðir að örverurnar í BIODYN meðferðinni finna bestu líffskilyrðin, en örverurnar eru mest stressaðar í CONMIN.

Samantekt: Frjósemi jarðvegs

Eftir 20 ára hefðbundna ræktun hafði pH gildi jarðvegsins lækkað svo mikið að leiðréttu þurfti það með kalki. Jarðvegur lífrænu meðferðanna sýndi minni tilhneigingu til að vera að leðju og betri stöðugleika samkorna en í hefðbundnum meðferðum. Með hefðbundnu áburðarmagni og búfjáráburði var lífrænt kolefnisinnihald og forðir stöðugir.


Án lífræns áburðar eða með minna áburðarmagni hefur jarðvegurinn tapað lífrænu kolefni. Með safnhaugamold úr mykju náði BIODYN 2 meðferðin verulega herra lífrænu kolefnisgildi en í öllum öðrum meðferðum. Örverulífsmassi, virkni hans og skilvirki var marktækt meiri í lífrænum meðferðum en í þeim hefðbundnu. Allar vísbendingar um frjósemi jarðvegs sýndu betri gildi í lífrænu meðferðunum og sérstaklega í BIODYN meðferðinni.

Meiri líffræðilegur fjölbreytileiki undir lífrænni ræktun

Vegna skorts á illgresiseyðum og minni plöntuþekju fundust fleiri tegundir í lífrænni ræktun meðferðum (BIODYN 2, BIOORG 2) en í hefðbundnum meðferðum (CONFYM 2, CONMIN). Miðað við fjölda spíranlegra fræja á hvern fermetra hafa lífrænar meðferðir tvisvar til þrisvar sinnum meiri forða í jarðvegi en hefðbundnar meðferðir. Framboð af fræi hefur myndast í lífrænum meðferðum og þarf að fylgjast vel með.

Meðferð með hefðbundnum áburði (CONMIN) og engin áburðarmotkun hafði neikvæð áhrif

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir


Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VAGNAR HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Mynd 2: Jarðvegurinn í mismunandi meðferðum. Mynd / Alfoldi, FiBL

á ánaðkastofninn. Virkni þéttleika bjalla í lífrænum meðferðum er um tvöfalt meiri en í hefðbundnum meðferðum. Lífrænar meðferðir hafa verulega meiri þéttleika köngulóa.

Samantekt: Lífræðilegur fjölbreytileiki

Plöntufjölbreytileikinn í lífrænum meðferðum var með fleiri tegundum og 2-3 sinnum meira af spírunarhæfum fræjum en í hefðbundnum. Bjöllur og köngulær voru tvöfalt algengari í lífrænum meðferðum en í þeim hefðbundnu.

Lífræn ræktun dregur úr loftslagsbreytingum

Aðeins með búfjáraburði (en ekki með hefðbundnum áburði) var hægt að viðhalda humusgildinu stöðugu eða auka það. Humusuppbyggingin var sérstaklega áberandi í BIODYN meðferðinni, þó að hér hafi verið minnsta magn lífræns áburðar í formi safnhaugamoldar úr mykju notað. Þrátt fyrir tap á kolefni og köfnunarefni við jarðgerðarferlið (í mold) virðast gæði áburðarins sem borinn er á vera lykiltatriðið í stöðugleika kolefnis í jarðvegi. Með því að byggja upp kolefni í jarðvegi getur notkun lífrænna landbúnaðarkerfa verið aðferð til að draga úr loftslagsbreytingum.

Minni losun nituroxíðs undir lífrænni ræktun

Mesta losun N₂O var mæld í CONFYM meðferðinni. Mikið magn köfnunarefnis í maís var líklega afgerandi þáttur fyrir mikil loftslagsáhrif meðferðarinnar. Engin notkun á steinefnaköfnunarefnisáburði, stöðugt pH gildi jarðvegs og góð jarðvegsbygging eru mikilvægir þættir sem stuðla að því að lágmarka losun N₂O í lífrænum meðferðum.

Það sem er athyglisvert hér er að

vaxandi kolefnisforði í BIODYN meðferðinni ásamt minnstu N₂O losun. Þessi niðurstaða sýnir að aukið kolefnisgildi jarðvegs þarf ekki að leiða til aukinnar N₂O losunar með viðeigandi áburðarnotkun. Á hverja flatarmálseiningu mældist 44% minni losun gróðurhúsalofttegunda í BIOORG 2 og 63% minni í BIODYN 2 en í hefðbundinni meðferð, hverju sinni með venjulegu áburðarmagni.

Þurrk álag hefur minni áhrif í lífaflsræktun / lífeftá ræktun

Fjölbreyttara bakteríusamfélag í meðferð BIOORG 2 þýðir að þurrk álag hafði minni áhrif á birðar af N en í CONMIN. Fyrir vikið gátu plönturnar í BIOORG 2 þróast betur við þurrkálág.

Uppgufun úr jarðvegi er nánast sú sama í öllum meðferðum, sem og dýpið sem plönturnar fá vatnið úr. Hins vegar var jarðvegsraki í rótarsvæðum umtalsvert meiri í lífrænu meðferðunum og plönturnar gátu nýtt vatnið á skilvirkari hátt. Niðurstöðurnar benda til þess að lífræn ræktunarkerfi hafi kosti í landbúnaði í nýtingu vatnsnotkunar og þoli betur þurrkálág.

Samantekt: Loftslagsbreytingar

Af hinum ýmsu ræktunarkerfum geymdi aðeins BIODYN meðferðin með venjulegan búfjáraburð viðbótar lífrænt kolefni í jarðveginum. Minnsta losun nituroxíðs mældist einnig í BIODYN meðferðinni. Hátt losunarhlutfall í CONFYM 2 og CONMIN er vegna mikillar köfnunarefnisnotkunar. Á þurrk-tímabilum helst fjölbreyttara bakteríusamfélag í lífrænum meðferðum lengur virkt, sem getur haft jákvæð áhrif á byrði köfnunarefnis og þar með á vöxt plantna.

Höfundur er lektor.

SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“

NILFISK

STÓR KAUP

Stórkaup ehf. | Skútvogur 9 | 104 Reykjavík | 515 1500 | storkaup.is

CFMoto fjórhjól til afgreiðslu strax

Mismuna-
drif aftan og
framan.

CFMOTO 625
1.599.000,-
Án vsk.1.289.516,-

CFMOTO 520
1.449.000,-
Án vsk.1.168.548,-

CFMOTO 450
1.349.000,-
Án vsk.1.087.203,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, sætisbaki, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, álfelgum og eru tveggja manna T3 götuskráð.

Umboð: **KS, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi. Bikevik, Reykjanesbæ, Lyngás 5, Hellu AB varahlutir, Egilsstöðum. Bílaforritun North-East**

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

Ár Íslandsmetanna

– Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2024



Guðmundur Jóhannesson.



Sigurður Kristjánsson.

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2024 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Peir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum upplýsingum, um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 470 en á árinu 2023 voru þeir 489. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 25.103,5 árskýr skiluðu 6.523 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaaugning um 112 kg/árskú frá árinu 2023 en þá skiluðu 25.308,6 árskýr meðalnyt upp á 6.411 kg. Þetta eru mestu meðalafurðir frá upphafi vega og níunda árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Umreiknaðar í orkuleiðréttu mjólk (OLM) eru meðalafurðir síðasta árs 6.772 kg/árskú eða 144 kg meiri en árið áður.

Meðalbústærð reiknaðist 56,1 árskýr á árinu 2024 en sambærileg tala var 54,1 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 72,6 kýr en 2023 reiknuðust þær 69,6. Samtals voru skýrslufærðar kýr ársins 34.160 talsins samanborið við 34.151 árið áður.

Mestar meðalafurðir á Suðurlandi

Svæðaskipting fylgir að segja má kjördæmum. Á árinu voru meðalafurðir eftir árskú mestar á Suðurlandi, 6.581 kg, og síðan kemur Norðurland eystra með 6.561 kg.

Stærst eru búin að meðaltali á Suðurlandi, 58,1 árskýr, en næststærst eru þau á Norðurlandi vestra, 57,8 árskýr.

Meðalbúið stækkar

Meðalbúið stækkaði milli ára sem er í takti við fækkun innleggsbúa og auknið innlegg mjólkur. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 333.467 lítrum samanborið við 318.531 lítra á árinu 2023. Á árinu fækkaði innleggsbúum mjólkur um 12 og voru kúabú í framleiðslu 459 talsins nú um áramótin 2024/25. Kúabúnum fækkar, þau stækka og kýrnar mjólka stöðugt meira. Afurðametin falla á ári hverju og stærð búanna eykst með hverju árinu sem líður. Þessi þróun hefur staðið í nokkra áratugi og stendur enn. Á heimsvísu er þetta ekkert einsdæmi og sömu þróun má sjá hvert sem lítið er. Eðlileg afleiðing þessa er sú að stöðugt reynir meir á hæfni og getu bænda til þess að reka búin og sinna þörfum gripanna. Því miður er reyndin sú að á sama tíma og margir bændur blómstra og finna sig vel í þessu umhverfi hestast aðrir úr lestinni og leggja árið á bát. Það verður ekki fram hjá því lítið að árið 2024 var ekki að öllu leyti hagfellt hvað varðar ytri framleiðsluáætlæður mjólkurframleiðslunnar. Tíð til heyskapa var erfið um allt land og vaxtastig hátt auk þess sem byggingarkostnaður hefur hækkað stórléga. Þetta gerir óhægt um vik að endurnýja og endurbæta framleiðsluáætlæður sem víða er komin til ára sinna þó ekki eigi

það við í öllum tilvikum. Þrátt fyrir þetta sjáum við umtalsverða afurðaaugningu hjá íslensku kúnum og virðist litlu skipta hvernig árar. Bændur finna ávallt leiðir og blessuð kýrin stendur við sitt eins og hún hefur gert árhundruðum og að verða árpúsundum saman.

Góðu heilli hefur ekki allt farið á verri veg. Á árinu voru einnig stigin framfaraskref sem vonandi munu skila bæði ávinningi og bættum hag bænda. Næst okkur í tíma stendur innleiðing á kyngreindu sæði sem er nú hafin af fullum þunga eftir mikla og vandaða undirbúningsvinnu. Til landsins kom færanleg rannsóknastofa í desember síðastliðnum og kyngreint var sæði úr fimm íslenskum nautum og einu Angus-holdanauti. Á fyrstu mánuðum þessa árs verður svo gerð tilraun þar sem fanghlyfall af notkun hefðbundins og kyngreinds sæði verður borið saman. Kyngreint sæði á án efa eftir að bæta bæði hag mjólkur- og kjóttframleiðslunnar en jafnframt þarf að vanda vel til verka og nota það á markvissan og réttan hátt. Erfðamengisúrvalið er enn í innleiðingarferli en nú hillir undir að synir nauta sem keypt voru á stöð eftir erfðamati fari að skila næstu kynslóð. Þá eru þær kvígur sem voru arfgreindar á árinu 2022 óðum að eignast sinn fyrsta kálf og þá kemur í ljós hvort erfðamatið eða spáin sem þær fengu á fyrstu vikum lífs síns var rétt eður ei. Í samtölum við bændur hefur komið fram ánægja með þetta mat og að það standist í meginatriðum. Sem dæmi má nefna að bóndi einn sagði að á sínu búu hefði einn kvígukálfurinn verið svo rólegur og gæfur að sérstaklega var eftir tekið. Þegar erfðamatið á gripinn kom reyndist það vera 135 fyrir skap. Það væri raunar með ólíkindum ef allt gengi eftir sem þetta en eigi að síður ánægjulegt að heyra af slíku.

Aldur við fyrsta burð þokast í rétta átt

Aldur kvígna við fyrsta burð sígur niður á við og er nú 27,0 mánuðir samanborið við 27,2 mánuði árið á undan. Þetta er skref í rétta átt og virðist sem menn séu loks að átta sig á hve mikla hagkvæmni er að sækja í það að lækka burðaraldur kvígnanna. Allar rannsóknir og athuganir sýna að hagkvæmast er að kvígurnar eignast sinn fyrsta kálf í kringum 23–24 mánaða aldur. Að því ber að stefna.

Litlar breytingar hafa orðið á vanhöldum kálfa milli ára. Gríðarmikill fjöldi dauðfæddra kálfa við fyrsta burð er þar stóra vandamálið en 26,8% afkvæma 1. kálfs kvígna komast ekki lifandi í þennan heim. Þetta hlutfall er eilítið hærra en árið á undan sem er ákaflega miður. Hluti skýringarinnar liggur í bústjórn og alveg ljóst að þarna þarf að huga betur að kvígnum, ekki síst þegar nálgast burð.

Það leiðir okkur að öðru vandamáli sem er að væntanlegur burðardagur er í alltof miklum mæli óþekktur. Ástæðan er fyrst og fremst mikil og almenn notkun sparinautanna, þ.e. nautanna sem standa í fjósum víða um land og ætti eingöngu að nota á hátíðis- og tyllidögum eins og sagt er. Þessir hátíðisdagar íslenskra kúabænda eru of margir en af fæddum kálfum á árinu 2024 voru 30% undan sparinautum. Hlutfallið hefur þó, góðu heilli, heldur lækkað frá árinu áður þegar það stóð í rúmum 32%. Uppistaðan í þessum mikla fjölda er afkvæmi 1. kálfs kvígna því yfir 90% fæddra kálfa undan eldri kúm

Uppgjör fyrir tímabilið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldi búa alls	64	11	80	116	17	174	462
Fjöldi búa með skil	62	10	80	115	17	172	456
Fjöldi kúa alls	3.270	279	4.699	6.071	1.010	10.273	25.602
Meðalbústærð, kýr	52,7	27,9	58,7	52,8	59,4	59,7	56,1
Fjöldi árskúa	3.224,3	293,7	4.625,3	5.986,1	979,9	9.994,2	25.103,5
Meðalbústærð, árskýr	52,0	29,4	57,8	52,1	57,6	58,1	55,1
Fjöldi 1. kálfs kúa	1.141	89	1.739	2.254	328	3.863	9.414
Fjöldi kvígna eldri en 24 má	521	80	595	605	136	1.576	3.513
Endurnýjunarhlutfall	34,9	31,9	37,0	37,1	32,5	37,6	36,8
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	100,1	100,0	100,1	100,1	100,0	100,0	100,1
Mjólkurframleiðsla síð. 12 má.							
Meðalbústærð, innlögð mjólk	309.212	142.681	345.543	320.372	351.194	354.548	333.467
Mjólk/árskú	6.457	5.450	6.490	6.561	6.389	6.581	6.523
Fita kg	272	237	274	278	277	278	276
Fita %	4,21	4,34	4,22	4,28	4,33	4,22	4,24
Prótein kg	219	188	222	226	219	223	223
Prótein %	3,40	3,46	3,42	3,48	3,44	3,40	3,42
Kg OLM/árskú	6.680	5.750	6.732	6.835	6.722	6.813	6.772
Mjólkurnýting	94	92	95	97	98	96	96
Frumutala (reiknuð)	238	236	228	230	230	246	237
Mjólkandi kýr							
Dagsnyt/kú	16	13	17	17	17	17	17
Dagsnyt OLM/kú	17	14	17	18	17	17	17
Kjóttframleiðsla síð. 12 má.							
Kýr							
Hlutfall með sláturgögn	85,3	78,4	84,8	83,9	84,1	85,0	84,6
Flokkun	2,67	2,45	3,08	2,54	2,56	2,88	2,79
Dagar frá burði við förgun	251,3	335,9	267,3	243,6	259,4	251,6	253,5
Meðalþungi, kg	208,8	204,1	213,4	210,2	207,9	211,2	210,9

Heilsufar síð. 12 má.							
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	8,8	16,1	18,9	36,0	27,4	15,6	20,8
Kýr							
Fjöldi sjúkdómstífla á árskú	0,12	0,21	0,27	0,52	0,37	0,22	0,29
Júgurmeðhöndlunir á árskú	0,02	0,08	0,11	0,12	0,08	0,07	0,08
Geldstöðumeðhöndlunir á árskú	0,00	0,02	0,01	0,02	0,03	0,02	0,02
Bráðadauði/slys á árskú	0,01	0,02	0,02	0,02	0,01	0,02	0,02
Kálfar							
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	25,0	29,9	26,1	30,5	25,5	25,4	26,8
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	8,2	4,8	8,3	8,5	8,3	8,8	8,5
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	3,8	2,6	3,9	3,9	5,4	2,2	3,3
Frjósemi síð. 12 má.							
Dagar frá burði til 1. sæðingar	71,8	84,4	69,4	68,2	64,9	69,9	69,6
Meðalaldur við 1. burð	27,6	30,6	26,8	26,2	27,6	27,2	27,0
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	70,2	74,3	65,2	67,3	71,0	72,9	69,7
Ending							
Kýr							
Meðalaldur við förgun, dagar	1.942,8	2.158,3	1.879,8	1.880,9	2.115,4	1.866,5	1.893,4
Meðalfjöldi burða við förgun	3,10	3,01	2,92	3,04	3,46	2,95	3,00
Meðalæviafurðir fargaðra kúa	18.751,6	17.125,2	17.923,3	18.861,5	21.602,9	17.961,2	18.394,6
Annað							
Ný bú í skýrsluhaldi síð. mánuð	0	0	0	0	0	0	0
Bú sem hættu í síð. mánuði	0	0	0	0	0	0	0

Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgripærktarinnar 2024.

Heimild og töflur / Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/árskú árið 2024

Bú	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
860292 Stóra-Mörk 1	Eyvindur og Aðalbjörg	371	9.084
861037 Syðri-Hamrar 3	Helga Björg Helgadóttir	44,1	8.944
870716 Kolsholt 1	Brynjólfur og Pia - Hellisbúið ehf.	45,5	8.686
550104 Tannstaðabakki	Hermann og Sigrún	59,3	8.667
650720 Stóri-Dunhagi	Stóri-Dunhagi ehf	48,0	8.588
860315 Hólmur	Garðar Guðmundsson	77,1	8.562
370154 Syðri-Knarrartunga	Guðjón og Guðný	49,5	8.528
370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	61,1	8.525
650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	72,3	8.525
570804 Ytri-Hofdalir	Ytri-Hofdalir ehf.	29,6	8.447
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	54,4	8.326
651032 Ytra-Fell	Svana og Ástþór	60,1	8.300
761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	130,5	8.179
560165 Steiná II	Steiná 2 ehf.	50,1	8.150
570644 Vaglar	Gísli Björn Gíslason	76,9	8.141
870943 Hlíð 1	Tryggvi Steinarsson	40,8	8.140
871103 Gyggjarhólskot 1	Eiríkur Jónsson	53,9	8.098
860334 Hólmahjáleiga	Jack Bradley og Rebekka K. Björgvinsdóttir	56,1	8.082
360449 Glitstaðir	Guðrún og Eiður	36,5	8.082
660220 Syðri-Grund	Stefán og Steinunn	46,2	8.057
871058 Hrepphólar	Hrepphólar ehf.	75,3	8.043
651260 Svertingsstaðir 2	Hákon og Þorbjörg	67,4	8.022
870624 Stóru-Reykir	Gísli og Jónína	60,4	8.011

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nythæstu kýrnar árið 2024

Kýr	Faðir	Ársafurðir	Prótein	Fita	Bú
2487 Klauf	10011 Strákur	15.846	3,05	4,04	860718 Lambhagi
1639361-1838 Snædís	13057 Steri	14.192	3,36	4,22	870934 Gunnbjarnarholt 2
0661 Mu Mu	13022 Hálfmáni	13.965	3,40	3,67	570508 Daufá
0896 Ýma	13051 Ýmir	13.896	3,15	3,36	550104 Tannstaðabakki
0764 Brúða	17005 Flötur	13.727	3,28	4,04	370132 Stakkhamar 2
0752 Epoxy	15040 Gnýr	13.564	3,09	3,35	550104 Tannstaðabakki
0875 Droplaug	10077 Dropi	13.479	3,06	3,59	870117 Dalbær
0843 List	10089 Úlli	13.445	3,19	3,93	870943 Hlíð 1
2066 Bigga	11063 Sær	13.410	3,42	4,41	770190 Flatey
0775 Heimasætan	13011 Jörfi	13.341	3,32	4,13	650228 Göngustaðir
1049 Kola	18004 Græðir	13.323	3,24	4,03	860292 Stóra-Mörk 1
1017 Miðja	15018 Gólfat	13.293	3,18	3,31	651029 Torfur
0638 Skerja	12027 Spennir	13.257	3,26	3,74	870726 Kolsholtshellir
0626 Þórdís	0747 Litli Bambi	13.134	3,29	4,08	650228 Göngustaðir
1030 Sóla	16025 Dalur	13.115	3,61	4,44	571001 Hlíðarendi
1676291-0750 Erna	07017 Rjómi	13.092	3,36	4,24	871258 Hjalmsstaðir 1
1534041-0372	301	13.080	3,37	4,14	570312 Páfastaðir
1106 Létt	10011 Strákur	13.017	3,19	3,25	651208 Bringa
2798 Píla	10079 Neptúnus	13.014	3,44	4,61	770190 Flatey

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afurðahæstu búin á hverju uppgjörssvæði árið 2024

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2024	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Vesturland	370154 Syðri-Knarrartunga	Guðjón og Guðný	49,5	8.528
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólóf og Valgeir	41,4	7.521
Norðurland vestra	550104 Tannstaðabakki	Hermann og Sigrún	59,3	8.667
Norðurland eystra	650720 Stóri-Dunhagi	Stóri-Dunhagi ehf	48,0	8.588
Austurland	761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	130,5	8.179
Suðurland	860292 Stóra-Mörk 1	Eyvindur og Aðalbjörg	371	9.084

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

er undan sæðinganautum en innan við 30% kálfanna undan kvígumun.

Í pistli okkar fyrir um ári síðan gerðum við að umtalsefni að sæðinganautin eru valin undan bestu nautum og kúm landsins, arfgerðargreind, með reiknað erfðamat og hafa þar með fengið staðfest sín miklu gæði. Við minntumst einnig á að kynbótamatíð er sett upp út frá hagrænu vægi eiginleika og á því að endurspegla nokkuð vel þá þætti sem bætt geta rekstur búsinns. Það er því hægt að bæta rekstur búsinns og afkomuna með kynbótum og þrátt fyrir að kynbætur séu langhlaup hefur erfðamengisúrval stýtt vegalengdina umtalsvert. Í dag eru engar ástæður eða forsendur fyrir öðru en að hver og einn kúabóndi stundi markvissar kynbætur og í reynd er algjör fjarstæða að gera annað. Greinin getur ekki sótt aukna hagræðingu til annarra án þess að líta fyrst í eigin barm og spyrja fyrst hvort inn á við liggi ónotuð tækifæri.

Aukin ending

Ending kúnna virðist hægt og bitandi

vera að aukast. Á árinu 2024 var meðalaldur við förgun 1.893,4 dagar og meðalfjöldi burða við förgun var 3,0. Þessar kýr höfðu að meðaltali skilað 18.394,6 kg mjólkur. Sambærilegar tölur fyrir árið 2023 voru 1.879,3 dagar, 2,96 burðir/kú og 17.817,4 kg mjólkur. Á þessu má sjá að kýrnar endast aðeins lengur og ná orðið þremur burðum að meðaltali. Afurðirnar aukast og koma þar bæði til fleiri lífdagar sem og auknar afurðir. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu jákvæð þróun þetta er.

Íslandsmet í meðalafurðum í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum

Á árinu 2024 reyndust kýr Aðalbjargar Rúnar Ásgeirsdóttur og Eyvindar Ágústssonar í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum með mestar meðalafurðir eftir árskú eða 9.084 kg. Slíkar afurðir hafa ekki áður sést hérlandis en þetta er í fyrsta skipti sem meðalafurðir almanaksársins ná yfir 9 þús. kg. Búið hefur síðustu þrjú ár verið afurðahæst eða með afurðahæstu búum í mánaðaruppgjörum skýrsluhaldsins

og situr nú öðru sinni í röð í efsta sæti við áramótauppgjörið. Meðalnyt kúnna í Stóru-Mörk 1 jókst um 145 kg milli ára. Ekki verður annað sagt en að vel sé staðið að málum á þessu búi.

Annað í röð afurðahæstu búa landsins er Syðri-Hamrar 3 í Ásahreppi en þar stendur Helga Björg Helgadóttir fyrir búi. Kýrnar skiluðu 8.944 kg/árskú. Á Syðri-Hömrum 3 er legubásafjós með mjaltþjóni og búið hefur verið ofarlega á listum yfir afurðahæstu bú landsins undanfarin misseri. Meðalnyt kúnna á Syðri-Hömrum 3 reyndist 897 kg meiri en árið áður.

Þriðja afurðahæsta bú ársins 2024 er Kolsholt í Flóa eða Villingaholtshreppi hinum forna. Þar er Hellisbúið ehf. skráð fyrir rekstri en forráðamenn eru Pia Rita Simone Schmauder og Brynjólfur Þór Jóhannsson. Kýrnar í Kolsholti skiluðu 8.686 kg mjólkur/árskú sem er 1.289 kg meiri meðalnyt en árið á undan. Á búinu er legubásafjós með mjaltþjónum.

Í fjórða sæti varð bú sem Máreik ehf. rekur á Tannstaðabakka í Hrutáfirði en með forráð fara

Hermann Geir Karlsson og Sigrún Björg Kristinsdóttir. Kýrnar á Tannstaðabakka mjólkðu til jafnaðar 8.667 kg/árskú sem er 471 kg meira en árið áður. Á búinu er legubásafjós með mjaltþjóni. Fimmta búið í röð afurðahæstu búa ársins 2024 er Stóri-Dunhagi í Hörgárdal. Á þessu myndarbúi skiluðu kýrnar 8.558 kg/árskú sem er 746 kg meiri meðalnyt en árið á undan. Í Stóra-Dunhaga er legubásafjós með mjaltþjóni.

Þessum búum til viðbótar náðu 18 bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir árskú eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Þeim búum hefur fjölgað um fimm frá árinu 2023.

Klauf 2487 í Lambhaga á Rangárvöllum með Íslandsmet

Nythæsta kýr landsins árið 2024 reyndist Klauf 2487 á Lambhagabúinu ehf. í Lambhaga á Rangárvöllum. Klauf mjólkaði 15.846 kg með 4,04% fitu og 3,05% próteini. Þetta er nýtt og stórglæsilegt Íslandsmet en meiri afurðir hafa ekki mælst úr íslenskri kú á einu almanaksári frá upphafi. Klauf er jafnframt fyrst íslenskra kúa til að ná yfir 15 þús. kg mjólkur á almanaksári. Hún er dóttir Stráks 10011 og bar sínum fjórða kálfi 3. desember 2023. Burðartími hennar féll því vel að almanaksárinu enda nást slíkar afurðir ekki án þess. Hæsta dagsnyt Klaufar á nýliðnu ári var 54,9 kg og hún var enn í 30 kg dagsnyt í desember síðastliðnum sem telja verður harla gott, 12 mánuðum eftir burð. Klauf er fædd í apríl 2018 og bar fyrsta kálfi rétt um tveggja ára aldur, eða 28. apríl 2020. Skráðar æviafurðir hennar voru 57.386 kg um síðustu áramót og á yfirstandandi mjólkurskeiði eru afurðirnar nokkrum meiri en ársafurðirnar eða 16.886 kg mjólkur. Þess má svo geta að á síðasta mjólkurskeiði mjólkaði Klauf 17.063 kg.

Önnur í röðinni á nýliðnu ári var Snædís 1838 í Gunnbjarnarholti í Eystrihreppi eða Gnúpverjahreppi hinum forna, undan Stera 13057. Snædís mjólkaði 14.192 kg á árinu með 4,22% fitu og 3,36% próteini. Hún bar sínum þriðja kálfi 21. febrúar 2024. Hæsta skráða dagsnyt Snædísar var 55,1 kg í lok maí en hún heldur gríðarvel á sér, um nýliðin áramót var nytin 32,8 kg. Snædís fæddist 9. ágúst 2019 í Eystra-Fíflholti í Landeyjum og átti sinn fyrsta kálf 18. febrúar 2022. Skráðar æviafurðir við lok síðasta árs voru 31.735 kg mjólkur.

Þriðja í röðinni árið 2024 var Mu Mu 661 á Daufá í Skagafirði, undan Hálfmána 13022. Þessi kýr mjólkaði 13.965 kg á árinu með 3,67% fitu og 3,40% próteini en sínum þriðja kálfi bar hún 27. desember 2023. Hæsta dagsnyt hennar var 47,4 kg í lok janúar og í lok nóvember var hún enn í yfir 32 kg dagsnyt. Mu Mu er fædd 20. nóvember 2019 og bar sínum fyrsta kálfi 14. desember 2021. Skráðar æviafurðir hennar um síðustu áramót voru 34.363 kg.

Fjórða nythæsta kýrin var Ýma 896 á Tannstaðabakka í Hrutáfirði. Ýma er, eins og nafnið bendir til, dóttir Ýmis 13051. Nyt hennar á árinu var 13.896 kg með 3,36% fitu og 3,15% próteini. Hún bar sínum öðrum kálfi 9. janúar 2024, fór hæst í 54,3 kg dagsnyt í lok mars og var enn í 27,5 kg dagsnyt um áramótin síðustu. Ýma er fædd 20. október 2020, átti sinn fyrsta kálf 4. nóvember 2022 og skráðar æviafurðir hennar um áramótin voru 25.148 kg.

Fimmta afurðahæsta kýrin að þessu sinni var Brúða 764 á Stakkhamri á Snæfellsnesi, dóttir Flatar 17005. Brúða er fædd 19. október 2019 og átti sinn fyrsta kálf 25. október 2021. Hún bar þriðja sinni 23. desember 2023. Brúða mjólkaði 13.727 kg á síðasta ári með 4,04% fitu og 3,28% próteini og hæsta skráða dagsnyt hennar var 47,3 kg. Um nýliðin áramót var hún enn í 25 kg dagsnyt. Nú um áramótin hafði Brúða skilað samtals 34.307 kg mjólkur.

Alls skiluðu 207 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 60 yfir 12.000 kg. Árið 2023 náðu 174 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Íslandsmet í æviafurðum

Í lok október 2024 sló Bleik 995 á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd Íslandsmetið í æviafurðum. Hún hafði um áramótin mjólkað samtals 116.121 kg en eldra Íslandsmet Mókollu 230 á Kirkjulæk var 114.635 kg. Bleik 995 er fædd 14. ágúst 2009 undan Grana 1528871-0982 Hersissyni 97033 og Stássu 873 dóttur Stássu 04024. Bleik bar sínum 1. kálfi 31. október 2011 og hefur borið ellefu sinnum síðan þá, eða alls 12 sinnum, nú síðast 12. ágúst síðastliðinn. Mestu afurðir á ári hingað til eru 10.372 kg árið 2016 en mestu mjólkurskeiðs afurðir 13.078 kg á því fimmta og næstmestar á ellefta mjólkurskeiði eða nákvæmlega 12 þúsund kg.

Önnur núlifandi kýr hefur náð þeim merka áfanga að mjólka meira en 100 þús. kg en það er Gullbrá 357 á Hóli á Upsaströnd. Hún hafði mjólkað 113.042 kg nú um síðustu áramót. Gullbrá er fædd 9. apríl 2004 á Hrafnstöðum við Dalvík en flutti einungis nokkurra daga gömul að Hóli þar sem hún hefur haft aðsetur alla tíð síðan. Hún er undan Hvítingi 96032 og Rák 316, sonardóttur Búanda 95027. Gullbrá bar sínum fyrsta kálfi 10. október 2006 og hefur borið 10 sinnum síðan þá, nú síðast í júní 2022. Mestum afurðum á ári náði hún 2017 þegar hún mjólkaði 8.182 kg og 2020 náði hún 8.180 kg. Mestar afurðir á einu mjólkurskeiði eru á yfirstandandi skeiði eða 15.355 kg en það er orðið æði langt.

Ár framfara

Árið 2024 einkenndist af ákveðnum framförum í nautgriparkættinni. Innleiðingu erfðamengisúrvals, sem hófst undir lok ársins 2022, var fram haldið. Smám saman hefur nautavalið tekið breytingum og þá einkum og sér í lagi hvað snertir ættliðabilið. Þannig eru nú að koma naut á stöð sem eru synir nauta sem valin voru á grunni erfðamats. Þá bera niðurstöður skýrsluhaldsins með sér að bæði kýr og bændur ná stöðugt meiri árangri þar sem Íslandsmetin falla hvert af öðru.

Arfgerðargreiningar eru orðnar fastur liður í ræktunarstarfinu og skýrsluhaldinu og allir arfgerðargreindir gripir fá erfðamat innan nokkurra vikna frá fæðingu. Þetta hjálpar til í ræktunarstarfinu og er góður stuðningur við val á foreldrum næstu kynslóðar. Þegar þetta er skrifað er búið að arfgerðargreina rétt tæplega 36 þús. gripir. Þar af eru rétt um 23 þús. gripir fæddir á árunum 2022 til 2024 og á enn eftir að fjölga. Þátttakan í arfgerðargreiningunum verður að teljast ákaflega góð en af kvígum fæddum 2023 hafa 8.777 verið arfgerðargreindar, sem er um 78% allra lifandi fæddra kvígna þá á. Þessi góða þáttataka rennir styrkum stöðum undir erfðamengisúrvalið en á sama tíma verður einnig að hafa í huga að önnur grunnstöð þess er afurðaskýrsluhaldið. Gott og vel framkvæmt skýrsluhald er lykilatriði til þess að geta nýtt arfgerðargreiningar í kynbótastarfinu en erfðamatíð byggir á tengingu arfgerða við svipfar. Svipfar er ekkert annað en upplýsingar um gripina og afurðir þeirra og það skiptir höfuðmáli að þær upplýsingar séu sem mestar og bestar á hverjum tíma.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum og Lambhaga á Rangárvöllum, óskum við til hamingju með stórglæsilegan árangur og þökkum gott samstarf á nýliðnu ári.

Sigurður er skýrsluhaldsfulltrúi og Guðmundur ábyrgðarmaður í nautgriparkætt.

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2024



Guðmundur Jóhannesson.



Sigurður Kristjánsson.

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2024 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, [www.rml.is](#). Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Uppgjör fyrir nautakjötsframleiðsluna nær til þeirra bóa sem halda holdakýr. Enn er þetta yfirlit þeim annmörkum háð að niðurstöðurnar ná ekki yfir þær holdakýr sem haldnar eru á búum þar sem einnig er um að ræða mjólkurframleiðslu. Þetta hefur sína kosti og galla. Kosturinn er sá að uppgjör tekur til sérhæfðra bóa með holdakýr en gallinn er sá að ekki eru allar holdakýr með í uppgjörinu.

Skýrsluhald nautakjötsframleiðslunnar árið 2024 nær til 112 bóa og þar af er að finna holdakýr af erlendu kyni á 90. Búunum fækkar því um tíu milli ára og búum þar sem er að finna holdakýr ef erlendu kyni fækkar um tvö. Kýr á þessum búum voru við uppgjör ársins 3.294 talsins, sem er fækkun um 151 frá árinu áður. Meðalfjöldi kúa á búu var 29,4 samanborið við 28,2 árið áður og reiknast þessar kýr yfir í 27,7 árskýr á bú en voru 25,8 árið 2023. Alls var um að ræða 2.719 skráða burði á þessum búum á árinu 2023 sem jafngildir 0,83 burðum/kú. Þetta er fjölgun um 13 burði og aukning um 0,04 burði á kú milli ára.

Kjötsframleiðsla og flokkun ársins 2024

Heildarframleiðsla ársins á þessum 112 búum nam um 840 tonnum og því nær uppgjör til 6 tonnum minna kjöts en árið áður. Þetta þýðir að þessi bú framleiða nálægt 17% alls nautgripakjöts á landinu. Meðalframleiðsla á bú var 7.501 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 3.174. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru 6.934 kg og 3.242 gripir. Meðalfallþungi kúa frá þessum búum var 227,1 kg, en hann reyndist 225,6 kg árið áður og meðalþungi ungneypa var 273,9 kg en þau vógu til jafnaðar 267,9 kg 2023. Til jafnaðar var ungneytunum fargað 699,8 daga gömlum eða 21,5 dögum yngri að meðaltali en á árinu 2023. Það jafngildir vexti upp á 381,3 g/dag, reiknuðum út frá fallþunga, en sambærileg tala frá fyrra ári var 343,7 g/dag. Til samanburðar var slátrað 9.558 (9.553) ungneytum á landinu öllu sem vógu 257,1 (256,4) kg að meðaltali við 732,0 (743,1) daga aldur. Tölur innan sviga eru frá 2023. Þessi sérhæfðu bú sem yfirlitið nær til ná því gripunum þyngri við lægri aldur að jafnaði, eins og undanfarin ár, og fer bilið vaxandi. Heilt yfir eru ungneyti þyngri en árið áður þrátt fyrir að vera alin aðeins færri daga.

Ef litið er á flokkun gripanna var meðalflokkun ungneypa á þessum búum 6,3 (6,1) á meðan meðalflokkun ungneypa yfir landið er 5,0 (4,9). Flokkun er því mun betri á þessum búum til jafnaðar, rétt eins og árið áður, og sá munur fer vaxandi. Rétt er að hafa í huga að meðalflokkun er reiknuð þannig að flokkunum er gefið tölugildi þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14. Meðalgrípurnar á landinu öllu er því nálægt því að flokkast í O.

Frjósemi

Á árinu 2024 fæddust 2.719 kálfar á þessum búum og reiknast meðalbil milli burða 457 (451) dagar. Bil milli

Uppgjör fyrir síðustu 12 mánuði	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra og Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldatölur					
Fjöldi bóa með kýr til kjötsframleiðslu	19	25	23	45	112
Fjöldi bóa með holdakýr af erl. kyni	15	21	21	33	90
Fjöldi kúa	769	736	504	1.285	3.294
Meðalfjöldi kúa á bú	40,5	29,4	21,9	28,6	29,4
Árskýr á bú	41,1	27,0	20,4	26,2	27,7
Fjöldi burða	620	554	458	1.087	2.719
Meðalfjöldi burða á bú	32,6	22,2	19,9	24,2	24,3
Fjöldi 1. kálfs kúa	170	184	158	323	835
Fjöldi kvigna eldri en 24 mán	250	106	52	304	712
Endurnýjunarhlutfall	22,1	25,0	31,3	25,1	25,3
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	80,4	98,1	94,2	97,9	94,0

Kjötsframleiðsla síð. 12 mán.

Fjöldi slátraðra gripa	707	824	486	1.157	3.174
Hlutfall með sláturgögn	90,5	93,2	92,7	96,3	93,6
Meðalframleiðsla á bú	9.395,7	9.598,3	5.658,9	6.477,9	7.501,2
Meðalþungi					
Kýr	234,0	237,5	227,4	219,7	227,1
Ungneyti	255,7	302,5	275,3	263,2	273,9
Meðalflokkun					
Kýr	5,1	4,2	4,2	3,3	3,9
Ungneyti	5,4	7,1	7,0	6,1	6,3
Meðalaldur við slátrun					
Kýr	1.992,1	2.416,3	2.807,0	2.311,7	2.342,3
Ungneyti	698,4	719,4	666,6	701,2	699,8
Vaxtarhraði, g/dag	348,2	416,5	407,0	364,3	381,3
Oll bú Ungneyti 12 - 30 mán.					
Fjöldi	1.350	1.947	2.737	3.524	9.558
Meðalflokkun	4,5	5,3	4,9	5,0	5,0
Meðalþungi	244,0	266,6	263,5	251,9	257,1
Meðalaldur	727,3	734,0	727,4	736,3	732,0

Heilsufar síð. 12 mán

Hlutfall með sjúkdómaskráningu	5,6	0,0	29,5	9,5	8,7
Kýr					
Fjöldi sjúkdómstillfella á árskú	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0
Bráðadauði/slys, hlutfall	0,4	0,5	0,5	0,5	0,5
Kálfar					
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	11,0	13,4	20,8	7,2	12,2
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	6,7	3,6	6,7	2,4	4,3
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	2,6	3,2	4,4	1,6	2,6

Frjósemi síð. 12 mán

Fjöldi fæddra kálfa	620	554	458	1.087	2.719
Bil milli burða	467	437	416	477	457
Aldur við 1. burð	32,3	26,7	27,8	31,1	29,9
Fjöldi sæðinga	48	62	229	282	621
Fjöldi sæddra kúa	44	49	169	214	476
Fjöldi sæddra holdakúa	34	41	160	173	408
Sæðingar á kú	1,1	1,3	1,4	1,3	1,3
Dagar frá burði til 1. sæðingar	129,1	111,4	107,8	105,9	108,6
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	11,5	29,8	43,9	20,2	24,2

Tafla 1: Ársuppgjör nautakjötsframleiðslunnar 2024.

Heimild og töflur / Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Tafla 2. Bú með mestan meðalfallþunga árið 2024, 10 efstu

Búsnr.	Bú	Fjöldi gripa	Meðalaldur, dagar	Meðalþungi, kg	Meðalvöxtur g/dag
1528841	Breiðaból	32	797	382,6	461,1
1637871	Nýibær	66	607	378,0	604,5
1462181	Saurbær	11	720	363,9	485,6
1590981	Berufjörður	11	680	355,8	500,6
1633581	Herjólfstaðir 2	11	882	345,3	374,6
1261431	Kiðafell	22	766	344,9	432,6
1670941	Gýgjarhólskot	28	839	344,4	393,1
1461591	Daufá	18	750	341,4	436,2
1464071	Hofsstaðasel	226	638	337,7	519,1
1462131	Reykir	31	528	337,7	621,6

burða er því nálægt 15 mánuðum sem er töluvert lengra en svo að meðalkýrin nái einum burði á ári. Framleiðsla nautakjöts með holdakúum verður tæpast arðbær hérlendis nema að þessi

þáttur taki breytingum til batnaðar. Við þetta bætist að hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð er 12,2% (14,1%), 4,3% (4,7%) við aðra burði og vanhöld frá 0-6 mánaða 2,6% (3,3%) þannig

að fjöldi kálfa til nytja verður töluvert langt innan við kálf á kú á ári. Tölur í svigum hér eru frá fyrra ári. Í heildina dregur umtalsvert úr vanhöldum sem er af hinu góða.

Notkun sæðinga á þessum búum jókst aðeins milli ára. Þannig voru sæddar 476 kýr á árinu 2024 samanborið við 451 kú árið áður. Hlutfall sæddra kúa hækkar því í 14,5% úr 13,1%. Fjöldi sæddra kúa af erlendu kyni var 408 af þessum 451 sem sæddar voru. Til jafnaðar voru kýrnar sæddar 1,3 (1,3) sinnum og að meðaltali liðu 108,6 (103,4) dagar frá burði til 1. sæðingar. Þær kýr sem eru sæddar þetta löngu eftir burð munu ekki bera með 12 mánaða millibili. Þetta er þáttur sem gefa þarf betri gaum.

Tölur úr skýrsluhaldinu ber saman við afkomutölur. Búum fer nú fækkandi, meðalbúið stækkar og þau bú sem notfæra sér Angus-erfðaeftnið eru greinilega að ná stórstíggum framförum.

Árangur einstakra bóa

Það bú sem náði mestum meðalþunga gripa á nýliðnu ári var Breiðaból á Svalbarðsströnd þar sem meðalfallþungi 32 gripa var 382,6 kg. Annað lítið á þessum lista er Nýibær undir Eyjafjöllum með meðalfallþunga upp á 378,0 kg og þriðja í röðinni er Saurbær í Skagafirði þar meðalfallþunginn var 363,9 kg. Í töflu 2 má sjá þau 10 bú sem náðu mestum meðalfallþunga á árinu 2024.

Eitt er að ná sláturgripum þungum, annað er að ná þeim sem þyngstum á sem skemmstum tíma. Góður mælikvarði á það er vaxtarhraði. Í töflu 3 er listi yfir þau bú sem náðu mestum meðalvaxtarhraða gripa á árinu 2024 og er meðalvöxturinn reiknaður út frá aldri og fallþunga.

Kjötmatið á að gefa góða vísibendingu um kjötgæði og í töflu 4 er að finna lista yfir þau bú sem náðu hæstri einkunn í holdflokkun á árinu 2024. Þar er eins og svo oft holdflokkun umreiknuð í eina tölu þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U = 11 og E = 14.

Mestur þungi og vöxtur

Þyngsta ungneypa, þ.e. gripur á aldursbilinu 365 til 730 daga (12-30 mán.), sem slátrað var árinu 2024 var naut nr. 236 í Hægindi í Reykholtssdal. Þessi gripur var holdablendingur, 71% Angus, 6% Limousine, 6% Galloway og 17% íslenskur, undan Erpi 20402 og vóg 460,6 kg er honum var slátrað við 644 daga aldur. Hann flokkaðist í UN R3+. Í töflu 5 má sjá þau ungneypu sem náðu yfir 425 kg fallþunga á árinu 2024 en þau voru þrettán talsins og frá fjórum búum. Þetta eru allt gripir sem hafa náð sérlega miklum vexti og þar með þunga en athygli vekur að þarna skila nýju Angus-nautin ákaflega góðu. Rétt er að benda á að naut nr. 16378711204 í Nýjabæ sem á nokkra syni þarna í töflunni var sonur Vísis-ET 18400.

Í töflu 6 má sjá þau ungneypu sem náðu mestum daglegum vexti reiknuðum út frá fallþunga. Miðað er við að gripirnir hafi náð a.m.k. 450 daga aldri við slátrun og reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Mestum eða hröðustum vexti ársins náði naut númer 1495 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Sá gripur var holdablendingur, 61% Angus, 28% íslenskur og 11% Limousine. Vöxtur þessa grips reiknast miðað við áður nefndar forsendur 760,5 g/dag sem er geysigóður vöxtur. Aðrir bæir sem hér koma við sögu eru Reykir og Hofsstaðasel í Skagafirði og Grænahlið í Eyjafirði.

Þessar tölur og listar yfir þá gripi sem eru þyngstir og ná mestum vexti

Tafla 3. Bú með mestan meðalvaxtarhraða árið 2024 (10 efstu)

Búsnr.	Bú	Fjöldi gripa	Meðalaldur, dagar	Meðalþungi, kg	Meðalvöxtur g/dag
1462131	Reykir	31	528	337,8	621,6
1524321	Efstaland	25	467	298,4	616,5
1637871	Nýibær	66	607	378,0	604,5
1464071	Hofsstaðasel	226	638	337,7	519,1
1650831	Guttormshagi	10	570	303,2	508,5
1590981	Berufjörður	11	680	355,8	500,6
1462181	Saurbær	11	720	363,9	485,6
1534351	Kvíaból	108	588	290,3	468,9
1525161	N-Vindheimar	11	655	314,4	462,0
1528841	Breiðaból	32	797	382,6	461,1

Tafla 4. Bú með hæstu holdflokunareinkunn á árinu 2024 (10 efstu)

Búsnr.	Bú	Fjöldi gripa	Meðalaldur, dagar	Meðalþungi, kg	Meðalholdflokun
1462131	Reykir	31	528	337,7	10,10
1260851	Háls	18	748	313,8	10,00
1524321	Efstaland	25	467	298,4	9,52
1590981	Berufjörður	11	680	355,8	9,45
1538291	Árbót	37	735	309,0	8,84
1664911	Reykir	30	682	323,6	8,50
1638941	Skíðbakki 2	35	731	284,0	8,49
1464071	Hofsstaðasel	226	638	337,7	8,43
1534101	Fremstafell 2	21	742	317,1	8,38
1528281	Ytra-Fell	31	685	307,3	8,32

Tafla 5. Þyngstu ungneйти (365-730 daga) á árinu 2024 (yfir 425 kg fall)

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, dagar	Þungi, kg	Flokkun
0236 (naut)	Hægindi	Erpur-ET 20402	AA x IS x Li x Ga	644	460,6	UN R3+
0192 (naut)	Hvítanes	1637871197 Nonni	AA x Li x IS	663	455,9	UN R3+
1359 (naut)	Nýibær	Eðall-ET 20403	AA x Li x IS	630	452,0	UN U3-
1430 (naut)	Nýibær	16378711204	AA x Li x IS	645	450,5	UN U3-
1346 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS	698	447,4	UN R+3
1418 (naut)	Nýibær	16378711204	AA x IS x Li	674	447,0	UN R+4-
1495 (naut)	Nýibær	Jóakim 21403	AA x Li x IS	552	439,8	UN R3+
1402 (naut)	Nýibær	16378711204	AA x IS x Li	644	439,6	UN R3+
1413 (naut)	Nýibær	16378711204	AA x IS x Li	655	436,5	UN U3-
1879 (naut)	Skáldabúðir	Eðall-ET 20403	AA x Li x IS	714	435,1	UN U3-
1349 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	632	428,2	UN R+3-
1409 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	668	425,4	UN R3-
1410 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	679	425,4	UN R3+

Tafla 6. Ungneйти með mestan daglegan vöxt á árinu 2024 (10 efstu)

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, dagar	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
1495 (naut)	Nýibær	Jóakim 21403	AA x Li x IS	552	439,8	UN R3+	760,5
1475 (naut)	Nýibær	Erpur-ET 20402	AA x IS x Li	529	401,6	UN R+3-	721,4
0199 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Ga x Li x IS	462	350,6	UN U3-	715,6
1452 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	549	412,8	UN R3-	715,5
0180 (naut)	Reykir	Máttur-ET 19404	AA x IS x Ga x Li	471	356,4	UN R+2+	714,2
0208 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Li x Ga x IS	471	355,0	UN U2+	711,3
1321 (naut)	Grænahlíð	Erpur-ET 20402	AA x IS	537	397,7	UN U2+	703,4
1522 (naut)	Nýibær	16378711251	AA x IS x Li	496	367,4	UN R+3-	700,4
1871 (naut)	Hofsstaðasel	Eðall-ET 20403	AA x Ga x IS	462	343,4	UN RU2+	700,0
1516 (naut)	Nýibær	Jenni 21405	AA x IS x Li	536	395,2	UN R3	700,0

sýna vel hve holdablendingarnir skara fram úr, einkum og sér í lagi synir og afkomendur yngri Angus-nautanna frá einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Allir gripirnir í töflum 5 og 6 eru synir eða sonarsynir þeirra nauta.


Þá verður ekki hjá því komist að nefna þann glæsilega árangur sem náðst hefur í Nýjabæ undir Eyjafjöllum. Ef rýnt er í tölur má glögg sjá að stefnan er að framleiða gripi sem skila miklum vexti og kjötgæðum en ekki endilega gríðarmiklum þunga. Fremur er horft til þess að gripirnir nái góðum sláturþunga á þeim tíma sem hentar og ekki þurfi að ala þá nema einn vetur á húsi.

Ef við skoðum meðfylgjandi graf sjáum við að afkvæmi Angus-nautanna frá NAUTÍS ná meiri þunga á styttri tíma, þ.e. þau vaxa hraðar en önnur ungneйти sem slátrað var á síðasta ári. Þegar reiknaður er meðalvaxtarhraði á dag út frá fallþunga kemur í ljós að afkvæmi nýju Angus-nautanna uxu sem nam

454,0 g/dag meðan önnur ungneйти náðu vexti sem nam 316,1 g/dag. Þarna munar tæplega 140 grömmum á dag sem þýðir að á einni viku ná afkvæmi hreinræktuðu Angus-nautanna um 1 kg meira af kjöti en hinir gripirnir.

Tölur ársins 2024 gefa til kynna að eldi sláturgripa tekur framförum og vegur þar tilkoma nýja Angus-erfðaefnisins án efa þungt en tilkomu þess er farið að gæta svo um munar í sláturtölum. Hins vegar er breytileikinn alltof mikill eins og grafið sýnir okkur þar sem mikill fjöldi ungneйти nær ekki 200 kg fallþunga við slátrun. Það vantar því töluvert upp á að eldi gripa til kjötrframleiðslu sé nægilega gott þó töluvert hópur nái orðið mjög góðum árangri á því sviði.

Að lokum er full ástæða til þess að óska þeim framleiðendum sem náð hafa góðum árangri við framleiðslu á nautakjöti til hamingju með þann árangur. Allar tölur í greininni miðast við stöðu gagnagrunns þann 15. janúar 2025.



Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Skipulagsauglýsing

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

1. Deiliskipulag ofanflóðavarnir Bíldudalur.

Deiliskipulagssvæðið er um 12,9 ha að stærð og nær yfir fyrirhugað snjóflóðavarnarsvæði ofan byggðar á Bíldudal. Reistar verður 8- 14 m háar og 1000 m langur þvergarður ofan byggðarinnar en neðan Stekkjar-, Klofa-, Merki- og Innstagsils. Jafnframt verða reistar þrjár 4,5 m háar keilur neðan Stekkjargils. Fyrir liggur samþykki landeigenda Litlu Eyrar fyrir deiliskipulaginu.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag skóla-, íþrótt- og þjónustusvæðis á Bíldudal, óveruleg breyting.

Breytingin fjallar um að bætt er við kvöð um lagnaleið sunnan við skólabyggingu en um er að ræða fráveitulögn vegna ofanflóðavarna ofan byggðar við Bíldudal. Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, og eru einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Mál 1: Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 4. mars 2025. Skila skal athugasemdum undir málnúmerinu 1483/2024 í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Mál 2: Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 13. febrúar 2025 undir málnúmeri 62/2025 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar

Virðingarfyllt,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Lífræn hreinsistöð




Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

WPL
Diamond



Óðinsharar á votlendistjörn.

Mynd / Iðunn Hauksdóttir

Verndun votlendis

Samkvæmt lögum er eitt af verkefnum Lands og skógar að leiðbeina um vernd vistkerfa þ.m.t. vernd votlendis. Þessu verkefni sinnir stofnunin meðal annars með því að fræða um mikilvægi votlendis, líkt og gert verður í þessum pistli.

Votlendi eru mikilvæg vistkerfi og njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Það undirstrikar mikilvægi votlendis að fyrsti alþjóðasamningurinn um náttúruvernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, Ramsar-samningurinn, frá árinu 1971 (sem Ísland gerðist aðili að 1978), var um verndun og skynsamlega nýtingu votlendis. En hvers vegna að vernda votlendi?

Votlendi er mikilvægt búsvæði plantna, fugla, fiska og smádyra. Stór hluti fugla á Íslandi byggja afkomu sína að einhverju leyti á votlendi og þar eru oft mjög fjölbreyttar tegundir plantna og smádyra. Með því að vernda votlendi erum við því að vernda líffræðilega fjölbreytni.

Votlendi er einnig mikilvægt þar sem það geymir verulegan hluta kolefnisforða jarðar. Kolefni safnast fyrir í jarðvegi votlendis sem lífrænt efni vegna þess að þar eru aðstæður vatnsmettaðar og súrefnissnaðar. Aðstæður í votlendisjarðvegi eru því ekki hliðhollar rotverum og sá lífræni massi sem fellur til ár hvert, t.d. í formi sölnaðra plantna, brotnar ekki niður nema að hluta til, en safnast þess í stað upp. Mór, sem nýttur var sem eldsneyti hér á árum áður, og er enn nýttur víða

í heiminum, er fenginn úr lífræna massa mýra. Verndun votlendis kemur því í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda.

Votlendi bætir líka vatnsbúskap svæða og temprar vatnsflæði. Í miklum rigningum dregur votlendi til sín vatn eins og svampur en miðlar því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðheldur það jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa, minnkar hættu á flóðum, sveiflum í vatnsrennsli og jarðvegsrofi. Þau hamfarafloð sem orðið hafa í heiminum á síðustu árum má mörk rekja til þess að votlendi er horfið og því ekkert til að tempru áhrif mikilla rigninga eða leysinga. Verndun votlendis getur því veitt vernd gegn náttúruvá og er mikilvæg aðlögunaraðgerð gegn loftslagsbreytingum.

Votlendi eru því ein af merkilegustu og mikilvægustu vistkerfum landsins og jarðarinnar í heild. Með því að endurheimta röskuð votlendi erum við að endurvekja þessi gæði sem óröskuð votlendi gefa okkur. Fjölmargar rannsóknir bæði innlendar og erlendar hafa sýnt að við endurheimt koma fuglarnir til baka, líffræðileg fjölbreytni eykst, vatnsgæði batna og það dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. En vernd votlendis er samt alltaf besti kosturinn því að það tekur ansi langan tíma þar til að endurheimt votlendi verður jafn auðugt og óraskað.

Bryndís Marteinsdóttir, sviðsstjóri hjá Landi og skógi.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Kyngreint sæði í notkun

Nú eru nýkomin í notkun sex ný naut og þar af stendur til boða kyngreint sæði úr fimm þeirra. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að notkun þeirra verður í tilraunaskyni þannig að hvorki frjótkænar né notendur vita hvort um er að ræða kyngreint eða hefðbundið sæði við notkun þeirra.

Þetta er gert til þess að val hafi ekki áhrif á niðurstöðurnar. Helmingur þess sæðis sem fer í dreifingu úr þeim er kyngreindur og helmingur hefðbundið sæði. Þannig má leiða líkum að því að um 20–25% fleiri kvígukálfar fæðist undan þessum nautum í fyllingu tímans.

Þau naut sem koma til notkunar með kyngreindu og hefðbundnu sæði núna eru Snáði 23017, Stimpill 23020, Maddi 23022, Sokkur 23023 og Abraham 23030. Þá kemur Seimur 23021 einnig til notkunar á hefðbundinn hátt, þ.e. úr honum er einungis hefðbundið sæði. Hér á eftir er að finna nánari upplýsingar um þessi naut.

Snáði 23017 er frá Hnjúki í Vatnsdal undan Búka 17031 og móðurfaðir er Máni 1447162-0375. Snáði var valinn á stöð á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Snáða gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kúr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hátt próteinhlutfall. Þetta ættu að verða bolléttar kúr og háfættar. Júgurgerðin góð, vel borin júgur með góða festu en ekki mjög greinilegt júgurband. Spenar eilítíð stuttir og grannir og vel settir. Mjaltir og skap í meðallagi. Heildareinkunn 113.

Stimpill 23020 er frá Syðri-Bægisá í Óxnadal. Faðir er Ós 17034 og móðurfaðir Ýmir 13051. Stimpill var valinn á stöð á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Stimpils gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar kúr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en próteinhlutfall undir meðallagi. Þetta ættu að verða í meðallagi bolmiklar kúr og háfættar. Júgurgerðin góð, mjög vel borin júgur með prýðilega festu og greinilegt júgurband. Spenar eilítíð stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir mjög góðar og skap í góðu meðallagi. Heildareinkunn 111.

Maddi 23022 er frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi undan Banana 20017 og móðurfaðir er Hálfmáni 13022. Maddi var valinn á stöð á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Madda bendir til að dætur hans verði í góðu meðallagi mjólkurlagnar kúr með hlutföll verðefna í mjólk nærri meðallagi. Þetta ættu að verða bolléttar kúr og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin úrvalsgóð, mjög vel borin júgur með mikla festu og mjög greinilegt júgurband. Spenar fremur stuttir, aðeins þykkir og mjög vel settir. Mjaltir mjög góðar sem og skapið. Heildareinkunn 114.

Sokkur 23023 er frá Hvanneyri í Andakíl undan Beyki 18031 og móðurfaðir er Sjarmi 12090. Sokkur var valinn á stöð á grunni erfðamats og því byggir umsögn



Snáði 23017 er frá Hnjúki í Vatnsdal undan Búka 17031 og móðurfaðir er Máni 1447162-0375.

Myndir / Sveinbjörn Eyjólfsson



Maddi 23022 er frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi undan Banana 20017 og móðurfaðir er Hálfmáni 13022.



Abraham 23030 er frá Gýgjarhólskoti í Biskupstungum. Faðir er Skáldi 19036 og móðurfaðir Glymur 18037.

ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Sokks gefur til kynna að dætur hans verði mjög mjólkurlagnar kúr með hlutfall fitu í mjólk undir meðallagi en próteinhlutfall vel yfir meðallagi. Þetta ættu að verða bolmiklar kúr og í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin meðalgóð, meðalvel borin júgur með prýðilega festu og greinilegt júgurband. Spenar hæfilegir að lengd og þykkir og vel settir. Mjaltir meðalgóðar og skapið mjög gott. Heildareinkunn 114.

Abraham 23030 er frá Gýgjarhólskoti í Biskupstungum. Faðir er Skáldi 19036 og móðurfaðir Glymur 18037. Abraham var valinn á stöð á grunni erfðamats og því byggir umsögn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Abrahams bendir til að dætur hans verði mjólkurlagnar kúr með hlutfall fitu um meðallag en próteinhlutfall undir meðallagi. Þetta ættu að verða frekar bolléttar kúr og háfættar. Júgurgerðin góð, vel borin júgur með góða festu en ekki mjög greinilegt júgurband.

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463






Stimpill 23020 er frá Syðri-Bægisá í Öxnadal. Faðir er Ós 17034 og móðurfaðir Ýmir 13051.



Sokkur 23023 er frá Hvanneyri í Andakíl undan Beyki 18031 og móðurfaðir er Sjarmi 12090.



Seimur 23021 er frá Litla-Ármóti í Flóa. Faðir er Títan 17036 og móðurfaðir Kópur 16049.

Spenar hæfilegir að lengd, fremur þykkir og vel settir. Mjaltir góðar og skapið úrvalsgott. Heildar-einkunn 110.

Seimur 23021 er frá Litla-Ármóti í Flóa. Faðir er Títan 17036 og móðurfaðir Kópur 16049. Seimur var valinn á stöð á grunni erfðamats og því byggir umsógn ekki á hans eigin dætrum. Erfðamat Seims bendir til að dætur hans verði mjólkurlagnar kúr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag og próteinhlutfall yfir meðallagi. Þetta ættu að verða bolmíklar kúr og háfættar. Júgurgerðin í góðu meðallagi, meðalvel borin júgur með prýðilega festu en ekki mjög greinilegt júgurband. Spenar fremur stuttir, aðeins þykkir og vel settir. Mjaltir úrvalsgóðar og skapið gott. Heildareinkunn 111.

Á sama tíma fer nokkur hópur nauta úr notkun eða þeir Nafni 19009, Magni 20002, Pinni 21029, Vorsi 22002, Hnallur 22008, Ægir 22010, Flammi 22020, Strókur 22023, Drungi 22024, Úlfar 22026, Þrymur 22027, Hrauni 22030 og Goði 23018. Þessi naut eru ýmist búin að vera lengi í notkun eða hún farin að minnka. Þannig má telja þá fullnotaða nema hvað í tilvikum Goða 23018 er sæði úr honum uppuríð.

” Sá galli er þó á gjöf Njarðar að notkun þeirra verður í tilraunaskyni ...

Reykhóll 23002, Ísjaki 23004, Miði 23006, Dúskur 23006, Siffi 23009, Gráni 23010, Hvinur 23015 og Nenni 23016 verða áfram í notkun. Þannig verða því 14 naut í notkun næstu vikurnar.

Rétt er að geta þess að á sama tíma og sæði úr íslensku nautunum var kyngreint var einnig tekið sæði í Angus-nautinu Lunda 23403 til kyngreiningar. Það sæði var kyngreint á hinn veginn þannig að það gefur nautkálfa en ekki kvígukálfa (Y-sæði). Kyngreint sæði úr Lunda er komið til dreifingar og er ekki í neinni tilraun þannig að það er í boði til þess að fá nautkálfa.

Guðmundur Jóhannesson er ábyrgðarmaður í nautgripærkt.



AKURShús - íbúðarhús og frístundahús
Afhent úppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað
- Allt eftir þínum óskum

Íslensk hönnun & framleiðsla



65 ára
1959-2024

Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt

Sendu okkur línu á akur@akur.is



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spennu 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-



Varmás

Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

KNOTT
AL-KO
QUALITY FOR LIFE
DEXTER

VARAHLUTIR Í KERRUR



Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is

Bílabúðin
Stál og stansar

Loftslagsvegvisir bænda:

Beint samráð meðal félagsmanna

Dagana 23. janúar til 6. febrúar verður Loftslagsvegvisir bænda í samráðsferli meðal félagsmanna Bændasamtakanna.



Hilmar Vilberg Gíslason.

Eitt af áherslumáttum stjórnar samtakanna er að ná góðu samtali við grasróttina til viðbótar öflugur heildunur félagsstarfi. Á þessum grundvelli hefur verið ákveðið að loftslagsvegvisirinn verði á framanreindu tímabili til kynningar meðal félagsmanna inni á Mínum síðum Bændasamtakanna, þar sem allir félagsmenn eiga möguleika á að koma að sínum ábendingum. Er þetta samráðsferli undanfari þess að bæði deildafundir búgreina og Búnaðarþing taki vegvisinn til umfjöllunar og endanlegrar samþykktar.

Stefnumörkun eins og loftslagsvísir þarf að þjóna hagsmunum landbúnaðarins í heild á sama tíma og aðgerðirnar miða að því að mæta áskorunum í loftslagsmálum. Þáttaka bænda í þróun og útfærslu vegvísisins er því nauðsynleg til að tryggja að hann nýtist sem best. Allir félagsmenn eru þess vegna hvattir til að kynna sér efnið og koma með ábendingar kjósi þeir svo.

Af hverju loftslagsvegvisir bænda?

Loftslagsvegvisir bænda er stefnumörkun bænda sem er ætlað að tryggja að aðgerðir í loftslagsmálum sem tengjast landbúnaði taki mið af fjárhagslegri afkomu bænda og íslenskum aðstæðum. Íslenskir bændur hafa verið framarlega í flokki í að innleiða aðgerðir sem hafa dregið úr losun og er lögd áhersla á að bændur geti með slíkri stefnumörkun, eins og loftslagsvegvisinum er ætlað að vera, haldið áfram á þeirri vegferð. Loftslagsvegvisirinn leggur áherslu á víðtæka samvinnu og yfirvegaða nálgun á aðgerðir vegna sérstöðu landbúnaðar þar sem um 96% losunar í landbúnaði kemur frá lífrænum ferlum.

Vegvisirinn byggir á því að það er nauðsynlegt fyrir samfélagið að horfast í augu við mannfjöldapröun og þær áskoranir sem því fylgja í fæðuöflun fyrir þjóðina. Eftir því sem fleiri eru í mat þarf meiri mat og landbúnaður er frumframleiðsla á matvællum og öðrum nauðsynjun, í því liggur sérstaða. Vegna sérstöðu




landbúnaðarframleiðslu er gengið út frá því í loftslagsvegvisinum að viðurkenna þurfi reynslu og þekkingu bænda og samhliða að byggja aðgerðir í loftslagsmálum á gögnum, þekkingu úr fræðasamfélaginu og fyrir fram ákveðnum forsendum sem tryggja að aðgerðirnar gangi ekki gegn matvælaöryggi, fæðuöryggi og velferðarsjónarmiðum.

Vinna við Loftslagsvegvisi bænda á sér nokkuð langan aðdraganda. Unnið hefur verið eftir þeim grunni og áherslum sem settar voru með Umhverfisstefnu landbúnaðarins sem fulltrúar bænda samþykktu á Búnaðarþingi árið 2020. Vegvisirinn er einnig unninn með hliðsjón af markmiðum og skuldbindingum stjórnvalda í málaflokknum. Í þessari vinnu hefur stjórn Bændasamtakanna lagt áherslu á þétt samtal við félagsskerfi bænda innan samtakanna ásamt því að leita í þekkingarbrunn dótturfélags samtakanna, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML). Einnig hafa samtökin í þessu ferli átt gott samstarf við ráðuneyti, stofnanir og aðra hagaðila.

Loftslagsvegvisir bænda snýst því ekki um að gjörbylta íslenskum landbúnaði. Yfirvegun, skynsemi og sannprófun eru til dæmis forsendur aðgerða. Lykillinn að því að ná árangri í loftslagsmálum landbúnaðarins er að skoða hvar og hvernig við höfum verið að ná árangri síðustu áratugina og nýta þá þekkingu. Á sama tíma eigum við að vera opin fyrir að skoða allar hugmyndir að aðgerðum og rýna til gagns. Með því að byggja á reynslu, þekkingu og jákvæðum hvötum þá er bændum ekkert að vanbúnaði að halda áfram á sömu braut árangurs. Markmiðið er einfalt, að efla íslenskan landbúnað og að íslenskir bændur geti á sama tíma framleitt loftslagsvænstu afurðir í heimi.

Tökum höndum saman um að móta sjálfbærari framtíð landbúnaðarins!

Höfundur er sérfræðingur í sjálfbærni hjá BÍ.



Fréttir í síðustu viku um lokun Kornax-verksmiðjunnar í Sundahöfn eru bæði stórar fréttir og vondar fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar. Mynd / Al

Mætir fæðuöryggi okkar afgangi?

Fréttir í síðustu viku um lokun Kornax-verksmiðjunnar í Sundahöfn eru bæði stórar fréttir og vondar fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar. Þetta öryggi sem stöðugt fleiri eru meðvitaðir um að verður að tryggja eins og hægt er með öllum tiltækum ráðum bæði í bráð og lengd. Við vitum auðvitað um þann veikleika að fæðuframléiðsla á Íslandi verður alltaf háð innflutningi á aðföngum. Við vitum hins vegar líka að það er bæði hægt að minnka innflutningsþörfina og stóruka birgðasöfnun í landinu. Hið fyrnefnda er langtíma verkefni en öryggisbirgðir samfélagsins má nánast byggja upp á augabragði. Svona rétt eins og þegar heimilin ákveða að fjárfesta í dósamat og vatni ef skórin skyldi skyndilega krepna.

Hvað heimilin varðar eru til ákveðnar leiðbeiningar um hvað geti verið hæfilegt að eiga á lagernum fyrir hverja fjölskyldustærð. Hvað heilt samfélag varðar reynir á einhverja blöndu af eigin áhættumati, útreikningum og pólitískri ákvarðanatöku um hversu stórt borð sé eðlilegt að hafa fyrir báru við þær ólíku aðstæður sem geta skapast. Þetta er eflaust flókin vinna sem leiðir væntanlega aldrei til vísindalegrar niðurstöðu sem ekki verður deilt um. En vinnuna þarf samt að inna af hendi. Mér vitanlega hefur það ekki verið gert hér á landi nema þá e.t.v. í einhverju skötulíki.

Þess vegna var afar ánægjulegt að sjá það daginn sem þessar línur eru skrifaðar að matvælaráðherra hefur strax brugðist við Kornax-fréttinni og hvatt til þess að allar leiðir verði skoðaðar til þess að halda hveitiframleiðslu áfram í landinu. Haft er eftir Helga Eyleifi Þorvaldssyni, aðjunkt við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, að nágrönnum okkar á Norðurlöndum þygi hæfilegt að hafa öryggisbirgðir sínar af hveiti nægar fyrir 6–12 mánaða neyslu. Hérlendis höfum við látið 3–4 mánaða birgðir duga. Við lokun Kornax-verksmiðjunnar verði allt hveiti flutt til landsins í sekkjum og þá megi gera ráð fyrir að birgðahald verði ekki meira en til eins mánaðar eða svo. Það er því fagnadarefni að matvælaráðherra hvetji m.a. til þess að ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um að Kornax sé ekki heimilt að reisa

nýja verksmiðju á Grundartanga verði kærð og mögulega endurskoðuð í kjölfar þess.

Aðrar öryggisbirgðir tengdar okkar eigin matvælaframleiðslu og um leið fæðuöryggi landsmanna þarfnast líka árvekni og umræðu. Hvað finnst okkur hæfilegt að eiga miklar varabirgðir af föðri sem er t.d. grunnforsenda fyrir alifugla- og svínarækt? Hvað er eðlilegt að safna upp miklum eldsneytisbirgðum þegar óveðursský stríðsátaka í heiminum hrannast upp? Og hvað eru hæfilegar varabirgðir af sáðvöru og áburði?

” En vinnuna þarf samt að inna af hendi. Mér vitanlega hefur það ekki verið gert hér á landi nema þá e.t.v. í einhverju skötulíki ...

Svörin við spurningunum hér að ofan eru eflaust nánast eins mismunandi og þau eru mörg. Og vitaskuld eru þau líka mismunandi eftir því hvort við lifum á friðartímum eða ekki. Gerum við það um þessar mundir? Svarið er líklega nei og þá ekki síst ef við lítum þannig á að heimsfaraldrar sjúkdóma og veðurhamfarir sökum loftslagshlýnunar ógni a.m.k. stöðugleikanum sem við höfum búið við í svo langan tíma.

Í síðustu viku bárust einnig fréttir af gin- og klaufaveiki í Þýskalandi. Mér dettur ekki í hug að gera þann vonda veruleika að einhverri sérstakri ógn við Ísland en hún leiðir samt hugann auðvitað að því hvað landfræðileg einangrun okkar og afdráttarlaus hreinleiki landbúnaðarframleiðslunnar eru mikil verðmæti í eignasafni þjóðarbúsins. Varðveisla þeirra er ekki á ábyrgð bænda heldur stjórnvalda. Vonandi munu slík grundvallaratriði komast að í viðræðunum sem fram undan eru á þessu ári um nýja búvörusamninga. Þar fáum við bændur eflaust kærkomið tækifæri til þess að

reifa margt fleira en einungis það sem snertir fjárhagslega afkomu búgreinanna.

Ég geri ekki lítið úr þeim bútasami og lagfæringum sem gerðar hafa verið fyrir einstakar búgreinar á undanförunum misserum og árum. Þar sýndu þáverandi stjórnvöld langþráðan skilning á bráðum vanda sem víða blasti með og brugðust við honum með þakkarverðum hætti. Í komandi búvörusamningum reynir hins vegar ekki á reddingardur heldur fjárfestingar og stöðugleika hvað varðar eðlilega afkomu og samkeppnishæf laun fyrir vinnu bænda. Öðruvísi keppum við ekki um atgervi ungs fólks þegar það velur sér leiðir til menntunar og starfsvettvang.



Trausti Hjálmarsson.

Verkefni þeirra sem setjast að samningaborði vegna nýrra búvörusamninga verður að horfa yfir allt svið íslensks landbúnaðar til langs tíma. Það er krefjandi og kannski illmögulegt á sama tíma til matvælaframleiðslu er hins vegar að fara ekki síðar en á árinu 2027 í þjóðaratkvæðagreiðslu um mögulegar samningaviðræður um aðild að Evrópusambandinu. Það er líka í umræðunni um þessar mundir að heimila innflutning og notkun á nýju kúakyni. Hvort tveggja eru auðvitað byltingarkenndar breytingar fyrir umgjörð hins hefðbundna landbúnaðar okkar.

Þessu til viðbótar er svo nýkviknaður áhugi fjölmargra erlendra aðila til uppkaupa á jarðnaði bænda í öðrum tilgangi en til matvælaframleiðslu. Þar geta einstaka bændur vissulega lent í miklum og óvæntum uppgripum. Afkoma bænda sem yrkja jörðina til matvælaframleiðslu er hins vegar grundvallarþáttur í fæðuöryggi þjóðarinnar. Þess vegna eru komandi búvörusamningar þá líka. Varaförði okkar á mikilvægum þóttum eins og korni, eldsneyti, áburði, föðri o.s.frv. skiptir auðvitað máli en það er hin daglega framleiðsla í okkar eigin landi sem ávallt verður hryggjarstykkið í fæðuöryggi þjóðarinnar. Það öryggi má aldrei mæta afgangi.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldprotaréttur stjórnsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000 Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



Fundaraðstaða skógarbænda í Danmörku er á næstefstu hæð í byggingunni fyrir aftan höfundu greinarinnar, Hlyn (t.v.) og Dagbjart, en þeir standa hér á miðju Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn. Mynd / Guðrún Steinþórsdóttir

Skógvínir í Skandinavíu

Skógarbændur á Íslandi fá eins mikla aðstoð og þurfa þykir frá félögum okkar á Norðurlöndum, ef marka má viðleitni félaga okkar í norrænu skógarbændasamtökunum NSF (Nordic family forest) gagnvart okkur Íslendingum, á fundi sem fór fram í húsnæmnum Skógarbændafélaga Danmerkur við Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn í síðustu viku, nánar tiltekið 16. janúar.

Leynt og ljóst hefur búgreinadeild skógarbænda BÍ unnið að því að meta kosti og galla þess að ganga til samstarfs við þau. Frá síðasta deildarfundi hafa höfundar verið liðtækir á fundum og viðburðum tengdu norrænu samstarfi og myndað góð tengsl. Frá mörgu er að segja og verður hér stiklað á stóru frá nýafstöðnum fundi.

Danskt félagatal

Í Skógarbændasamtökum Danmerkur (Dansk skovforening) eru tæplega 700 félagsmenn. Félagsgjöld miða við flatarmál skóglendis hvers og eins ásamt ákveðnum gróskuflokkum á landsvísi. Sem dæmi um gróskuflokk eru jósku heiðarnar. Sem sagt, félagsgjöld eru ákveðin út frá rúmmálsvexti vænts viðarmagns. Félagsmenn fá vikulega fréttir í tölvupósti og fjögur vegleg fréttabréf á hverju ári þar sem hvert blað er gefið út í 3.000 eintaka upplagi. Blaðið er eingöngu í áskrift, ekki í smásölu, og má því segja að áhugi á skógrækt bænda nái vel út fyrir samtökin. Starfsmennirnir eru 10 og sinna þeir fjölbreyttum samskiptum við pólitíkina. Nokkuð sem í daglegu tali er sennilega kallað lobbísmi eða hagsmunagæsla, ásamt því að miðla til félagsmanna sinna.

Tryggðir Norðmenn

Með samstöðu má ná mjög langt. Misvel hefur gengið að verðleggja skóga og virði afurða þeirra hér á Íslandi, sem hefur meðal annars þær afleiðingar að lítil vitræn umræða næst við tryggingafélag um að tryggja skóga fyrir áföllum. Norðmenn ráku sig á þetta, en í stað þess að sitja aðgerðarlausir stofnuðu þeir Skogbrand, sem er tryggingafélag fyrir skóga sem þeir standa sjálfir að. Skógarbændur greiða einfaldlega gjald eftir því hvað skal tryggja, svo sem: voða, vá eða væru.

Vottun á norðurhvara

Þjóðflokkur Sama í Svíþjóð og Finnlandi eiga í deilum við FSC vottunar-umboðsstofnun sem má rekja til hefða hreindýrahirðingja við eigendur lands í einkaeigu, sem eru um 10%. Deilan hefur magnast jafnt og þétt síðastliðið ár og er nú á viðkvæmu stigi. Þetta gæti leitt til þess að hætt yrði að nota FSC-staðal fyrir timbur hjá þjóðunum

tveimur og þess í stað notast við PEFC-vottunarsamlag, sem tekur á sjálfbærri timburframleiðslu.

Kolefnisáform Dana

Dönsk stjórnvöld eru í fararbroddi hvað varðar aðgerðir og álögur í loftslagsmálum. Nú hafa þeir áform um 250 þúsund hektara aukningu skóglendis og skal því náð fyrir árið 2045. Á næstu tveimur áratugum mun skógarþekjan þeirra aukast úr 10% í 15%. Nánari útlístan er þannig að á einkalandi verður gróðursettur framleiðslumiðaður 150 þ. hektara nytjaskógur, á 80 þ. hekturum verður ósnortinn skógur og 20 þ. verða skógar í og við útmörk þéttbýlis. Auk þess er ætluin að endurheimta votlendi og heiðarland á 140 þúsund hekturum fyrir árið 2030. Danska ríkið ver 6 milljörðum evra í verkefnið, auk viðbótaframlags upp á 1,5 milljarða frá Novo, norrænum fjárfestingasjóði.

Evrópa

Alla jafna er samstarf við Norðurlönd farsælt en atburðarás síðustu misserin hefur teygst sig á brautir Félags skógarbænda í Evrópu (CEPF). Þar er ekki síður eftir miklu að slægjast fyrir skógarbændur BÍ. Reikna má með frekari fregnum af því samstarfi með margvíslegu formi þegar líður á árið. Sem dæmi þá fer mikill hluti af starfi CEPF í upplýsingagjöf og að fara yfir álitamál frá Evrópusambandinu. Að mörgu er að hyggja og því fleiri þjóðir sem standa að samtökum CEPF, því sterkari rödd hafa þau gagnvart Evrópusambandinu. Þó svo að litla Ísland sé kannski enn ekki stærsta tréð í skóginum, þá skipta allir einstaklingar máli, stórir sem smáir.

Hvað næst?

Nú er aukinn þrýstingur á íslensk stjórnvöld að móta sér metnaðarfulla langtíma-, en einnig raunsæja, stefnu í málum loftslags, landbúnaðar og búsetu fyrir komandi kynslóðir. Bændasamtökin eru málsvari skógarbænda. Bændur hafa land, þekkingu og viljann til góðra verka. Nú er bara að blása til sóknar.

Eitt grín að lokum

Þegar Íslendingar hófu samtalið um inngöngu í Norðurlandasamstarfið þá hlakkaði í Dönum, því nú yrðu þeir ekki lengur minnsta skógarþjóðin innan NSF. Þá svöruðu Íslendingar að bragði að möguleikar til skógaraukningar á Íslandi væru umtalsvert meiri en Danir hefðu. „Við skulum sjá hvernig staðan verður árið 2045.“ Þetta vakti upp hlástrasköll fundarmanna.

Dagbjartur Bjarnason, stjórnarmaður í búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ og Hlynur Gauti Sigurðsson, starfsmaður búgreinadeildar skógarbænda BÍ.

Landbúnaðarháskóli Íslands



LEKTOR Í HESTAFRÆÐI

Starf lektors í hestafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhi) er laust til umsóknar. Lbhi býður upp á grunn- og framhaldsnám í hestafræði og myndi viðkomandi koma að uppbyggingu námsins og kennslu, auk þess að sinna rannsóknum tengdum íslenska hestinum.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Byggja upp og leiða alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir í hestafræði með áherslu á íslenska hestinn
- Birta ritrýndar vísindagreinar, afla rannsóknarstyrkja og taka virkan þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi
- Kennsla og þróun námskeiða á grunn- og framhaldsstigi
- Leiðbeina nemendum í rannsóknaverkefnum
- Taka virkan þátt í faglegu þróunarstarfi og uppbyggingu innan háskólans

HÆFNISKRÖFUR

- Doktorspróf í búvísindum, hestafræði eða skyldum greinum
- Þekking og reynsla af rannsóknum í hestafræði
- Reynsla af kennslu, ásamt getu og vilja til fjölbreyttrar þekkingarmiðlunar á fræðasviðinu
- Skýr framtíðarsýn varðandi rannsóknir og þróun fræðasviðsins
- Geta til að vinna sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Samstarfshæfni og lipurð í samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 14.02.2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Guðmunda Smáradóttir, mannauðs- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is, 433 5000
Björn Þorsteinsson, deildarforseti, bjorn@lbhi.is, 433 5000

LBHI.IS • 433 5000

AÐRAR LAUSAR STÖÐUR Í AUGLÝSINGU:

Fjármálastjóri rannsóknaverkefna
Bústjóri Hvanneyrarbúsins ehf
Deildarforseti
Kennsluforseti
Nánar á lbhi.is og starfatorg.is

CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi



Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar

Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16-20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftigeta 1,6-2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vigt
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vökvæðing
- Strikfrí dekk

Hafðu samband við **Gunnar M. Arnþórsson**, sölustjóra, í **590 5135** eða **gma@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.



Reglur um viðskipti með landbúnaðarland í aðildarríkjum ESB

Árið 2021 kom út skýrsla sem ESB lét gera um samanburð á löggjöf um viðskipti með landbúnaðarland innan aðildarríkja ESB. Ástæðan fyrir gerð skýrslunnar var nauðsyn þess að gera grein fyrir hvaða lög og reglur gilda um jarðir í landbúnaðarnotum en ljóst má vera að þær njóta sérstöðu, ekki síst vegna þróunar samfélagsins, matvælaframleiðslu, þróunar landsbyggðarinnar og fæðuöryggis.



Erna Bjarnadóttir.

Þessi skýrsla, sem var unnin af Sameiginlegu rannsóknamiðstöðinni (JRC), fjallar um reglur um markað með landbúnaðarland í 22 aðildarríkjum

ESB (fimm aðildarríki standa utan greiningarinnar). Greiningin beinist að reglum um sölu, leigu, eignarhald og uppskiptingu á landi. Unnið var úr skipulögðum spurningalistum, viðtölum við sérfræðinga og skýrslum á landsvísu.

Helstu flokkar laga og reglna um landbúnaðarland

Reglur sem vernda leiguliða: Reglur fela í sér lágmarks leigutíma, hámarks leigugjöld, sjálfvirkar endurnýjanir og forkaupsrétt fyrir leigjendum.

- Ríki með mikla vernd: Belgía, Frakkland og Spánn.
- Ríki með litla vernd: Danmörk og Finnland.

Vernd landeigenda sem stunda landbúnað: Aðgerðir fela í sér takmarkanir á félagaforni kaupanda, þjóðerni kaupanda, búsetu, reynslu kaupanda og hámarks söluverði.

- Ríki með mikla vernd: Ungverjaland, Pólland og Króatía.
- Ríki með litla vernd: Írland, Danmörk og Finnland.

Vernd landeigenda sem ekki stunda landbúnað: Reglur um lágmarks leigugjöld og hámarks leigutíma.

- Ríki með mikla vernd: Króatía og Frakkland.
- Flest ríki veita litla sem enga vernd í þessum flokki.

Reglur til að koma í veg fyrir uppskiptingu lands: Reglur um lágmarksstærð lands eða landskika og forkaupsrétt fyrir sameigendur.

- Ríki með strangar reglur: Búlgaría, Spánn og Slóvakía.
- Ríki með engar reglur: Belgía, Danmörk og Írland.

Aðrar ráðstafanir: Kröfur um að birta kauptilboð, sölureglur um land í eigu ríkis og sveitarfélaga, forkaupsrétt fyrir ríkisvaldið og opinberar stofnanir, forkaupsréttur fyrir skyldmenn landeiganda og tímafrestir varðandi eigendaskipti og sölu lands í opinberri eigu.

- Ríki með miklar kröfur: Pólland, Lettland og Ungverjaland.

Mikill breytileiki er á reglum um viðskipti með land

Skýrslan undirstrikar að engin „ein stærð“ henti öllum aðildarríkjum ESB þar sem söguleg, efnahagsleg og pólitísk atriði, sem eru ólík milli aðildarríkja, hafa þýðingu í tengslum við viðskipti með landbúnaðarland og þær reglur sem um þau gilda. Sú staðreynd að þróunin hefur verið ólík endurspeglast í ólíkum reglum og mismunandi stefnu og kröfum aðildarríkja í gegnum tíðina. En reglunum er ætlað að tryggja að land sé notað í landbúnaði, að verja minni bændur gegn stórum fjárfestum og að auka sjálfbærni í landbúnaði.

Í skýrslunni er tekið fram að sum aðildarríki, sérstaklega ríki sem gengu í ESB eftir og með 1. apríl 2004, hafi mjög stífar reglur um viðskipti með land. Þar má nefna aðildarríki eins og Króatíu, Ungverjaland, Pólland og Rúmeníu þar sem reglurnar miða að því að vernda landeigendur; sér í lagi minni og meðalstóra bændur. Lög og reglur þessara aðildarríkja takmarka



Kindur á beit í Vatra Dornei, Rúmeníu. Í Ungverjalandi og Rúmeníu hafa aðliggjandi landeigendur og bændur forkaupsrétt að landi. Mynd / Vlad Sargu

t.d. möguleika lögaðila á að eiga land eða krefjast þess að kaupendur hafi reynslu af landbúnaðarstörfum.

Önnur ríki, eins og Tékkland, Danmörk og Írland, eru frjálslýndari í afstöðu sinni til viðskipta með landbúnaðarland. Í þessum ríkjum hefur verið dregið úr skyldu landeigenda til að stunda búskap sjálfir eða búa á jörðinni. Hvatt er til að gera samninga til langs tíma um leigu á landbúnaðarlandi. Þetta auðveldar ungu fólki og aðilum sem eru að stækka sinn rekstur að eignast eða leigja landbúnaðarland með lægri tilkostnaði.

Skýrslan bendir á að leigumarkaðir fyrir land geti verið mikilvægir fyrir vöxt og þróun landbúnaðarins, þar sem þeir skapa aðgangi að landi með minni fjárbindingu. Í mörgum ríkjum eru settar reglur sem er ætlað að örva langtímaleigusamninga eða að halda landi í landbúnaðarnotum, meðal annars með skattaávilnunum.

Nokkur dæmi um sérstakar reglur sem ætlað er að stuðla að skilgreindum markmiðum:

- 1. Skilyrði fyrir kaupum á landi:**
 - a. Forkaupsréttur**

Forkaupsréttur veitir ákveðnum

aðilum rétt til að kaupa landið áður en það er selt á almennum markaði:

- **Í Ungverjalandi og Rúmeníu** hafa aðliggjandi landeigendur, bændur og sumar opinberar stofnanir forkaupsrétt að landi.

- **Í Þýskalandi og Austurríki** geta opinberar stofnanir eða bændur einnig tekið þátt í kaupferlinu og komið í veg fyrir að utanaðkomandi fjárfestar eignast stór landsvæði.

b. Starfandi bændur og búseta
Í mörgum aðildarríkjum ESB þurfa kaupendur lands að sýna fram á að þeir stundi búskap eða hyggist gera það:

- **Í Frakklandi** er þess krafist að kaupendur skili áætlun um rekstur jarðarinnar og að þeir hafi menntun eða reynslu í landbúnaði.

- **Í Ungverjalandi** eru kaup á landi almennt bundin því að einstaklingurinn hafi stundað sjálfur landbúnað í 3–5 ár og hafi reynslu á því sviði.

c. Takmarkanir á eignarhaldi lögaðila

Mörg ríki vilja koma í veg fyrir uppkaupt stórra fyrirtækja eða fjárfesta og taka lög og reglur mið af því:

- **Í Króatíu og Pólandi** er takmarkað hvað lögaðilar geta keypt mikið land nema þeir geti sýnt fram á að þeir taki virkan þátt í landbúnaði. Þetta takmarkar fjárfestingar í landi sem eru ekki beinlínis í þágu framleiðslu.

- Sum ríki, eins og **Slóvakía**, leyfa stórfyrirtækjum þó að leigja land með gerð langtímaleigusamninga. Við þetta geta smærri aðilar lent í samkeppni við fjárfsterk fyrirtæki.

d. Reynsla af landbúnaði

Lög og reglur í nokkrum aðildarríkjum ESB gera kröfu til þess að kaupandi lands hafi tiltekna reynslu:

- **Í Pólandi** þarf kaupandinn að hafa starfað í landbúnaði í fimm ár.

- **Í Ungverjalandi** er það skilyrði að kaupandi hafi starfsreynslu til að kaupa meira en ákveðna stærð jarða en auk þess þarf kaupandi að geta sýnt fram á getu sína til að auka framleiðni í landbúnaði.

2. Reglum sem ætlað er að draga úr hættu á söfnun lands:

Einstök aðildarríki og svæði sem hafa gengið í gegnum miklar breytingar í eignarhaldi (sérstaklega í Austur-Evrópu) hafa sett reglur sem takmarka hve mikið land má vera í eigu sama aðila:

- **Í Litáen og Búlgaríu** eru í gildi lög sem banna einum og sama aðilanum að eiga land yfir ákveðinni stærð.

- Þetta kemur í veg fyrir að stórir fjárfestar nái yfirráðum yfir stórum hluta lands sem gæti haft skaðleg áhrif á minni bændur og samfélag í dreifbýli.

3. Takmarkanir fyrir erlenda fjárfesta:

Eftir að ríki Austur-Evrópu gengu í ESB árið 2004 og 2007 samþykktu mörg þeirra lög og reglur um kaup erlendra aðila á landbúnaðarlandi:

- **Ungverjaland og Króatía** settu lög sem koma í veg fyrir að erlendir

aðilar kaupi landbúnaðarland nema að fullnægðum ströngum skilyrðum.

- **Pólland** leyfir erlendum ríkisborgurum kaup á landi ef þeir búa í landinu og hafa starfað þar í ákveðinn tíma.

ESB hefur gagnrýnt sum aðildarríkja og sagt þau hamlar frjálsum flutningi fjármagns, sem er grundvallarregla ESB-réttar og einn hluti hins svokallaða fjórfrelsis ESB. Hins vegar hefur ESB viðurkennt sérstaka stöðu landbúnaðarlands og rétt aðildarríkja til að takmarka kaup erlendra aðila á landbúnaðarlandi ef takmarkanir ganga ekki of langt og eru settar til að ná lögmætum markmiðum, t.s. vernda byggð á landsbyggðinni og koma í veg fyrir fasteignabrask með land í landbúnaðarnotum.

4. Opinber inngríp á markaði

Ýmis aðildarríki ESB reyna að stjórna verðmyndun á landbúnaðarlandi og aðgangi að slíku landi með opinberum inngrípum:

- **Í Danmörku** þurfa tilboð um kaup á landi að fara í gegnum mat opinberra aðila áður en þau eru samþykkt.

- **Í Frakklandi** er stofnun (SAFER) sem hefur forkaupsrétt og getur greint, stöðvað og samþykkt landakaup með tilliti til dreifbýlisþróunar.

5. Aðgangi ungra bændu og nýliða að landi:

Til að tryggja kynslóðaskipti hafa sum aðildarríki veitt skattaávilnanir eða niðurgreiðslur til ungra bændu:

- **Í Írlandi** og **á Spáni** eru hvatar til staðar í formi skattaávilnana til að auðvela ungum bændum að festa kaup á landbúnaðarlandi. Þannig er fellt að hluta niður stimpilgjald og aðrir skattar vegna sölu á landi til ungra bændu. Þá eru seljendur landbúnaðarlands undanþegnir fjármagnstekjuskatti vegna sölu til ungra bændu eða annars bónda sem er þegar eigandi landbúnaðarlands.

Aðild Íslands að EES kemur ekki í veg fyrir breytingar

Lög og reglur aðildarríkja ESB um viðskipti með landbúnaðarland endurspeglar tilraunir þeirra til að ná jafnvægi á milli samkeppnishæfni, sjálfbærni og félagslegrar verndar bændu. Sum lönd kjósa að leggja á miklar takmarkanir á viðskipti með landbúnaðarland, t.d. með forkaupsrétti og búsetuskyldu, á meðan önnur aðildarríki telja ekki ástæðu til þess. Hvað Ísland varðar má benda á skýrslu stýrihóps um heildstæða löggjöf og stjórnsýslu varðandi jarðir, land og aðrar fasteignir frá 2021 sem var gerð fyrir Forsætisráðuneytið.

Umtalsverður munur er á lögum og reglum aðildarríkja ESB um viðskipti með landbúnaðarland innan ESB. Af því má draga þá ályktun að þrátt fyrir aðild Íslands að EES-samningnum sé til staðar svigrúm til að setja nýjar reglur á þessu sviði og takmarka rétt aðila sem byggja á EES-samningnum til að kaupa jarðir hér á landi

Slíkar nýjar takmarkanir mega ekki ganga of langt og þarf að vera ætlað að ná tilteknum lögmætum markmiðum. Ennfremur þarf að vera meirihluti á Alþingi fyrir setningu slíkra reglna. Margir hafa látið sig umræðu um þessi mál varða m.a. í aðdraganda alþingiskosninga á síðasta ári. Það hvort samstæða náist um markmið og leiðir er hins vegar önnur saga. Spurningin sem eftir stendur er samt sem áður: Af hverju ætti Ísland að ganga lengra í frjálrsræðisátt í þessum efnun en aðildarríki ESB sem öll eru aðilar að EES-samningnum líkt og við?

Höfundur er hagfræðingur hjá Mjólkursamsölu.

**DRAUMA
SUMARHÚSIÐ
Á NOKKRUM
VIKUM**

Í BYKO færðu CLT einingahús, áralanga reynslu, aðstoð við teikningar og margt fleira sem auðveldar þér lífið í framkvæmdum!

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Almennar starfsvenjur við festingar á bárujárnsþökum eftir vindálagi eru; tvöfaldar naglaraðir á jöðrum og þrefaldar á hornum og ein þar á milli. Mynd / ál

Fokskaðar á þökum

Á hverju ári koma ofsaveður hér á landi þar sem allt lauslegt, og sumt fast, tekst á loft til tjóns og skaða á eignum og fólki.



Róbert Pétursson.

Sumir staðir á landinu eru þekktir fyrir mikinn vindstyrk s.s. Eyjafjöll, Snæfellsnes og Kjalarnes. Vindi slær niður hlémegin við fjöll, þakplötur losna og þeytast út í loftið og valda stórtjóni. Björgunarsveitir eru kallaðar út og þær eru raunverulega í lífshættu við að bjarga því sem unnt er. Þegar maður sér björgunarmennina uppi á þökum í aftakaveðri, gerir maður sér grein fyrir því að það er mildi að ekki verður stórslys eða manntjón.

Almennar starfsvenjur við festingar á bárujárnsþökum eftir vindálagi eru; tvöfaldar naglaraðir á jöðrum og þrefaldar á hornum og ein þar á milli. Sömu starfshefðir eru á öllu landinu, og reynslan sýnir að þær eru ekki fullnægjandi alls staðar. Best væri að auka kröfur á öllu landinu, því þó að áhættusvæði séu mismunandi þá fer vindálag líka eftir hæð húsanna.

Þakplötur losna alltaf fyrst á jöðrum þar sem vindurinn nær að komast undir báruna. Vindurinn nær smám saman að lyfta nöglunum, og þegar neðstu naglaraðirnar eru

lausar, eða farnar, er stutt í næstu naglarað o.s.frv. Lærdómurinn augljós, naglhald er ófullnægjandi. Lausnin er líka augljós, festa þakið betur á álagsstöðum. Hvers vegna ekki?

Gömlu kónísku naglamir missa hald þegar þeir lyftast upp ef þeir hafa ekki verið hnykkir. Í sumum þökum var þakkanturinn hannaður þannig að ekki var unnt að hnykkja út við þakskegg, einmitt þar sem álagið er mest. Einnig voru „óskráðar“ reglur um að ekki mætti hnykkja naglana, því slökkviliðsmenn ættu þá erfitt með að losa þakjárnplötur ef kviknaði í þökunum. Lausnin felst í því að skipta út nöglum á álagsstöðum og skrúfa þakið niður í þess stað, jafnvel að bæta við festingarröð ef það dugar ekki. Það gæti varla verið einfaldari og ódýrari lausn á þessum vanda og mikið í húfi. En til að breyta byggingarhefðinni þarf að uppfæra festingakröfurnar í reglugerð því þá fyrst tekur skólakerfið og atvinnulífið við sér. Kostnaðurinn er nánast enginn, en skaðinn mikill af fljúgandi járnplötum. Eftir átakaveður ætti ávallt að kanna allar festingar á jöðrum þaka.

Almenningur, húseigendur, bæjar- og sveitarfélög, björgunarsveitir, byggingaraðilar og tryggingafélög, reyndar allir, hafa mikla hagsmuni að þakfok heyrir sögunni til.

Höfundur er arkitekt.

Aukin ökuréttindi - Vinnuvélanám - Endurmenntun

Allar upplýsingar á ekill.is

BYSSU- OG SKOTFÆRASKÁPAR á betra verði



Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhi) er að auka og styrkja rannsóknþjónustu háskólans og leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum fjármálastjóra rannsóknaverkefna til að ganga til liðs við rannsókn- og alþjóðateymi háskólans.

Um er að ræða mikilvægt hlutverk í rannsóknasamfélagi háskólans, þar sem nýr starfsmaður mun gegna lykilhlutverki við að veita stuðning og leiðsögn til að tryggja fjármögnun og stjórnun rannsóknaverkefna.

Umsóknarfrestur er til og með 24.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Christian Schultze, rannsókn- og alþjóðafulltrúi, christian@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannaúts- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is

Starf bústjóra Hvanneyrarbúsins ehf er laust til umsóknar.

Hlutverk Hvanneyrarbúsins er búrekstur í þágu kennslu- og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands.

Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhi og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgripærækt, sauðfjárrækt, jarðrækt, auðindanýtingu og umhverfisvernd.

Viðkomandi starfsmaður hefur umsjón með rekstri Hvanneyrarbúsins. Um fullt starf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 24.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, rektor, ragnheidur@lbhi.is
Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri, theodora@lbhi.is

Laus er til umsóknar staða deildarforseta við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhi). Um er að ræða nýja stöðu við háskólann sem verður til við sameiningu þriggja fagdeilda Lbhi. Um er að ræða krefjandi starf við ört vaxandi alþjóðlega menntastofnun sem krefst m.a. hæfni í breytingastjórnun og faglegri stjórnun í akademiskum umhverfi.

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar, landnýtingar, umhverfisvísinda, landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða. Lbhi veitir BSc, MSc og PhD gráður ásamt því að bjóða upp á starfsmenntanám í búfræði á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til og með 31.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, rektor, ragnheidur@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannaúts- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is

Laus er til umsóknar staða kennsluforseta við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhi). Um er að ræða nýja stöðu við háskólann sem verður til við sameiningu þriggja fagdeilda Lbhi. Um er að ræða krefjandi starf við ört vaxandi alþjóðlega menntastofnun sem krefst m.a. hæfni í breytingastjórnun og faglegri stjórnun í akademiskum umhverfi.

Landbúnaðarháskóli Íslands er mennta- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar, landnýtingar, umhverfisvísinda, landslagsarkitektúrs og skipulagsfræða. Lbhi veitir BSc, MSc og PhD gráður ásamt því að bjóða upp á starfsmenntanám í búfræði á framhaldsskólastigi.

Umsóknarfrestur er til og með 31.01 2025

NÁNAR Á LBHI.IS OG UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I Þórarinsdóttir, rektor, ragnheidur@lbhi.is
Guðmunda Smáradóttir, mannaúts- og gæðastjóri, gudmunda@lbhi.is



Raunhæfar leiðir til að efla nautgripærækt á Íslandi

Samkvæmt öllum tölulegum upplýsingum um afkomu íslenskra kúabænda sem lesa hefur mátt um hér á síðum Bændablaðsins, þá hefur þróun á kjörum þeirra verið afleit undanfarin ár. Frá forystumönnum bænda hafa tillögur til aðgerða verið mjög sparlegar. Mestmegnis hafa það verið lítt raunhæfar kröfur til ríkisvaldsins um aukin framlög þaðan. Það er kunnara en frá þurfi að segja að eitt af markmiðum búvörulaga, sem eru farvegur samskipta bænda og ríkisvaldsins, var að draga úr ríkisstuðningi en ekki auka hann.



Baldur Helgi Benjamínsson.



Jón Viðar Jónmundsson.

Búnaðarlög og tilraunainnflutningur

Með setningu búnaðarlaga árið 1998 var lögfest beint samráð ríkis og bænda um að móta með samningum áttak sem stuðlaði best að m.a. auknum tekjum bænda. Þar var gengið út frá framlagi bæði bænda og ríkisins. Þarna voru ýmsir góðir hlutir gerðir, sem hér verða ekki ræddir nema einn sem að vísu komst ekki til framkvæmdar vegna afstöðu bænda sjálfra þegar á reyndi. Það sem hér er rætt um voru tillögur um innflutning á erlendum kúm til kynbóta á íslenska kúastofninum. Þetta samþykkti Guðni sem þá var landbúnaðarráðgjafi en bændur höfnuðu.

Innflutningur áður fyrr

Landnámsmenn komu með það sem kallað er íslenska kýrin frá nágrannalöndum, hliðstætt því sem



„Þessi góða skýrsla verður vonandi upphaf aðgerða og frjórna rannsókna sem bæta hag mjólkurframleiðenda í framtíðinni,“ segja þeir Baldur Helgi og Jón Viðar m.a. í grein sinni.

Mynd / Aðsend

Með þessum skrifum ætlum við að benda á örfá atriði sem við ætlum að gætu stuðlað að bættri stöðu mjólkurframleiðenda á næsta áratug eða svo. Byrjum samt á að rifja upp atriði úr sögunni sem bestu menn virðast fljótt að gleyma og skýrast kemur fram í viðtali við Guðna Ágústsson í Mbl. 7. desember sl. þar sem tímaskyn hans virðist hafa skolast til; nautgripabrennurnar miklu á Bretlandseyjum um síðustu aldamót voru vegna faraldurs gin- og klaufaveiki en höfðu ekkert með kúariðu að gera.

lagt var til fyrir aldamótin.

Umræða var lengstum ákaflega lítil um innflutning en einstaka höfðingjar og danskir kaupmenn fluttu inn gripi og skjalfestar heimildir eru um danskt naut á Möðruvöllum í Hörgárdal um 1900 sem líklega má finna kýr út af. Síðan upp úr 1940 gerist Runólfur Sveinsson, skólastjóri á Hvanneyri, talsmaður innflutnings. Þá var verið að flytja inn sauðfé og holdanaut en frekari innflutningur fékk ekki undirtektir þá. Kringum 1990 fór Benjamín Baldursson, bóndi á Ytri-Tjörnum (faðir annars greinarhöfundar), að ræða innflutning mjólkurkúa. Aðalfundur LK lýsti fljótt samhljóða stuðningi við málið og beitti sér fyrir að tilraun var gerð í Færeyjum með íslenskar kýr og NRF kýr fæddar í Færeyjum. Yfirburðir NRF kúnna voru öllum sem að tilrauninni komu augljósir og Gunnar Ríkhartsson kynnti hana og niðurstöður vel. Ein ljósmynd úr tilrauninni sagði meira en þúsund orð. Færeyingar virðast síðan lifa jafnvel af afurðum NRF kúnna og við af okkar. Samtök bænda óskuðu í viðræðum um búvörusamninga í framhaldinu eftir stuðningi við

þessa hagræðingaraðgerð. Guðni, sem var þá landbúnaðarráðgjafi, samþykkti en bændur höfnuðu því miður og ekki er séð nú að það hafi verið þeim til hagsbóta.

Fyrri rannsóknir

Árið 2007 komu út útreikningar á samanburði á íslenskum kúm og kúm af nokkrum kúakynjum með notkun framleiðsluhermunar. Einn af höfundum þeirrar skýrslu er núverandi fjármálaráðgjafi Lyðveldisins. Útkoma úr þannig útreikningum er verulega háð vali á forsendum. Að okkar mati voru þær því miður valdar um of íslenska kúakyninu í vil. Niðurstöður sýndu samt verulega hagkvæmni með norrænu kynjunum. Umræða varð nær engin um þessi mál þá.

Skýrsla Landbúnaðarháskólans

Nú hefur Lbhí gefið út skýrslu með nýjum útreikningum: „Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu á Íslandi með íslenskum og erlendum mjólkurkúakynjum.“ Samanburðarkynin við það íslenska eru öll norræn. Meðal höfunda eru nokkrir bestu landbúnaðarvísindamenn okkar, þó að við bendum á að heitið hefði mátt vera skýrara með að hér á landi er aðeins eitt mjólkurkúakyn.

Að okkar mati er skýrsla þessi ákaflega vel unnin. Við rekjum ekki efni hennar en hvetjum lesendur til að kynna sér það sjálfir. Niðurstöður eru mjög afgerandi um það að með innflutningi erlendis erfðaefnis fæst mjög verulegur rekstrarlegur ávinningur eins og fram hefur komið, að bæði bændur og neytendur hljóta að fagna.

Látum verkin tala

Ástæða er til að hvetja bændur að ganga nú til verks. Í framhaldi verða menn að ræða með opnum huga frekari breytingar á umhverfinu. Skoða þarf hvort ekki sé skynsamlegast að leyfa frjálstan innflutning erfðaefnis frá Norðurlöndunum. Svo vel þekkjum við til kynbótafélaga bænda í þeim löndum, að þar standa íslenskum kúabændum allar dyr opnar og þau stunda ræktunarskól á heimsmælikvarða. Þegar horft er til framtíðar er spurning hvort ekki sé best að byggja mjólkurkúastofninn á blendingskúm sem virðist vera alþjóðþáttur og Nýsjálandingar eru komnir lengst með. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd eru nú um 60% mjólkurkúnna þar á landi blendingskúr.

Ræktunarráðgjöf mundi beinast að vali kynja til blöndunar á hverjum tíma. Tekið yrði upp samstarf við Interbull (alþjóðakynbótamat sem

Ágúst Sigurðsson vann við nokkur ár) um kynbótamat vegna þess að þá værum við orðnir virkir þátttakendur í alþjóðastarfi sem mundu skila bændum miklu.

Þessi mál eru örstutt rædd í skýrslunni. Áhyggjur af sértækum landsáhrifum í kynbótamat eru að okkar mati algerlega óþarfar. Það sýna rannsóknarniðurstöður Interbull um allan heim skýrt.

Verndun íslenska stofnsins

Af þeirri litlu umræðu sem orðið hefur er ástæða til að setja fram önnur sjónarmið í sambandi við verndunarþörf kúastofnsins sem skýrsluhöfundar fjalla aðeins um.


Annar höfundur greinarinnar telur sig hafa flutt þessa umræðu til landsins 1972 í kjölfar námskeiðs hjá W.G. Hill í Finnlandi og áratuga samstarfi um þessi mál á Norðurlöndum, fylgst með umræðu þar og á heimsvísu. Á okkur eru skyldur um slíka vernd en ekki með að gera eina kúakyn landsins að forngripasafni. Úrvalsdæmi um eina bestu verndun í heiminum er íslenska forystuféð sem lengstum var um 1% fjárfjöldi í landinu. Í nálægum löndum eru úrelt búfjárfkyn í tuga- ef ekki hundradatali og þar er eina lifandi varðveislan langofast nokkrir gripir hjá unnendum kynsins og menn sátir við það. Við þekkjum ekki vöntun á velunnurum íslenska kúakynsins meðal íslenskra bænda. Sjálfsgat er að leiðbeint verði um varðveislur gripa þeirra en hvergi hefur það reynst umfangsmikið starf.

Hugmyndir um að nokkru sinni í framtíðinni yrði leitað til íslensku kúnna um erfðaejni eru að okkar mati hreinir hugarórar. Öll erlend umræða snýst um allt önnur búfjárfkyn og raunhæf dæmi um notkun slíks enn torfundin. Muna aðeins vel að langofast er vernd og ræktun í eðli sínu andstæður.

Aðgerða er þörf

Þessi góða skýrsla verður vonandi upphaf aðgerða og frjórna rannsókna sem bæta hag mjólkurframleiðenda í framtíðinni. Ekki mun af veita. Við lifum á tímum hraðfara breytinga í viðhorfum sem við sáum síðast í alþingiskosningum í nóvember sl. Þær kalla á lifandi umræður meðal bænda og í samfélaginu öllu og raunhæfar aðgerðir í samvinnu við stjórnvöld á hverjum tíma, í stað upphrópana og slagorða sem því miður hefur einkennt umræðu um helstu áskoranir nautgripæræktarinnar allt of lengi.

Baldur er kúabóndi og fyrrverandi nautgripæræktarráðunautur BÍ. Jón Viðar er fyrrverandi búfjárræktarráðunautur BÍ.



Hlutdeild einstakra kynja í mjólkurkúastofninum á Nýja-Sjálandi skv. New Zealand Dairy Statistics 2023-24.



Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Allt að 9,9 MW virkjun í Geitdalsá í Múlapingi

Geitdalsárvirkjun ehf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats allt að 9,9 MW virkjunar í Geitdalsá í Múlapingi.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Umhverfismatsskýrsla er aðgengileg á Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is og á vef Skipulagsstofnunar.

Opið hús: Geitdalsárvirkjun ehf. mun kynna umhverfismatsskýrsluna á opnu húsi fimmtudaginn 30. janúar nk. milli kl. 16:00 og 19:00 í Samfélagssmiðjunni (gamla Blómabæ), Miðvangi 31, Egilsstöðum. Allir sem vilja kynna sér fyrirhugaða framkvæmd eru velkomnir.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum Skipulagsgátt eigi síðar en 22. febrúar 2025.



Ljótur er ég

Sykur skiptir öllu máli. Án hans væru einungis sykurlausir drykkir í boði og mig hryllir við tilhugsunina.



Kristján Friðbertsson.

Byrjum á byrjuninni. Aldingarðurinn í Eden. Forboðið epli. Ávaxtasykur. Dimma röddin að ofan hafði sérstaklega bannað sætindi. Fólki með metnað lætur það auðvitað ekki stoppa sig og því fór sem fór. Lærdómurinn var einfaldur: plöntur geta framleitt sykur.

Sykurverksmiðjur alls staðar

Segja sætindi ávaxtarins til um sykurframleiðslu plöntunnar? Nei. Hinar ýmsu sýrur hafa t.d. ekki síður áhrif á bragðið en tegund (frúktósi er sætari en annar sykur) og magn sykurs. Aðalmálið er að allar ljóstíllíffandi plöntur framleiða sykur í einhverju formi.

Flestir kannast sennilega við frúktósa (ávaxtasykur/dextrósa), glúkósa og blöndu beggja í súkrósa. Viðarsykur (xylósi) finnst einnig víða í plöntum. Honum má svo umbreyta í sætuefnið xylytol, sem finnst af náttúrunnar hendi m.a. í blómkáli og af mannsins hendi í tyggjó. Hugsa sér að hægt sé að gera tyggjó jafnsætt og blómkál!

Til hvers sykur?

Sykur er plöntum nauðsynlegt uppbyggingarefni, orkuforði og boðefni. Hátt sykurhlutfall virðist m.a. styrkja varnir gegn sýkingum og sykur virðist lykilþáttur í því hvenær kveikja skal eða slökkva á ferlum vaxtar, blómgunar og þroska.

Raunar kemur betur og betur í ljós hve stórt hlutverk hann spilar í hinum ýmsu lífsferlum plantna, oft á kostnað þess sem áður var talið alfarið á ábyrgð hormóna. Gott dæmi eru vaxtarhormónin áxín, sem áður voru talin stýra ýmsum vaxtarferlum. Í dag bendir margt til þess að það sé í raun sykur sem stýri styrkleika þeirra.

Sjálf erum við ekki síður sölgin í sykurinn, enda hann okkur mikilvægur þrátt fyrir ýmis neikvæð áhrif. Taugakerfi okkar meltingarfæra þekkir t.d. sykur frá öðrum sætuefnum, sem hefur áhrif á boðin frá meltingarfærunum til heilans. Boð eins og: „sykur er góður á bragðið, fáðu þér meira“.

Rófur eða reyri

Ég vil sykur, plöntur framleiða sykur, hvað gerir ég næst?

Hagkvæmasta leiðin er oftast sú sem vinnur. Þær plöntur sem geta skilað hverju kg af unnum sykri hraðast og ódýrast eru líklegastar til að verða fyrir valinu. Við réttar

aðstæður (oftast í hitabeltinu) er sykkurreyri meðal bestu plantna í nýtingu sólargeisla. Þar er sykur því oftast unninn úr honum. Á öðrum stöðum verður sykkurrófan fyrir valinu. Bestu ræktunarafrígríði þeirra beggja geta vanalega innihaldið í kringum 20% sykur við uppskeru.

Til viðbótar skulum við nefna sýróp unnið úr kornsterkju (af maís plöntunni), svokallaðan glúkósa-frúktósa (e. „high-fructose corn syrup“), sem mikið er notaður í matvælaframleiðslu.

Hafandi í huga að lykílþáttur í sykurmýnduninni eru sólargeislar er rétt að halda væntingum í lágmarki, sé einhver að íhuga ræktun hérlendis.

Hver er svo sætastur?

Hvernig metum við það?

Af útlitinu? Er bein tenging á milli sykurnnihalds og þess að vera álitinn sætur? Líkt og nafnið gefur til kynna, er almennt viðurkennt að ljótaldin (*Citrus reticulata* x paradisi) þykir ekki beint fagurt á að líta. Þó inniheldur það oftast í kringum 12% sykur. Er því samtímis bæði ljótt og sætt.

Með plöntuættfræði? Spínat er í sömu ætt og sykurrófur, en sykurnnihald þess er innan við hálf prósent. Svipað og túnfífill. Ættfræðiflokkunin er því greinilega ekki byggð út frá sætindum.

Hvað með bragðlaukana? Gulrætur og hrár matlaukur hafa svipað sykurhlutfall. Án rétrar meðhöndlunar felur laukurinn sætuna bak við brennistein, svo ekki er sjálfgefið að bragðlaukarnir vísi okkur réttan veg.

Ætli það sé bara ég?

Ég kannaði málið og mannlíkaminn er í kringum 1% kolvetni. Sykurhlutfallið er semsagt undir því. M.ö.o., ef línuleg tenging er á milli sykurnnihalds og þess að vera sætur, þá er á mörkunum að ég sé sætari en spínat. Eða túnfífill, takk fyrir!

Gæti ég verið sætari?

Hjálpar gengdarlaus neysla sykurs? Hvað með að elta uppi vörur sem innihalda áðurnefnt „high-fructose corn syrup“ eða hið sambærilega agave sýróp og eru því þétt leðja af sætasta sykrunum?

Súkrósi verður 600 sinnum sætari sé honum breytt í súkralósa. Hvorugur reyndar neitt að sprengja krúttskalann, en mögulega er eitthvað þar?

Velti því óneitanlega fyrir mér hvort röddin að ofan hafi bara viljað eplið fyrir sig sjálfa, eða hreinlega ekki viljað að við yrðum neitt sætari. Getur verið að „sætastur“ – í öllum merkingum þess orðs – sé eftir allt saman ekki mikilvægasta markmið lífsins?

Höfundur er plöntunörð.

Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakörkurum



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstaedi
EinHELLA 6,221 Hafnarfirði

SERRALUX

Gróðurhús og yndisreitir í miklu úrvali

Sérstyrkt fyrir íslenskar aðstæður



Lágafell
verslun og byggingar

LÁGAFELL VERSLUN OG BYGGINGAR EHF
VÖLUTEIGUR 4, 270 MOSFELLSBÆR
WWW.LAGAFELLVERSLUN.IS
846 7014 – 895 4152

Lágafell verslun og byggingar
Gróðurhús og Garðhús



FYRIR FÓLK
Á FERÐINI

Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



BETRA AÐ EIGA EN VANTA!

VAKTARAR - TALSTÖÐVAR - HÖFUÐLJÓS - BÆTIEFNI

STÓRVERSLUN
BÍLDHÖFÐA 12
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

STÓRVERSLUN
BÆJARHRAUNI 12
220 HAFNARFIRÐI
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

Aldarafmæli íslenskrar ylræktar 2024

Eitt hundrað ár eru síðan ylræktun sem atvinnugrein hófst á Íslandi og er hún nú ein af undirstöðum landbúnaðar hér á okkar kalda landi. Það er engan veginn sjálfgefið að ræktun í gróðurhúsum hafi náð þeim árangri sem raunin er.



Ingólfur Guðnason.

Frumkvæði, þekking og þrautseigja garðyrkjubænda í óstöðugu rekstrarumhverfi vekur aðdáun. Nú er svo komið að margar gróðrarstöðvar hér á landi eru fyllilega sambærilegar varðandi tækni og framleiðslugetu þeim sem finna má í öðrum löndum.

Slíkur árangur næst ekki í einni svipan. Ræktun grænmetis og blóma í upphituum gróðurhúsum var komin nokkuð vel á veg seinni hluta 19. aldar í nágrennalöndum okkar, sem fyrir sitt leyti vakti athygli hjá íslenskum ferðalöngum sem höfðu séð til þeirra og þótti mikið til koma. Einkum voru það Danir, Hollendingar og Þjóðverjar sem höfðu náð góðum árangri með gróðurhúsum sem voru oftast hituð með kolakyndingu.

Nafntogaðir Íslendingar höfðu orð á því í riti og ræðu að hér mætti einnig stunda slíka iðju og höfðu sérstaklega í huga möguleikann á að nota jarðhita við upphitun húsanna. Má nefna Sigurð Guðmundsson málara sem nefndi kosti þess að reisa „Drivhus“ í tengslum við jarðhita skömmu fyrir aldamótin 1900. Enn fyrr hafði 18. aldar framfaramaðurinn Ólafur Ólavíus víðræð hugmyndir um ámóta „gróðrarskála og vermireiti“ þar sem jarðvarma gætti. Hans Schierbeck landlæknir nefnir einnig slíkt sem vænlegan kost árið 1890.

Erlendir menntamenn sem hingað komu sáu einnig fyrir sér möguleika í ylræktun. Danski skruðgarðarkitektinn H.C Larsen, sem kom hingað til lands árið 1922, gerði sér grein fyrir möguleikum ylræktar. Hann taldi að við Þvottalaugarnar í Reykjavík mætti reisa heilt „gróðurskálahverfi“ þar sem rækta mætti í gróðurhúsum með noktun jarðvarma „tómata, agúrkur, melónur, jarðarber, salat, baunir, blómkaál og fjölda blómjurtar“.

Fyrsta gróðurhúsið með jarðvarma árið 1924

Það var þó ekki fyrr en árið 1924 sem sá draumur varð að veruleika að reist voru gróðurhús hér á landi sem hituð voru með jarðvarma. Bjarni Ásgeirsson frá Knarrarnesi á Mýrum var þjóðþekktur maður á sinni tíð. Hann lagði stund á búfræði og var um tíma formaður Búnaðarfélags Íslands, alþingismaður, landbúnaðarráðgjafi og sendiherra Íslands í Noregi um skeið. Guðmundur Jónsson skipstjóri, mágur Bjarna, bjó á Reykjum í Mosfellssveit. Bjarni gerðist



Flatarmál gróðurhúsa jókst úr 10.000 fermetrum árið 1940 í nærri 70.000 árið 1950. Mynd /Aðsend

ráðsmaður á Reykjum 1921 og þeir hugðust í sameiningu stofna þar til fyrirmyndarbúskapar til að mæta aukinni byggð í Reykjavík og nágrenni. Garðyrkja var þar engin undantekning, talsverð ræktun útmatjurtar var stunduð á Reykjum. Árið 1922 réðu þeir til sín danskan fjósamann, Johannes Boeskov að nafni. Hann kunni vel til verka í garðyrkju og hafði fljótlega orð á því við þá félag að nýta mætti þann jarðvarma sem til staðar var á Reykjum til að hita upp gróðurhús og rækta matjurtir og blóm til sölu. Boeskov var umsvifalaust gerður að yfirmanni garðyrkju á staðnum og sendur til Danmerkur til að víða að sér efni í gróðurhús veturinn 1923–24. Fyrsta gróðurhúsið var í kjölfarið reist á Reykjum árið 1924, samtals um 120 fermetrar að flatarmáli og hitað upp með hvervatni.

Boeskov stofnar eigin gróðrarstöð

Þrátt fyrir smávægilega byrjunarörðugleika við upphitun fyrsta gróðurhússins á Reykjum reyndist vel að rækta í því bæði matjurtir og blóm. Árið 1925 fengust um 300 kíló af tómötum ásamt öðru grænmeti og afskornum blómum af ýmsu tagi. Johannes Boeskov, sem sá um ræktunina, sá í hendi sér kosti þess að hann gæti framfleytt

sér með ræktun grænmetis og blóma til sölu inn á vaxandi markað. Hann keypti jarðarpart úr landi Reykjakots í Mosfellsdal árið 1925. Þar notaðist hann við þá reynslu sem hann hafði fengið á Reykjum og byggði árið 1926 tvö gróðurhús, ámóta stór og húsið sem var byggt á Reykjum tveimur árum fyrr. Hér er um að ræða fyrstu gróðrarstöð á Íslandi sem byggði reksturinn eingöngu á framleiðslu garðyrkjuafurða. Seinna sama ár kom Lauritz, bróðir Boeskov, til landsins og tók þátt í uppbyggingu í Blómvangi. Svo voveiflega vildi til að Johannes Boeskov lést af voðaskoti ári síðar. Lauritz tók þá alfarið við rekstri stöðvarinnar og rak hana með góðum árangri þar til hann flutti aftur til Danmerkur 1946.

Gróðurhúsum fjölga – hernámsárin og framhald ylræktunar

Næstu ár voru að mörgu leyti merkisár í sögu gróðurhúsaræktunar. Þá voru reist dálitil gróðurhús í Reykjavík, á Skróði í Dýrafirði, Akureyri og í Hveradölum, nærri Skíðaskálanum. Flest þessara litlu gróðurhúsa voru hituð upp með kolum eða koxi, önnur með jarðvarma. Allra fyrsta gróðurhús sem reist var hér á landi

var reyndar á Sauðárkróki. Þar byggði danski kaupmaðurinn Carl Knudsen ofurlítið gróðurhús árið 1896 sem eingöngu var hitað að vori með gerjuðu hrossataði.

Þegar í ljós kom að almenningur tók framleiðsluvörum ylræktarbændanna vel fór gróðrarstöðvum að fjölga. Þá fór að bera á stærri gróðrarstöðvum, nefna má sem dæmi Fagrahvamm í Hveragerði 1930, Hveravelli við Húsavík 1934, Syðri-Reyki II í Biskupstungum 1936, Víðigerði við Deildartunguhver 1938 og Reyki í Ölfusi 1930. Þar var árið 1939 stofnaður Garðyrkjuskóli ríkisins, sem hafði strax mikil áhrif til aukinnar fagþekkingar í íslenskri garðyrkju. Það sem einkenndi ræktun á þessum árum var mikil tegundafjölbreytni, garðyrkjubændur reyndu hinar ólíklegustu gerðir blóma og grænmetis í leit að þeim vörum sem féll neytendum vel í geð og þeir gátu ræktað með viðunandi árangri.

Á hernámsárunum átti garðyrkjustöðvum eftir að fjölga verulega og þær sem byggðar voru á þeim árum urðu stærri en hinar sem á undan komu. Flatarmál gróðurhúsa jókst úr 10.000 fermetrum árið 1940 í nærri 70.000 árið 1950.

Íslenski ylræktun er ógnað vegna óvæntra verðhækkana á raforku

Ylrækt er blómstrandi atvinnugrein sem hefur verið í örur vexti á undanföllum árum. Garðyrkjubændur hafa fullan hug á að auka enn hlut heilnæmrar íslenskrar vöru á markaði. Til þess að svo megi vera þarf samt meira til en áræðni og dugnað. Ytra umhverfi verður að vera með þeim hætti að hægt sé að reka fyrirtækin með sóma.

Ræktun með notkun raflysingar allt árið um kring hefur vaxið mikið og leitt til þess að ýmsar íslenskar garðyrkjuafurðir fást nú allt árið. Aukinn raforkukostnaður sem orðið hefur undanfarið og virðist að óbreyttu ætla að halda áfram er raunveruleg ógn við þessa jákvæðu þróun. Grundvallarbreyting á fyrirkomulagi raforkusölu til garðyrkjubænda með tilkomu óvænnts uppboðsmarkaðar á raforku hefur átt sér stað á fáum árum og veldur því að varla verður hægt að stunda ræktun að vetrarlagi öllu lengur og setur öll framtíðaráform um vaxandi ylrækt í uppnaám.

Staðreyndin er sú að ylræktun matjurtar er fæðuöryggismál sem ríkisvaldinu er skylt að verja þegar að því er vegið. Engar garðyrkjustöðvar geta staðið undir hækkun raforkuverðs um ríflega 10% á hverju ári ofan á aðrar verðhækkningar, árum saman, líkt og nú blasir við að óbreyttu. Slík gjöf til búgreinar á hundrað ára afmæli hennar er ekki vel þegin.

Höfundur er brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu, Garðyrkjuskólanum á Reykjum/FSU.

DEILDAFUNDIR BÚGREINA 27. FEBRÚAR 2025 HILTON NORDICA

SKRÁNING Á DEILDAFUNDI BÚGREINA ER
HAFIN OG STENDUR TIL 15. FEBRÚAR

FRESTUR TIL AÐ SKILA INN TILLÖGUM ER TIL
30. JANÚAR

Skráningar- og tillöguform má finna á
Mínar síður og bondi.is

BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



Skálholtsdómkirkja, sem er nú hægt að skoða hvaðan úr heiminum sem er án þess að koma á staðinn, í gegnum sýndarveruleika. Mynd / mhh

Skálholtsdómkirkja í sýndarveruleika

Nú er hægt að ganga um Skálholtsdómkirkju í Bláskógabyggð í sýndarveruleika.

Fólk, hvar sem er í heiminum, getur nú skoðað þessa sögufrægu kirkju hvenær sem er sólarhringsins. Hermann Valsson útbjó myndirnar sem sýna dómkirkjuna, kjallara hennar, undirgöng, fornleifasvæði og Þorláksbúð.

Skálholtsdómkirkja er einn merkasti sögustaður Íslands með djúpa tengingu við trúar-

og menningarsögu þjóðarinnar. Skálholt, eitt af tveimur biskupssetrum landsins, var miðstöð kristni og stjórnsýslu frá 11. öld til 1796. Núverandi kirkja var reist á 20. öld og stendur á hæð með stórfenglegu útsýni. Hún inniheldur einstök listaverk, meðal annars eftir Gerði Helgadóttur.

Hægt er að skoða kirkjuna í sýndarveruleikanum á vef Skálholts, www.skalholt.is. Sjón er sögu ríkari. /mhh



„Þar sem bláskelin umbreytir næringarefnum eins og fosfór og köfnunarefni í prótein getur hún komið sterk inn á markaðinn sem fódurhræfni bæði fyrir menn og dýr,“ segir Guðni m.a. í grein sinni. Mynd / Aðsend

Bláskelin er bjargvættur

Ein allra stærsta áskorun samtímans er hvernig hægt verður að mæta vaxandi þörf fyrir matvælaframleiðslu. Samhliða verður að finna leiðir til að koma í veg fyrir eyðileggingu vistkerfa.



Guðni Þ. Ölversson.

en áður hefur þekkt.

Þar sem bláskelin umbreytir næringarefnum eins og fosfór og köfnunarefni í prótein getur hún komið sterk inn á markaðinn sem fódurhræfni bæði fyrir menn og dýr. Auk þess er hún góður liðsmaður þeirra sem berjast fyrir að draga úr mengun sjávarins.

Samkvæmt frétt í „NRK Östlandet“,

telja norsku náttúruverndarsamtökin, BELLONA, að lausnin á nýframleiðslu matvæla, dýrafóðri og kolefnisgeymslu liggja í hafinu. Gæta verður þess að framleiðslan valdi lágmarks umhverfisáhrifum. Þetta er gömul speki en ekki ný.

Fiskeldi er í lykhillutverki við umskipti yfir í „græna“ ræktun

Framleiðsla á eldislaxi er langstærsti hluti þess sem ræktaður er í kvíum inni á fjörðum og flóum í okkar heimshluta.

Að mati BELLONA verður að finna lausnir á þeim áskorunum sem atvinnugreinin stendur frammi fyrir. Það þýðir að fiskeldi framtíðarinnar verður að draga úr umhverfisfótsporinu og viðhalda heilbrigðu umhverfi í hafinu þar sem eldi fer fram. Það þarf að tryggja hringlaga stjórnun úrgangsstrauma og auka framleiðslu á tegundum neðar í fæðukeðjunni.

Margir líta sömu augum á bláskeljaeldi og fiskeldi. En þar er

mikill munur á. Bláskelin veiðir sína eigin fæðu og hreinsar sjóinn en kvíalaxinn er að mestu fódraður á verksmiðjuframleiddu fóðri frá bændum.

Þar sem bláskelin veiðir sína fæðu sjálf þarf hún að sjálfsögðu mikið pláss. Bláskeljarækt er matvælaframleiðsla sem nýtir það besta í grænni matvælaframleiðslu. Því má segja að bláskelin geti verið ómissandi þáttur í lausn samfélagsverkefnis um græna fódurframleiðslu fyrir bæði menn og skepnur.

Sjálfbært árið 2034

Ríkisstjórn Noregs hefur sett sér það markmið að allt fódur fyrir eldisfisk og búfé komi frá sjálfbærum aðilum árið 2034. Stefnt er að því að hlutfall innleðrar framleiðslu kjarnfóðurs fyrir búfé muni aukast úr 55% í 70%. Það þýðir að framleiðslan verður um 300 þúsund tonn á ári eingöngu fyrir búfé á landi.

Fiská (fiska.no) stjórnar rannsóknarverkefni er lýtur að því hvernig bláskelin muni virka sem próteinhræfni í kjarnfóður. Þar á bæ hafa menn komist að því að búfé finnst bláskelin bæði bragðgóð og auðmeltanleg. Auk þess inniheldur bláskelin holla sjávarfitu eins og omega 3, litarefni og kalk sem gagnast vel í kjúklingaframleiðslu

Höfundur er fyrrverandi kennari.

iGRIP^{STUD}
Karbítskrúfur í vinnuvélar frístundataeki, skó ofl..

Dæmi um stærðir:
(6 - 40mm)

Einfalt að setja í og taka aftur úr

PP & CO 512-3360
korkur.is
P. FORGRÍMSSON & CO

Sérniðin þjónusta að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA

 Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

 Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Master gróðurhús

STERK BURÐARGRIND
4 MM HERT ÖRYGGISGLER
STÁL STYRKINGAR

STÆRÐIR 7,3 M² TIL 23,3 M²

WWW.BKHÖNNUN.IS - SÍMI 571-3535
SALA@BKHÖNNUN.IS - SUNÐABORG 5

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVORUR

SNJÓKEÐJUR Í MIKLU ÚRVALI

☎ 862 4046
✉ skralli@skralli.is

SKRALLI

Lilleseth Kjetting
Norsk framleiðsla í 75 ár

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR

VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Hannyrðir:

Hettutrefill

Hettutreflar eru mjög vinsælir núna. Þessi er prjónaður úr DROPS Daisy og DROPS Kid-Silk. Stykkið er prjónað í stroffprjóni og með i-cord kanti.

DROPS Design: Mynstur da-041

Stærðir: S/M (L/XL).

Höfuðmál: ca 54/56 (58/60) cm.

Hæð: Mælt frá hæsta punkti = ca 41 (43) cm.

Breidd: Mælt frá hlið að hlið = ca 192 (194) cm.

GARN: DROPS Daisy (fæst í Handverkskúnst): 200 (200) gr litur á mynd nr 09, ísblár og DROPS Kid-Silk (fæst í Handverkskúnst): 75 (75) gr litur á mynd nr 59, ískristall.

PRJÓNAR: Hringprjón nr 5, 80 cm.

Prjónfesta: 19 lykkjur x 25 umferðir með perluprjóni á prjóna nr 5 = 10x10 cm.

I-CORD affelling: Fitjið upp 2 nýjar lykkjur á hægri prjón. Lyftið 2 lykkjum af hægri prjóni yfir á vinstri prjón þannig að þráðurinn sitji 2 lykkjum inn á vinstri prjón og prjónið þannig: *Prjónið 1 lykkju slétt, prjónið næstu 2 lykkjur snúna slétt saman, steypið til baka 2 lykkjum af hægri prjóni yfir á vinstri prjón*, prjónið frá *-* þar til 2 lykkjur eru eftir í umferð.

I-CORD kantlykkjur (= 2 lykkjur):

Í byrjun umferðar: Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt.

Í lok umferðar: Prjónið þar til 2 lykkjur eru eftir í umferð, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt.

Prjónið á sama hátt bæði frá réttu og frá röngu. Hettutrefillinn er prjónaður fram og til baka á hringprjóna frá miðju að framan yfir ennið og aftur á bak. Síðan eru lykkjur prjónaðar upp í hvorri hlið og prjónað er fram og til baka ofan frá og niður. Þegar hettan hefur verið prjónuð til loka, setjið lykkjur á þráð. Prjónaður er upp kantur sem felldur er af með i-cord í kringum opið á hettunni við

andlitið. Lykkjur eru fitjaðar upp fyrir hálsklút sem byrjar fyrir miðju aftan í hnacka. Prjónað er fram og til baka yfir hálsklútinn, jafnframt því sem teknar eru 2 og 2 lykkjur af þræði frá hettunni. Þegar allar lykkjur hafa verið prjónaðar upp frá miðju að aftan og fram í annari hliðinni (= helmingur af lykkjum frá hettu), prjónið hálsklútinn til loka fram og til baka. Í lokin er hin hliðin á hálsklútinum prjónuð frá miðju að aftan og út á sama hátt. Í lokin er hálsklúturinn saumaður saman fyrir miðju aftan í hnacka.

Hetta: Fitjið upp 22 (28) lykkjur á hringprjón nr 5 með 1 þræði DROPS Daisy og 1 þræði DROPS Kid-Silk (= 2 þræðir). Uppfitjunarkantur = miðja af framan yfir enni. Prjónið fram og til baka þannig:

Umferð 1 (= rétta): prjónið slétt út umferðina.

Umferð 2 (= ranga): 1 lykkja slétt, prjónið stroffprjón *2 lykkjur brugðið, 1 lykkja slétt* Endurtakið frá *-* út umferðina.

Endurtakið umferðir 1-2 þar til stykkið mælist 19 (19) cm – síðasta umferð er prjónuð frá röngu. Klippið þráðinn, þetta stykki myndar stykkið fyrir miðju ofan á hettu.

Nú á að prjóna upp lykkjur meðfram báðum hliðum innan við 1. lykkju (garðapryónslykkjan) þannig:

Byrjið frá horni við uppfítjunarkant og prjónið upp 36 (36) lykkjur meðfram annari hliðinni frá réttu (= vinstri hlið), prjónið yfir 22 (28) lykkjur slétt (= bakhlíð á hettu), prjónið síðan upp 36 (36) lykkjur meðfram annari hliðinni (= hægri hlið) = 94 (100) lykkjur. Stykkið er síðar mælt frá þessum uppfítjunarkanti.

Prjónið fram og til baka þannig:

Umferð 1 (= ranga): 1 lykkja slétt, prjónið stroffprjón *2 lykkjur brugðið, 1 lykkja slétt* Endurtakið frá *-* út umferðina.

Umferð 2 (= rétta): Prjónið slétt út umferð. Endurtakið umferðir 1-2 þar til stykkið mælist 20 (21) cm frá uppfítjunarkanti meðfram hlið.

Klippið þráðinn, hettan hefur nú verið prjónuð til loka. Setjið fyrstu 47

(50) lykkjur á hjálparprjón og síðustu 47 (50) lykkjur á annan hjálparprjón (= skipting fyrir miðju að aftan. Þessar lykkjur eru notaðar þegar hálsklúturinn er prjónaður í hvorri hlið. Fyrst er prjónaður i-cord kantur meðfram opi á hettu eins og útskýrt er að neðan.

I-CORD KANTUR: Prjónið upp kant meðfram opi að framan frá réttu þannig:

Byrjið neðst í hægri hlið á hettunni (þ.e.a.s. hægri hlið séð þegar hettan er á höfði), prjónið upp 34 (36) lykkjur innan við 1. lykkju (garðapryónslykkjan) slétt upp að uppfítjunarkanti, meðfram uppfítjunarkanti yfir enni eru prjónaðar upp ca 20 (24) lykkjur, haldið áfram að prjóna upp 34 (36) lykkjur niður á vinstri hlið á hettu = 88 (96) lykkjur meðfram opi á hettu.

Klippið þráðinn og byrjið uppá nýtt frá réttu neðst í hægri hlið og prjónið I-CORD AFFELLING – lesið útskýringu að ofan.

Þær 2 lykkjur sem eru eftir eru settar á þráð saman með 47 (50) hinum lykkjunum á vinstri hlið á hettunni, þær eru síðar prjónaðar inn í hálsklútinn = 49 (52) lykkjur á þræði fyrir vinstri hlið.

Takið upp 2 lykkjur þar sem lykkjur voru fitjaðar upp fyrir i-cord í gagnstæðri hlið og setjið þessar 2 lykkjur á þráð með 47 (50) lykkjum í hægri hlið á hettu = 49 (52) lykkjur á þræði fyrir hægri hlið.

HÁLSKLÚTUR HÆGRI HLUTI:

Lykkjur eru fitjaðar upp fyrir hálsklút sem prjónaður er fram og til baka JAFNFRAMT sem 2 og 2 lykkjur frá hettu eru prjónaðar slétt saman með síðustu lykkju í umferð, byrjað er fyrir miðju að aftan og prjónað er fram á við í hægri hlið á hettunni.

Fitjið upp 30 (30) lykkjur með 1 þræði í hvorri tegund (= 2 þræðir) = miðja að aftan.

Umferð 1 (= rétta): Prjónið 2 I-CORD KANTLYKKJUR – lesið útskýringu að ofan, prjónið slétt þar til þar til 1 lykkja er eftir í umferð, lyftið 1 lykkju á prjóni eins og prjóna eigi slétt



(= síðasta lykkjan í umferð), prjónið 2 lykkjur slétt saman frá hettu, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjurnar sem prjónaðar voru 2 lykkjur slétt saman frá hettu = 30 (30) lykkjur.

Umferð 2 (= ranga): Prjónið stroffprjón *2 lykkjur brugðið, 1 lykkja slétt* Endurtakið frá *-* þar til 3 lykkjur eru eftir, 1 lykkja brugðið, endið með 2 i-cord kantlykkjur.

Endurtakið umferðir 1-2 þar til til teknar hafa verið upp 46 (50) fyrstu lykkjur frá hettu (= 46 (50) prjónaðar umferðir). Þar til eftir eru 3 (2) lykkjur á þræði frá hettu (ásamt 2 lykkjum sem teknar voru upp í i-cord).

Prjónið næstu umferð frá réttu þannig: 2 i-cord kantlykkjur, prjónið slétt út umferðina, prjónið 1 (2) lykkjur af þræði slétt, prjónið síðustu lykkjur af þræði slétt saman 1 (0) sinnum = 32 (32) lykkjur.

Prjónið næstu umferð frá röngu þannig: Prjónið 2 i-cord kantlykkjur, prjónið 2 lykkjur brugðið saman, 1 lykkja slétt, prjónið stroffprjón *2 lykkjur brugðið, 1 lykkja slétt* Endurtakið frá *-* þar til 3 lykkjur eru eftir í umferð, 1 lykkja brugðið, endið með 2 i-cord kantlykkjur = 31 (31) lykkjur.

Prjónið 8 umferðir fram og til baka með stroffprjón eins og áður og 2 i-cord kantlykkjur + 1 lykkja sléttprjón í hvorri hlið.

Í næstu umferð (= rétta) byrjar úrtaka, fækkað er um 1 lykkju frá réttu þannig: Prjónið eins og áður þar til 4 lykkjur eru eftir í umferð, prjónið 2 lykkjur slétt saman, endið með 2 i-cord kantlykkjur. Prjónið síðan fram og til baka eins og áður jafnframt því sem lykkjum er fækkað á sama hátt í 8. hverri umferð (= ca 3. hverjum cm) þar til 7 (7) lykkjur eru eftir á prjóni.

Fellið af samtímis sem fyrstu 2 og síðustu 2 lykkjur eru prjónaðar slétt saman. Hálsklúturinn mælist ca 96 (98) cm frá uppfítjunarkanti fyrir miðju að aftan.

HÁLSKLÚTUR VINSTRI HLUTI: Prjónað er á sama hátt og hægri hluti á hálsklút, byrjað er fyrir miðju að aftan og prjónað er fram á við meðfram vinstri hlið á hettu JAFNFRAMT sem 2 og 2 lykkjur frá hettu er prjónaðar slétt saman með fyrstu lykkju á prjóni.

Fitjið upp 30 (30) lykkjur með 1 þræði í hvorri tegund (= 2 þræðir) = miðja að aftan.

Umferð 1 (= ranga): Prjónið 2 i-cord kantlykkjur, 1 lykkja brugðið, 1 lykkja slétt, prjónið *2 lykkjur brugðið, 1 lykkja slétt* Endurtakið frá *-* þar til 2 lykkjur eru eftir í umferð, 2 lykkjur brugðið.

Umferð 2 (= rétta): Setjið 2 lykkjur af þræði frá hettu yfir á vinstri prjón, prjónið 3 lykkjur slétt saman (þ.e.a.s. 2 lykkjur af þræði og 1 lykkju af hálsklút eru prjónaðar slétt saman), prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir í umferð, endið með 2 i-cord kantlykkjur = 30 (30) lykkjur.

Endurtakið umferðir 1-2 þar til prjónaðar hafa verið upp 46 (50) fyrstu lykkjur frá hettu (= 46 (50) prjónaðar umferðir). Það eru eftir 3 (2) lykkjur á þræði frá hettu (ásamt 2 lykkjum frá i-cord affellingu).

Prjónið næstu umferð frá röngu þannig: 2 i-cord kantlykkjur, 1 lykkja brugðið, 1 lykkja slétt, prjónið stroffprjón *2 lykkjur brugðið, 1 lykkja slétt* Endurtakið frá *-* út umferð. Prjónið 1 (2) lykkjur af þræði brugðið, prjónið síðustu lykkjur af þræði 2 lykkjur brugðið saman 1 (0) sinnum = 32 (32) lykkjur.

Prjónið næstu umferð frá réttu þannig:

Prjónið 2 i-cord kantlykkjur, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, 1 lykkja slétt, prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir í umferð, 1 lykkja slétt, endið með 2 i-cord kantlykkjur = 31 (31) lykkjur.

Prjónið 7 umferðir fram og til baka með stroffprjóni eins og áður og 2 i-cord kantlykkjur + 1 lykkja sléttprjón í hvorri hlið.

Í næstu umferð (= rétta) byrjar úrtaka, fækkað er um 1 lykkju frá réttu þannig: Prjónið 2 i-cord kantlykkjur, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi slétt, prjónið 1 lykkju slétt, steypið lyftu lykkjunni yfir lykkjuna sem var prjónuð, prjónið eins og áður út umferðina.

Prjónið síðan fram og til baka eins og áður jafnframt því sem lykkjum er fækkað á sama hátt í 8. hverri umferð (= ca í 3. hverjum cm) þar til 7 (7) lykkjur eru eftir í umferð.

Fellið af samtímis sem fyrstu 2 og síðustu 2 lykkjur eru prjónaðar slétt saman. Hálsklúturinn mælist ca 96 (98) cm frá uppfítjunarkanti fyrir miðju að aftan.

FRÁGANGUR: Saumið saman hægri og vinstri hluta á hálsklútinum fyrir miðju að aftan með lykkjuspori.

Prjónakveðja,
Stelpurnar í Handverkskúnst
www.garn.is

Margur verður af aurum api !



Getur stjórnsýslan drekkt vilja meirihluta íbúanna í firðinum ?

Svavar Garðarsson Búðardal.

Heimildamynd:

Lífrænn lífsstíll hjartans mál

Anna María Björnsdóttir, fulltrúi Lífræns Íslands, ásamt Tuma Bjarti Valdimarssyni kvikmyndagerðarmanni, hefur undanfarið ár unnið að heimildamynd sem ber nafnið Gróa og fjallar um að lífræn ræktun sé það sem koma skal.

Myndin var forsýnd í lok síðasta árs en í henni var lítið til stöðu bæði ræktunar og bænda í greininni sem teljast í kringum 1 prósent hérlendis.

Aðspurð hvort grænmeti úr íslenskri grund sé ekki bara sjálfkrafa lífrænt, segir Anna María málið því miður ekki vera svo einfalt. Jarðvegurinn þurfi að vera heilbrigður og eingöngu notaður á hann lífrænn áburður. „Bændur sem standa í lífrænni ræktun safna og koma næringarefnum úr umhverfinu aftur inn í hringrásina, öfugt við línulega kerfið sem tilbúni áburðurinn byggir á. En heilt á lítið er minna notað af eitrefnum á Íslandi en í mörgum öðrum löndum sem er mjög jákvætt. Hins vegar er það þessi gæðaeftirlitsvottun og staðfesting þriðja aðila á að ekki sé verið að nota eitrefni sem skiptir neytendum máli og að maturinn sé ræktaður í sátt við umhverfið. Eins og staðan er núna þarf að sækja um vottun og borga fyrir hana – og það er eitthvað sem aðgerðaáætlunin mun vonandi taka á, að slík vottun verði ókeypis, líkt og í Danmörku. Fólk sem er að leggja á sig heilmikla vinnu við lífræna ræktun eigi ekki að þurfa að borga fyrir gæðastimpilinn,“ segir Anna María.

Hún segir þeim Tuma báðum hjartans mál að fólk geri sér grein fyrir muninum á líf- og ólífænum vörum og hvaða áhrif þær geta haft á menn og umhverfi. „Sýn hans á vinnslu myndarinnar gerði hana



Anna María Björnsdóttir og Tumi Bjartur Valdimarsson vilja miðla til fólks hvaða áhrif líf- og ólífænar vörur hafa á umhverfið. Mynd / Aðsend

aðgengilegri fyrir áhorfendur, en hann kom með þá hugmynd að mér yrði fylgt meira eftir í myndinni, mín saga sögð og kynni mín af lífrænni neyslu.

Við vildum setja saman sögu sem yrði helst ekki í fyrirlesturformi og þetta var lausnin, þó mér hafi ekki fundist þægilegt í fyrstu að hafa

myndavél á mér í lengri tíma. Þetta urðu mjög raunverulegar tölur, ekki uppstilltar því hann hefur lag á að hverfa í skuggann og beita myndavélinni á það sem skiptir máli,“ segir Anna María að lokum.

Fyrir áhugasama er heimildarmyndin Gróa aðgengileg á Sjónum Símans Premium. /sp

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,

bjorgvin@eignatorg.is



Handverkskúnnst garnverslun - www.garn.is



Gott garn á góðu verði.
Sendum um allt land.

HRAUNBÆ 102A, 110 REYKJAVÍK - SÍMI 888-6611

NORAMAX S5

Frábær öryggis-
stígvél frá Nora!
SUPERIOR PROTECTION

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.



Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

nora

- Einstaklega létt og slitsterkt PU.
- Nagla- og távörn.
- Frábært grip, vörn gegn m.a. olíu, fitu og mykju.
- Góð einangrun, halda hita vel í kulda.



Verð:
11.900 kr.

Öryggi:
Fyrst og fremst



Hvatningarverðlaun skógræktar 2025:

Tilnefningar óskast

Hvatningarverðlaun skógræktar verða veitt öðru sinni á alþjóðlegum degi skóga 21. mars næstkomandi. Verðlaunin eru veitt árlega til að hvetja til dáða einstaklinga, hópa, fyrirtæki, félög eða stofnanir sem vinna óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi.

Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands.

Tilnefningafrestur er til 14. febrúar. Tilnefningu má fylla út á vef Skógræktarfélags Íslands:

skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar

Ef þú þekkir einhvern eða einhverja sem eru að gera virkilega góða hluti innan skógræktar og eiga hvatningu skilið – endilega sendu inn tilnefningu!



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Þórólfsfell – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 10 ha svæðis að Felli, L188953. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð. Mænishæð verður allt að 6 m. miðað við gólfkóta.

Bólstaður – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,5 ha svæðis við Bólstað sem tilheyrir þjóðlendunni að Fljótshlíðarfrétt, L233962. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 120 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja umhverfis rafstöð. Mænishæð og þakform er frjálst.

Emstrur – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3 ha svæðis við Emstrur, Mosa sem tilheyrir þjóðlendunni að Emstrur, L233955. Heimilt verður að viðhalda núverandi skála eða endurbyggja, hámarksstærð verður allt að 100 m², 45 m² skálavarðarhúsi með geymslu auk þess að heimilt verður að byggja allt að 30 m² við núverandi hesthús. Gæta skal samræmis í útliti allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2025. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 27. febrúar 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra - Þóra Björg Ragnarsdóttir
fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Vélabásinn:

Alvöru fjallajeppi

– Prufuakstur á Toyota Land Cruiser 250 GX Plus

Ástvaldur Lárússon

astvaldur@bondi.is



Bændablaðið fékk til prufu nýjustu kynslóð hinna vinsælu Land Cruiser-jeppa frá Toyota. Þessi bíll ber heitið 250 og tekur við af 150, sem hefur verið framleiddur með ýmsum breytingum frá 2009. Hér er á ferðinni farartæki með öllu því sem alvöru fjallajeppi þarf að bera.

GX Plus-útfærslan er sú næstóðyrasta sem umboðið flytur inn, en hún situr á milli GX og VX. Meðal staðalbúnaðar þessarar útfærslu umfram GX má nefna leðuráklæði á sætum og 360 gráðu myndavél.

Pegar bíllinn er skoðaður að utan sést að framleiðandinn hefur fallið frá þeim mjúku og aflíðandi línunum sem hafa einkennt fyrri kynslóðir. Í staðinn hefur verið farin sú leið að útbúa þennan með ferköntuðum ljósum og grilli, ásamt beinum og skörpum línunum á öllum hliðum.

Minnst fimm tíu takkar

Innréttingin er ekki síður breytt, en í staðinn fyrir að vera bogalaga einkennist hún af láréttum og lóðréttum línunum með nokkuð skörpum hornum. Nóg er af tökkum, en undirritaður taldi allavega fimm tíu í stýri og innréttingu. Þetta er þveröfugt við marga nýja bíla þar sem stefnan er oft að fjarlægja alla takka og færa stjórnun í snertiskjáinn. Þar sem viðmótið í snertiskjánum er nokkuð takmarkað er hægt að þakka fyrir að hafa fýsiska takka fyrir flestar algengustu skipanirnar.

Plássíð er með því besta sem gerist og getur Land Cruiser flutt fimm fullorðna einstaklinga af ýmsum stærðum með sóma. Farangursgeymslan er jafnframt stærðarinnar geimur, en bíllinn í þessum prufuakstri var ekki útbúinn aukasætið í skottinu. Ökumannssætið er mjúkt og gefur ágætis stuðning, en ekki mesta lúxussætið á markaðnum.

Kunnuglegir aksturseiginleikar

Aksturseiginleikar þessa bíls ættu að vera kunnuglegir þeim sem hafa kynnst Land Cruiser í gegnum tíðina. Toyota hefur greinilega haldið sig við sömu uppskrift og áður, en að þessu sinni er hún í nýjum umbúðum. Sá sem þetta ritar hefur nokkra reynslu af Land Cruiser 120 og er akstursupplifunin merkilega lík milli þessara tveggja bíla, þó svo að tveir áratugir skilji þá að. Vélarhljóðið, skiptingin og það hvernig bíllinn hagar sér á götunni er keimlíkt.

Þar sem bíllinn er kassalaga í laginu er framrúðan áberandi ferhyrmd og brött. Vegna lögunar framrúðunnar er efri brún hennar aðeins lægri en algengt er og fékk undirritaður kvartanir frá hávöxnum farþega þar sem efri hluti útsýnisins var skertur. Þetta hefur minni áhrif á ökumanninn þar sem hann getur lækkað sætið sitt. Að öðru leyti er útsýnið nær óhindrað allan hringinn, enda stórir gluggar á öllum hliðum og lítið um blinda punkta. Með 35 tommu breytingunni er jeppinn býsna hár og er ánægjuleg upplifun að ferðast á þjóðvegnum á slíku ökutæki og njóta þess að horfa niður á almúgann á sínum fólksbílum og jepplingum.

Vélin er fjögurra strokka, 2,8 lítra og skilar 204 hestöflum. Dráttargetan er 3.500 kílógrömm. Aflíð er alveg máttulegt og lítið mál að keyra glannalega fyrir þá sem það vilja. Það finnst hins vegar alltaf hversu þungt ökutækið er og er hraðakstur



Toyota Land Cruiser hefur nýlega gengið í gegnum endurnýjun lífdaga. Nú er þessi fjallajeppi með skarpar og beinar línur sem vísa til forvera bílsins frá níunda og tíunda áratugnum.

Myndir / ál



Umboðið býður upp á 35 tommu breytingu.



Innréttingin er með skarpar og beinar línur í stíl við ytra rýmið.



Í öllum fimm sætum bílsins rúmast fullorðnir með sóma.



Farangursrýmið er stór geimur. Skotthlerinn opnast upp.

á hlykkjóttum og mjóum vegum lítil skemmtun. Skynvæddi hraðastillirinn og akstursaðstoðin virka yfirleitt ágætlega á vel merktum vegum og léttir það álagið á ökumanninum.

Tæknibúnaður í torfærum

Átta þrepa sjálfskiptingunni er stjórnað með því að hreyfa til hefðbundna stöng á milli sætanna. Þá eru takkar fyrir hátt og lágt drif og til að læsa millikassanum. Um leið og ekið er út fyrir malbik og mól finnst í hvað peningurinn hefur farið, en Land Cruiser er sannarlega góður í torfærum. Þessi stóru dekk skila sér ekki síst í mikilli veggþæð

og auknu floti.

Við hliðina á gírstönginni eru takkar til að virkja „hill decent control“ sem heldur við niður brekkur, og „crawl control“ sem er hraðastillir fyrir mjög lítinn hraða í lága drifinu. Hægt er að stilla upp á kílómetra hversu hratt bíllinn ekur. Það kemur sér vel í erfiðum torfærum, enda getur breytt miklu hvort ekið er á fjögurra eða fimm kílómetra hraða.

Land Cruiser hefur allt sem ökutæki þurfa að bera til að fara um allt hálendið að sumri og með 35 tommu breytingunni kemst hann ansi víða að vetri. Í flestum útgáfum eru driflæsingar í afturdrifinu

staðalbúnaður, en ekki í GX Plus-bílunum.

Að lokum

Vinsældir þessara bíla hafa verið miklar um árabíl sem má eflaust skýra af því að þetta eru vandaðir bílar sem komast ótrúlega mikið. Þá endast þeir von úr viti og er stórmerkilegt að sjá hversu hátt endursöluverðið á þeim er.

Notkunin á Land Cruiser er á ýmsan hátt gamaldags og er augljóst að peningurinn hefur farið í öflugan drifbúnað, áreiðanlega vél og sterka grind, í staðinn fyrir óþarfa lúxus. Það er mikið til af talsvert betri lúxusjeppum og jepplingum

á hagstæðara verði en Land Cruiser er sennilega einn traustasti fjallagarðurinn. Þeir sem eru að leita sér að alvörujeppa geta ekki annað en tekið þennan til skoðunar.

Helstu mál eru í millimetrum: Breidd, 1.980; lengd, 4.925; hæð, 1.925 (án breytingar). Veghæð óbreytts bíls eru 205 millimetrar, en 300 millimetrar með 35 tommu breytingu. Ödýrastur fæst Land Cruiser í GX-útgáfu á 16.790.000 krónur. Í GX Plus-útfærslu kostar hann 19.390.000 krónur. 35 tommu breyting kostar 1.050.000 krónur. Öll verð eru með virðisaukaskatti. Nánari upplýsingar fást hjá Toyota-umboðinu. ■

Fylgist með lífi bænda á samfélagsmiðlum Bændablaðsins



Rósa Birna og Þór á útreiðum á góðum degi.

Myndir / Linaimages

Bóndinn:

Samstaða skiptir máli

Hjónin Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Þór Jónsteinsson reka hrossaræktar- og sauðfjárbú á Sandhól í Ölfusi. Þau hafa verið í heilmiklum framkvæmdum á jörðinni og búin að gera upp hesthús og fjárhús. Lesendur geta fylgst með daglegum störfum þeirra á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.

Býli: Sandhól í Ölfusi.

Ábúendur? Þór Jónsteinsson og Rósa Birna Þorvaldsdóttir ásamt börnum, Elvari Þorra og Rögnu Margréti. Til stendur að Margrét Helga og Þorvaldur Hilmar, foreldrar Rósu Birnu, flytji einnig á Sandhól á næstu misserum.

Fjölskyldustærð (og gæludýr)? Fjölskyldan samanstendur af okkur hjónunum, 6 börnum, 2 kisu og 4 hundum.

Stærð jarðar? Um 140 ha., öll jörðin er grasi gróin.

Gerð búis? Sauðfjár- og hrossaræktarbú. Hrossin okkar eru kennd við eyðibýli sem hefur lengi verið í eigu fjölskyldumeðlima Þórs, Kerhól í Sölvadal í Eyjafjarðarsveit. Við tókum ræktunarnafnið upp áður en við festum kaup á Sandhól og ákváðum svo að halda okkur við það, þó að langflest folöldin fæðist hér á Sandhól.

Fjöldi búfjár? Í okkar umsjá eru tæplega 100 hestar og 80 kindur.

Hvers vegna veljið þið þessa búgrein? Rósa Birna er útskrifuð frá Háskólanum að Hólum sem reiðkennari og hestafræðingur og hefur starfað sem tamningakona og reiðkennari frá unga aldri. Þór er útskrifaður búfræðingur frá Hvanneyri og hefur starfað við bústörf nánast óslitið frá 10 ára aldri. Aðaláhugamál okkar eru hestamennska, hrossarækt og sauðfjárrækt og því lá beinast við að velja þær búgreinar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Við mætum í hesthús og fjárhús rétt fyrir 8 í hefðbundnar hirðingar á hrossum og kindum. Birta dagsins er að mestu nýtt í þjálfun hrossa. Þess utan þarf að huga að útgangi, sauðfé og öðrum bústörfum. Í hjáverkum erum við svo að byggja upp gamlar byggingar og/eda girðingar smátt og smátt.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Leiðinlegustu bústörfin eru klárlega að keyra heim heyrillum. Allt annað er í raun mjög skemmtilegt og enginn leiðinlegur dagur á Sandhól. Alskemmtilegast finnst bóndanum á bænum þó að bróla á fjöllum með hund og hest að eltast við rollur.

Hvernig er að búa í dreifbýli? Það er alltaf gott að búa í dreifbýli og gefur ágætis frjálshæð, þó sumum finnst þrengja að því í seinni tíð. Við erum vel í sveit sett og því stutt í næstu byggðarkjarna fyrir okkur. Kyrrðin í sveitinni og nálægðin við náttúruna er það besta sem við vitum.

Hvað er það jákvæða við að vera bóndi? Okkur finnst það jákvæða við það vera að þú ræður vinnuátímanum þínum svölftíð (þegar ekkert óvænt kemur upp á) og nálægðin við dýrin og náttúruna gefur okkur gríðarlega mikið.

Hverjar eru áskoranirnar? Það er áskoranir að koma öllum verkefnum að sem þarf að leysa innan hvers sólarhrings. Það er áskoranir að rækta góð og söluleg hross. Fjárhagslega hliðin er stór áskoranir og vandaverk að halda sér réttum megin við núllið. En ein af stærstu áskoranunum er að horfa á björtu hliðarnar í öllum kringumstæðum og hafa gaman af lífinu.



Heimsmeisterinn Frár frá Sandhól.



„Hreimur frá Kerhól, uppáhaldsfolaldið okkar það árið, á kafi í gjótu.“ Nú voru góð ráð dýr.

Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari? Næsta spurning!

Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? Við teljum að það þurfi að standa vörð um íslenskan landbúnað og tryggja rekstrarumhverfi greinarinnar. Þar þurfum við bændur að taka stærstu skrefin sjálfir því að það er erfitt að treysta á stjórnmalin þar sem skipt er um menn í brúnni oftar en nærbuxur. Stundum finnst okkur að það skorti á samstöðu meðal bænda og mætti bæta úr því.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Það eru mörg eftirminnileg atvik en það sem stendur upp úr í okkar sameiginlegu búskapartíð var að geta fest kaup á þessari jörð, Sandhól. Mörg skemmtileg atvik við uppbyggingu jarðarinnar, svo sem uppbygging hesthússins og fjárhússins standa hjarta okkar nærri. Við höfum einnig ræktað mörg góð hross og merkilegast var að geta bjargað einum af okkar uppáhalds upp úr gjótu fullri af vatni um þriggja mánaða gömlum og mátti þar litlu muna að illa færi. Bóndinn á bænum brá sér ofan í gjótuna og lyfti greyinu upp til háófrískrar húsfreyju sem náði með erfiðismunum að toga gripinn upp á bakkann. Rúsínan í pylsuendanum er svo samvinnuverkefni Rósu Birnu og Þórs við Margréti og Þorra, Frár frá Sandhól. Heimaræktaður af Margréti og Þorra, taminn og þjálfður af Rósu Birnu og Þór og eftir marga frækna persónulega sigra hér heima hélt hann á Heimsmeistararnót og endaði sem tvöfaldur heimsmeisteri ungmenna með knapa sínum, Jóni Ársæli Bergmann.

Fjölskyldan er virk á samfélagsmiðlum og halda úti síðum á Instagram og Facebook undir ræktunarnafni búsis, Kerhólshestar.

Ljósauppsetningar

EKKERT VERKEFNI OF SMÁTT



Gvendarbás

Sími: 853 1199
gvendarbas@simnet.is

MEIRAPRÓF Fjarkennsla


Næsta námskeið 13. febrúar

NÆSTU NÁMSKEIÐ
13. feb
20. mars
24. apríl

Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki

Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is

AKTÚ
ÖKUSKÓLI
Ökuskóli allra landsmanna



Við framleiðum kraftsperrur af ýmsum stærðum í sérútbúinni verksmiðju okkar í Dynskálum 51, Hellu.



BYGGJIL TIL FRAMTÍÐAR

Frekari upplýsingar:

haukur@ggtre.is

S. 8934609

www.ggtre.is

Rekstraraðilar óskast fyrir Kaffi Norðurjörð.



Um er að ræða rekstur á veitingastað í Norðurfirði í Árneshreppi á Ströndum, sem þjónar ferðafólki, íbúum og sjómönnum sem stunda strandveiði frá maí til ágúst. Opnunartími kaffihússins er a.m.k. 3 mánuðir á sumri, júní, júlí og ágúst ár hvert, en æskilegt væri að byrja eitthvað fyrr, t.d. um miðjan maí.

Samningur er gerður til þriggja ára í senn. Gott tækifæri fyrir tvo til fjóra (vini, pör) sem áhuga hafa á rekstri á fallegum stað og eru tilbúin í mikla vinnu.

Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k. og umsóknir sendist oddvita Árneshrepps á netfangið: oddviti@arneshreppur.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Skrímsl á landsliðsæfingu

„Hér er eitt skrímslaspil frá æfingamótinu.“ Þannig hóf Frímánn Stefánsson, stórmeistari að norðan, sögu sína eftir að hafa veitt landsliðspörum keppni á æfingu nýverið. Upp kom ansi öflug hönd og Frímánn þurfti að taka ákvörðun.



Björn Þorláksson.

Norður gefur, allir á hættu. Allt spilið:

Frímánn tók upp norðurspilin, sem vel má líkja við skrímsl, af fegurri gerðinni kannski. Hvaða opnunarsögn myndu lesendur Bændablaðsins velja til að hefja leik í norður? Vel þarf að vanda til verka, því ekki er víst að mikið svigrúm gefist til vísindalegra rannsókna í næstu sagnhringjum!

Að minnsta kosti einn spilari á landsliðsæfingunni valdi að opna á ásaspurningu sem spyr um sérstaka ás. Þá er svarað ásalitnum ef ás er að finna. Dæmi: Ef spilari á spaðaás, meldar hann 5 spaða við opnun á 4 gröndum. Sá sem á engan ás meldar 5 lauf sem þýðir að ef svarhönd á laufás verður hún að melda 6 lauf. Og ef þannig vill til að svarhönd eigi tvo ása er svarað á fimm gröndum.

Sjálfur valdi Frímánn að opna á 6 tíglum sem hefði skilað 1370 kalli á hættunni ef andstaðan hefði ekki hólkað sér í 6 spaða fórn. Aðeins +500 í NS.



Frímánn Stefánsson.

Á hinum borðnum var ýmist opnað á einum tígli, sterku laufi eða sterkum tveimur. En á einu borði var opnað á 4NT „specific aces“ líkt og fyrr segir. Hér vill norður nefnilega vita hvaða ás makker á. Það skiptir öllu.

Eða var það kannski ekki þannig? Einn spilari slysaðist í 7 tíglu. Andstaðan engdist en spilaði svo út „vitlausum“ ás. 2140 í húsi!

Veizla handan við hornið

„Þetta er einhver besta þátttaka hér innanlands sem við munum eftir fyrir Briddshátíð,“

	Norður	
	♠ 2	
	♥ AKQ10	
	♦ AKQJ6532	
	♣	
Vestur		Austur
♠ J86		♠ AKQ1043
♥ 87654		♥ 32
♦		♦ 7
♣ QJ1074		♣ A853
	Suður	
	♠ 975	
	♥ J9	
	♦ 10984	
	♣ K962	

segir Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Bridgesambands Íslands.

Briddsveislan ógurlega hefst í lok janúar, Reykjavík Bridge Festival. Íhaldssamir Íslendingar kalla mótið einfaldlega Briddshátíð, en spilað er í Hörpu líkt og síðari ár. Munu kannski færri komast að en vilja, svo mikil er þátttakan. Fyrst er tveggja daga tvímenningur, svo tveggja daga sveitakeppni. Margir sterkir erlendir spilarar koma á mótið. Áður en Briddshátíð fer fram verður haldið ofurmót í Hörpu með nokkrum af bestu spilurum heims.

Umsjón: Björn Þorláksson, bjornthorlaksson@gmail.com



Erfinginn: Dagmar

Nafn: Dagmar Daníelsdóttir.

Aldur: 9 ára.

Stjórnumerkir: Vatnsberi.

Búseta: Hellu.

Skemmtilegast í skólanum: Stærðfræði.

Áhugamál: Hestar.

Tómstundaiðkun: Hestafimleika- og reiðnámskeið.

Uppáhaldsdýrið: Hestur.

Uppáhaldsmatur: Kjöt í karrí.

Uppáhaldslag: Drottning um stund með Friðu Hansen.

Uppáhaldslitur: Grænn.

Uppáhaldsmynd: Ósk.

Fyrsta minningin: Þegar ég fékk að koma með stóðhestinn Arion frá Eystra-Fróðholti með mér í leikskólann og við komum í fréttunum.


Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Að fá að fara á hestbak á uppáhaldshestinum mínum, honum Amor frá Reykjavík, og þegar ég keppti á honum á Flúðum síðasta sumar.

Við vorum alltaf að æfa okkur saman og það var skemmtilegt.

Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is

Skákmánuðurinn janúar

Janúarmánuður hefur lengi verið frekar stór skákmánuður á Íslandi. Í þeim mánuði halda mörg skákfélög sín árlegu meistaramót, oft kölluð skákþing.



Hermann Aðalsteinsson.

Skákþing Kópavogs fór fram í þriðjun janúar. Tafflélag Reykjavíkur heldur sitt árlega Skákþing Reykjavíkur í janúar, sem reyndar teygir sig líka aðeins inn í febrúar. Skákþing Akureyrar stendur yfir í janúar og líka aðeins inn í febrúar og Skákþing Goðans í Þingeyjarsýslu og Húsavík verður teflt á einni helgi á Húsavík í janúar.

Fyrirkomulag á þessum skákþingum getur verið misjafnt. Sum þeirra eru tefld á einni helgi og með blöndu af atskákum og kappskákum. Önnur eru tefld yfir lengri tíma og eingöngu kappskákir í boði. Dæmi eru um að sum þessara móta séu riðlaskipt og/eða tefld í nokkrum styrkleikaflokkum. Allt fer þetta eftir stærð og hentugleika hvers félags fyrir sig. Félagin reyna oftast að gera það sem þau geta til að tryggja að sem flestir geti verið með og þá er rétt tímasetning stórt atriði.

Það hefur sýnt sig að í janúar er fólk alla jafna ekki mikið á þvælingi, svo skömmu eftir jóla og áramót, og það gildir líka um skákmenn. Þess vegna er tilvalið að halda



Fríðrik hafði hér hvítt gegn „töframanninum frá Ríga“, Mikhail Tal, og í fljótu bragði virðist sem drottning Fríðriks sé í vandræðum. Tal lék síðast 21....Hc8 sem reyndist vera afleikur því eftir 22. leik hvíts Dxc8 – skák, gaf Tal skákina þar sem hann má ekki taka drottninguna með biskup því þá á hvítur mót í einum leik. (He8+ mót). Tal getur leikið fyrir skákina með riddara, en er samt orðinn hrók undir sem er ekki vænlegt til árangurs.

skákmót á „dauðum“ tíma eins og janúar oft er. Febrúar getur líka verið hentugur, en þegar líða tekur nær vori vandast málið. En það er



Fríðrik Ólafsson, stórmeistari í skák. Mynd / timarit.is

kannski einmitt þess vegna sem janúar er mikill skákmánuður á Íslandi.

Íslenski skákdagurinn er líka haldinn 26. janúar ár hvert. Það er afmælisdagur Fríðriks Ólafssonar, sem er fyrsti stórmeistari Íslendinga, en hann verður níraður í ár. Það er því við hæfi að birta eina stöðmynd úr einni af skákum Fríðriks.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Hermann Aðalsteinsson, lyngbrekku@simnet.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

6	9		8		2		1
	1	8			4		7
			1	3	2		8
9	2			5	8		
		1	4		8	7	6
8	7	3	6				9
3				5			9
7	9				6	1	
1	6		9	2			

Miðlungs

		4	2				
8	6		5	7			
		5		3		6	9
7			8				1
2			3		4		
		9		1			
	9	1				7	5
4						8	

Þung

			4				
	9			1			
		3	2		8		
6	2			5		7	9
		8		6	5		1
	2		5			4	
				3			
1			7	9	5		

Þyngst

							1
			6		4	2	8
	9					7	4
6							
8			5	1			
	5	2	6				7
			4				1
9	8			5	3		
2		7					9

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn hefur í nógu að snúast nú í byrjun árs og þarf að gæta þess að fara ekki fram úr sér. Ástarmálin eru í blóma og aðdáendur fleiri en hann grunar. Hann þarf að þora að láta vaða. Vera öruggur með sig og ganga fram af fullum krafti í öllum málefnum. Hapattölur 5, 12, 32.

Fiskurinn stigur léttum fæti á grund nýs árs. Hann hefur þurft að velta fyrir sér ýmsum málum undanfarið og er ánægður með niðurstöður þeirra ákvarðana sem hann átti hlutdeild að. Frelsi, bæði fjárhagslegt og andlegt, er í kortunum og þó einhverjar breytingar verði eru þær af hinu góða. Hapattölur 8, 23, 43.

Hrúturinn hefur velt lífinu fyrir sér af þunga síðastliðnar vikur og áttá sig á því að það er til lítils að leyfa sjálfu að liggja undir skemmdum. Hann hefur orðið fyrir missi í einum skilningi eða öðrum og ætti að setja í forgang þann mun að lífa. Af öllu hjarta. Hapattölur 15, 21, 78.

Nautið þarf að gera upp við sig fortíð og framtíð og æfa sig í að stíga föstum fótum til jarðar. Það má vera óhrætt við að telja líf sitt á góðri leið og jafnvel taka nokkur skref út fyrir þægindarammann, þau munu verða til jákvæðra breytinga. Enda er nú ár breytinga. Ástarmálin munu ganga vel með opnum hug og áráðni. Hapattölur 16, 6, 72.

Tviburinn er ihugull og rólegur. Hann hefur séð fyrir sér að gera betur á nýju ári og rækta það sem honum er kærast. Með síðustu tölum (8%) um framkvæmdir fyrirhugaðra áramótaheita – sjá bls. 37 í síðasta blaði – er þó rétt að taka færri ákvarðanir og fara sér hægt ef heitin eiga að halda. Velja vel. Hapattölur 8, 61, 23.

Krabbinn stefnir nú í átt algerrar óvissu sem er alls ekki neikvæð. Breyting verður á lífi hans sem hann ætti að veita í farveg alls hins góða sem til er. Njóta sín eins og nýútsprungin rós og opna blöð sín til sólar. Með því mun kærleikur og friður umlykja veröld hans. Hapattölur 3, 14, 52.

Ljónið þarf að hlúa að sínum nánustu. Það hefur um þessar mundir tekið ákveðin skref burt frá þeim sem vanalega standa því næst og þarf að velta ýmsu fyrir sér. Málin eru þó ekki eins flókin og ljónið telur, en hrein og bein samskipti þurfa að vera ofar á baugi. Óvænt lukka er í kortunum. Hapattölur 5, 15, 35.

Meyjan finnur hvernig henni vaxa vængir þessa dagana. Henni er ekkert ómögulegt og stigur hvert skrefið í átt að betri veröld, bæði innan með sér og utan. Meyjan þarf að gæta vel að heilsunni en einhver veðrabrigði geta orðið í þeim efnum. Mælt er með aukinni vítamíninntöku og að klæða sig vel. Hapattölur 3, 44, 26.

Vogin sér sæng sína uppreidda á nýju ári. Nú ætlar hún að sigra heiminn og í rauninni eru hennir allir vegir færir. Með útsjónarsemi og aðstoð sem hún þarf að þiggja kemst hún langt, en þarf að gæta sín á að halda ekki of fast um stjórntauma. Öðrum er treystandi. Hapattölur 26, 9, 61.

Sporðdrekin finnur fyrir auknum eldmóði í hjartanu og vill óður og uppvægur framkvæma allt sem honum kemur í hug. Hann mætti setja sínar djörfustu hugmyndir á blað og taka svo stöðuna hvort þær séu gerlegar. Það getur nefnilega vel verið. Hapattölur 21, 13, 86.

Bogmaðurinn mun varla þverfóta fyrir aðdænum á næstu vikum. Bæði þeim sem ræna hjarta hans svo og þeim sem dást að hæfileikum hans í faglegru málefnum. Það skemmtilega er að bogmaðurinn á aðdænum svo sannarlega skilið og skal því njóta hennar vel. Hapattölur 98, 70, 17.

Steingeitin er eitthvað lítil í sér um þessar mundir. Fólkíð hennar finnst hún fjarlæg og hún upplifir sig í lausu lofti. Hún má þó treysta því að þessar tilfinningar eiga þó ekki við rök að styðjast og fyrr en varir skín sólin að nýju. Hapattölur 34, 13, 15.



Heydreifikerfi á bænum Hæli í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Heydreifikerfi urðu vinsæl á niunda áratugnum og þóttu eitt mætasta tækið í tæknilegri framþróun. Rafmagnseftirlit ríkisins hafði vaðið fyrir neðan sig og birti grein í blaðið Feyki árið 1987 með titlinum „Hættur af rafmagni samfara heyverkun“. Þar kom m.a. fram: „Ef heydreifikerfi er notað við hirðingu, þarf að hafa góða gát á blástursrananum, sem dregst sundur og saman samkvæmt kerfi, sem búnaðurinn er tengdur. Utan á rananum liggur rafloagnin í lykkjum. Til styrktar rananum eru virlykkjur, sem einnig hreyfast með honum. Fyrir kemur, að rafloagnin flækist í virlykkjunum með þeim afleiðingum að hún skaddast eða slitnar.“ Mikið var um tölvutengdar nýjungar á þessum árum og kynnr eitt fremsta innflutnings- og þjónustufyrirtæki markaðarins, Globus, sjálfvirk heydreifikerfi á síðum Tímans árið 1980. Í kynningunni var sérstaklega tekið fram að „þetta tölvustýrða heydreifikerfi sem er það fullkomnasta á markaðnum er fyrir allar stærðir af hlöðum“. Torfalækjarhreppur var annars sjálfstætt sveitarfélag fram til ársins 2005 er það sameinaðist nokkrum öðrum hreppum sýslunnar í Húnavatnshreppi. Í bókinni *Úr sveitinni, Saga og ábúendur Torfalækjarhrepps í Austur-Húnavatnssýslu*, má vel fræðast um staðinn sem státar af hvorki meira né minna en fimmtán manns sem fengið hafa fálkaoröuna. Geri aðrir betur. *Isp*

Mynd / Myndasafn Bændablaðsins

Tíska:

Gengur þú í smekkbuxum?

Í heimi tískunnar er að jafnaði mest um vert að vera sem smekklestastur. Auðvitað er álit manna á þeirri forskrift mismunandi og þónokkrar flíkur til sem fólk þykir annaðhvort afar hátt skrifaðar eða alveg á lægsta plani. Voða lítið þar á milli. Þar eru til dæmis smekkbuxur.

Smekkbuxur tengja flestir við yngsta aldurshópinn, en upphaflega voru þær hannaðar með þarfir hins vinnandi manns í huga. Bæði Levi Strauss, sem margir hafa heyrð nefndan, og fyrirtæki Lee Jeans vilja meina að þeir hafi lagt fram beiðni um einkaleyfi á smekkbuxunum á sama tíma en hönnunin sjálf á aðeins lengri sögu.


Þeirra er fyrst getið í skrifum breska hersins frá átjándu öld, þegar breskar hersveitir voru staðsettar á Indlandi. Þar fundu menn haldgott efni til þess að gera úr vinnubuxur, Dungri-efnið. (Þaðan sem orðið dungaree kemur, eða smekkbuxur á ensku). Bretarnir voru útsjónarsamir og bættu við smekknun á buxurnar til þess að hlífa öðrum fatnaði sem þeir báru en einnig fékkst þannig aukið geymslupláss.

Vinsældir þessa „one-piece wonders“, eins og þær voru kallaðar, uxu stöðugt fram á 19. öld og þróuðust sífellt meira sem vinnufatnaður. Framleiðendur gerðu sitt í að mæta þörfum hins vinnandi manns og sníðu buxurnar eftir ábendingum og óskum sem þeim bárust enda urðu þær fljótt einkennisbúningur verkamanna.

Sterkt og endingargott efni hefur ávallt verið uppistaðan, vatnsheldar útgáfur komu til sögunnar og þóttu skjólgóðar fyrir veðri og vindum. Í gegnum tíðina hefur smekkbuxnahloti



Bítarnir í hátískusmekkbuxum.



gallanna gengið í gegnum nokkrar breytingar.

Upphaflega var smekkurinn hannaður sem framlenging á fótleggnum, en sá stíll var áberandi frá miðri 19. öld. Í framhaldinu var smekkurinn endurhannaður sem sérstakur efnisbútur festur við neðri buxnahlutann, hlíf hvort sem áttu í hlut járnsmiðir, bændur, veiðimenn eða þeir sem vildu vernda fót sín líkt og bresku hermennirnir.

Karlmenntí smekkbuxum voru því hetjur veðra og vinda, íklæddir sköpunarverki sem varði þá öllu.

En svo skall fyrri heimsstyrjöldin á. Smekkbuxna-tískan sást lítið í framvarðasveitum hermanna en á hinn bóginn gerði kvenfólkið sem heima sat sér lítið fyrir og klæddist þeim einkennisbúning. Í fjarveru karlpeningsins stóðu þær vaktina við hin ýmsu störf, ráku bæði búgarða og stóðu vaktina við framleiðslu verksmiðja. Með tímanum komu þær á breytingum á sniði og efnisvali. Þær kusu belgviðari buxur úr létta efni, létu rúnna hálsmálið, mjókka mittissauminn og kusu fleiri og fíngerðari vasa. Þarna voru stigin fyrstu skref smekkbuxna sem alþýðlegrar tískuvöru.



Úr smiðju Gucci.



Levi's kynnrí kosti smekkbuxna.

Eftir því sem árin liðu héldu þessar elskur velli bæði í samfélögum til sveita og hjá verkamönnum í borg og bæ. Þær þóttu sterkt merki samstöðu hinna vinnandi og á sjöunda áratugnum höfðu þær öðlast þrefalt vægi. Fyrst og fremst sem vinnufatnaður, í öðru lagi sem samstöðumerki innan hópa sem stóðu í mótmælum við hugmyndir yfirstéttarinnar og síðan tóku hipparnir ástfóstri við smekkbuxurnar, enda svo hagnýtur og þægilegur klæðnaður að varla þurftu nokkuð annað. Þeir hófu einnig að sauma buxurnar úr mislitum efnisbúttum, oft blöndu af silki, hör og bómull sem hentaði vel frjálslýndi þess tíma. Þekktir einstaklingar eins og meðlimir Bítanna létu sjá sig í smekkbuxum sem voru á hraðri uppleið á tískupallana.



Smekkbuxnasnið Donnu Karan.

Rúmum áratug síðar tóku listamenn hipphopp-tónlistar smekkbuxurnar upp á sína arma og var þar annar hver maður íklæddur flíkinni, helst með annað axlabandið laust. Þeir komu margir hverjir frá verkamannaheimilum og vildu með þessu staðfesta að hér væri alvöru fólk á ferð sem hefði unnið hörðum höndum höndum að því að komast í heim frægðarinnar. Eða svo segir sagan.

Fjöldinn leitar í heim frægðarinnar og hugðu því tískuhönnuðir niúnda og tíunda áratugarins sér gott til glóðarinnar. Þar kom Tommy Hilfiger sterkur inn auk þess sem hönnuðurinn Donna Karan, þekkt undir merkinu DKNY, bætti um betur. Í tískuriti Vouge á tíunda áratugnum birtist snið DKNY af smekkbuxum og má ætla að æst áhugafólk smekkbuxna hafi þar heldur betur komist í feitt.

Í dag sigla buxurnar einhvern meðalveg í lífi hversdagsmannsins. Traustar að grípa í fyrir þá sem vinna ekki við skrifborð og kostur fyrir skrifborðsfólk sem vill skera sig örlítið úr. Með seinni hópinn í huga verður að minnast á hönnun Gucci árið 2020 en á tískupöllumum birtust smekkbuxurnar, atáðar grasgrænu og fánlegar fyrir einungis 168.600 krónur íslenskar. /sp



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH) og er með halogenljós, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er þöll (hemlock) Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2100w.



Rafmagnspotturinn HYDRO. Stærð 200x200x95. Verð kr. 850.000, m/loki, tröppu, síu ofl.

GODDI.IS
Auðbrekku 19,
200 Kópavogi,
S. 544-5550

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
 „Aflið yður eigi þeirrar fæðu sem eyðist heldur þeirrar fæðu sem varir til eilífs lífs og Mannssonurinn mun gefa yður.“
 Jóh. 6.27

biblian.is



Til sölu SsangYong Rexton HLX, dísil, 4x4, árgerð 2020, sjálfskiptur, ekinn 48.000 km. Verð kr. 7.490.000 notadir. benni.is – s. 590-2035.



Isuzu D-Max árgerð 2016. Ekinn 220.000 km. Tilboð óskast. S. 892-5575.



Viltu koma konunni á óvart? Hvernig væri að bjóða henni í rómantíska siglingu um Atlantshafið, nú eða bara láta gára aðeins í höfninni. Þetta er tækid sem lætur hlutina gerast. Nánari upplýsingar í s. 695-0020/660-3457.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþönnunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.



ÁSCO
 BILARAFMAGN


Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is



Leiðtogafundurinn í Höfða í Reykjavík árið 1986 – raun sönn lýsing á atburðarásinni og andrúmsloftinu vafin inn í sendibréfaástarsögu. ÁSTARSAGA fæst m.a. á Orðlist.is og hjá s.asmundsdottir@gmail.com



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is




Pro Country rafskutla. Skutla keypt 2020 af Öryggismiðstöðinni. Er í góðu ástandi en vantar loft í bæði afturdekk. Smá yfirborðsryð hefur safnast á málmfleti en handlaginn aðili gæti bætt úr því. Skutlan kemst um 50 km á hleðslu við góð skilyrði, með fylgja hleðslutæki, lykjar og lás. Hefur alltaf verið inni á veturna undanskilinn veturinn 2024–25 en hefur verið undir yfirbreyðslu og stungið í samband 1x í mánuði til að viðhalda rafgeymi. Ræður vel við malarvegi og brekkur. Upprunalegt verð var kr. 560.000. Í dag kostar sams konar skutla kr. 680.000. Ég set þessa á kr. 200.000 eða tek besta boði. Get sent hvert á land sem er á kostnað viðtakanda. Þarf að fara sem fyrst. Upplýsingar gefur Hrönn Kristey í s. 869-5615.



Kia Spoul árgerð 2016 til sölu. Keyrður 255.000 km. Á helling eftir, en sjálfskiptingin er biluð. Tilboð óskast. Upplýsingar í s. 866-3855.



Glæsileg 3 herbergja íbúð til leigu í nágrenni gömlu Bændahallarinnar. Fullbúin húsgögnum og húsbúnaði. Laus núna, leigist til 1. maí. Íbúðin er auglýst á housinganywhere.com og igloo. Sanngjarnt leiguverð. Allar nánari fyrirspurnir má senda á netfangið: palli678@gmail.com



Kia Sorento 6/2014. Ekinn 222.000 km. Sumar- og nagladekk. Fjór hjóladrif. 5 manna, sjálfskiptur. Verð kr. 1.990.000. Upplýsingar í s. 788-2855.



Til sölu er pallhús í góðu lagi 6 fet, dökkblátt, var á Ford. Verð kr. 180.000. Upplýsingar í s. 895-3216.



Toyota Hilux, dísil, sjálfskiptur, árgerð 2021, ekinn 67.000 km. 33"breyting, nýleg mikróskorin dekk. Teflon-húðað pallhús. Krókur. Húdd og gluggahlífar. Verð kr. 8.500.000. Engin skipti. Upplýsingar í s. 893-1477.

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
 Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is


Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Úrvalið hefur aldrei verið meira.




Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
 Sími: 894 5111 - www.brimco.is



Hilltip Icestriker 900-1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíl og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380-550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíl. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplogur fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185-240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165-240 cm breidd.



Hilltip Fjölplogur MVP
Fjölplogur fyrir ameríska pallbíl t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is



Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



Hef til sölu rúlluplast, net, stæðuplast, heystæður, fjósbita og innréttingar í fjós. Upplýsingar í s. 894-6946, Ben og 892-6946, Jenný.



Til sölu Hyundai Tucson Comfort, dísil, árgærd 2017, sjálfskiptur, ekinn 82.000 km. Verð kr. 2.790.000 – notadír.benni.is – s. 590-2035.



Aflsláttur af snjóblásurum og annarri vetrarvöru á meðan birgðir endast. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Man TGA 26.440 kranabíll með sturtupalli, árg 2007. Ekinn 348.000 km. Sjálfskiptur, loft aftan og framan, gámalásar. Atlas krani 240.2E. 24 tm. 6 í glussa, 2 í hand. Rótor. Annar krani í varahluti fylgir. Bill í góðu standi, nýskoðaður. Verð kr. 9.700.000 +vsk. Upplýsingar í s. 892-3042.



Háþrýstidælar fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælar. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Til sölu JCB 3x 4x4 super, árgærd 2006. Verð kr. 1.500.000 eða tilboð. Snjóskófla 5-6 m³. Fjölplogur. Upplýsingar í s. 893-4343.



Sliskjúr úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par: 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtare. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is



Man TGA 26.440 kranabíll með sturtupalli, árg 2007. Ekinn 348.000 km. Sjálfskiptur, loft aftan og framan, gámalásar. Atlas krani 240.2E. 24 tm. 6 í glussa, 2 í hand. Rótor. Annar krani í varahluti fylgir. Bill í góðu standi, nýskoðaður. Verð kr. 9.700.000 +vsk. Upplýsingar í s. 892-3042.



Glussadrifnar gólfhrætur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrófu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki. Heitgalv/SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Sjálfsgandi dælar frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurólíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Tætatarar í úrvali fyrir traktorinn og liðléttinginn líka. Tætum og tryllum. www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520



Innihrætur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3-4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. s.892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmíðaður fyrir 3ja öxla dráttarbíla. Hardox 450, 8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind heitsprautuzinkað, (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur ca: 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsson ehf. S. 898 3612 - thadofls@gmail.com



Glussaknúnar vatnsdælar fyrir tankbíl og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælar í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælar með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Toyota Hilux GX. Sjálfskiptur, 2017. Ekinn 150.000 km. Er í Toyota care ábyrgð. Dráttarbeisli. Má draga 3.000 kg. Ásett verð á bílasölu kr. 6.790.000. Nagladekk og sumardekk. Skoða öll tilboð. Frekari uppl í S. 898-3493.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftarátækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Girðingastaurar úr 4 mm heitgalv. stáli. L: 180 cm. Gataðir fyrir festingu á neti. Stærð: 40 mm x 40 mm. Til á lager Verð kr. 1.280 +vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. www.hak.is - netfang: hak@hak.is



Til leigu Manytou 2470, 360° lyftari með 6 t. spili og fjarstýringu. Einnig til leigu Manytou 2150, 360° lyftari með 3,5 t. spili. Er um með vacum dælar fyrir samlokueiningar og gler 250 og 500 kg. Upplýsingar í s. 893-6975, netf. tre@tre.is

KGM
Gæði á sterkum grunni

MUSO GRAND

Goðsögnin snýr aftur



Við frumsýnum Musso Grand

laugardaginn 25. janúar frá 12 til 16 á Krókhálsi 9.

Musso Grand er stór og glæsilegur vinnuþjarkur sem sameinar styrk, þægindi, nýjustu tækni og fyrsta flokks öryggi. Með einstökum aksturseginnleikum og glæsilegri hönnun er hann búinn fyrir allar aðstæður.

- | | | | |
|-------------------|-------------------------|----------------------------------|--------------------------------|
| - Öflug dísel vél | - Byggður á grind | - 5 punkta gormafjöðrun að aftan | - Allt að 3.500 kg dráttargeta |
| - 4x4 | - Læsanlegur millikassi | - Tvær pallalengdir í boði | - Allt að 1.025 kg burðargeta |

Verð frá 7.590.000 kr. með vsk. - Sjá ríkulegan staðalbúnað á benni.is.

Breytingarpakkar í boði: 33" hækkun - 35" hækkun - 37" hækkun

- **4x4 Magazine:** Bestu kaupin í flokki pallbíla árið 2024
- **Top 50:** Besti dísel pallbíllinn árið 2024
- **Carbuyer:** Besti pallbíllinn árið 2023



Við kolefnisjöfnum
nýja bíla

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2000

Bílabúð
Benna
Sérfræðingar í bilum

Byggingarstjóri.



Ertu í byggingarhugleiðingum, eða kominn af stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafðu samband í síma 8523222 eða netfang: asgeirvil@gmail.com



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (ArgoWatt) með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Til sölu Mercedes-Benz Viano, dísil, árgærd 2013, sjálfskiptur, ekinn 115.000 km. Verð kr. 3.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Gámarampar á lager. Heitgalvani-serað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang: hak@hak.is



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Sveitarfélög og verktafar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprörum. Háprýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskraft. Skóffum allan slöngu- og spissabúnað fyrir rörahreinsun. Gerum fóst tilboð, mjög hagstætt verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm. par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager: 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfso Gandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðarþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Klósettadælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan votrymi. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is

Plug-In hybrid 4x4 bílar í miklu úrvali

Benni

Notaðir bílar

Þilt með fyrirvara um mynd- og textabrenngi.



MITSUBISHI ECLIPSE CROSS INTENSE+

- Nýskráður 2022
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- 4x4
- Ekinn 87 þ.km.

Verð: 3.490.000 kr.



JEEP COMPASS

- Nýskráður 2021
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- 4x4
- Ekinn 91 þ.km.

Verð: 3.490.000 kr.

Meira úrval á
notadir.benni.is



Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035

Bílabúð
Benna
Notaðir bílar



Gólfhiti, gólfþræsing fyrir 16 mm rör. Ryklus gólfhitaþræsing, verð á fermetra kr. 4.000+vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á <https://www.golffraesing.is> s. 892-0808 - Oliver.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. <https://www.diggaeurope.com/> Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. <https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacz-zarna/> Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, netfang hak@hak.is

Óska eftir

Kaupi vínplötur. Staðgreidd stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir gömlum heflum og sporjárnnum til uppgerðar. Einnig steðjum og handverkfærum. Allt kemur til greina. jonljon@gmail.com. Jón s. 864-2407.

Toyota Hiace óskast, má vera lélegur. Gummi, s. 696-5799

Jeep Cherokee óskast, 2005–2006 dókk-grænblár, skoðaður og sílsar og vél í lagi. Uppl. s. 662-4124.

Til sölu

HiSpec haugsuga, árgærd 2007, til sölu. Dekk 600/50-22.5 á einum öxli. Stærð tanks 9.092 lítrar - 2 stk. handvirkir áfyllingarstútar 6 tommu - 2 stk. 6 tommu barkar með tengjum. Vökvalúga á topp. Verð kr. 1.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 861-1029 eða netfang saemundurj@simnet.is

Þjónusta

Trúbador fyrir öll tilefni á sanngjörnu verði. Aftmæli, brúðkaup, árs hátíðir og fleira. Hafðu samband í dag. S. 773-4150. Brynjar trúbador.

Vantar þig grisjun eða vetrarklippingu? Tökum að okkur grisjun víðs vegar um landið. Einnig tökum við að okkur vetrarklippingar í gördum í kringum höfuðborgarsvæðið. Endilega hafið samband fyrir nánari upplýsingar. Róbert Garcia og Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, skógtæknir og skrudgarðyrkjufraeðingur. olrun.ehf@gmail.com s. 822-0589.

Þróun íbúðarbyggðar í Vaðlaheiði

- Rammahluti aðalskipulags, samstarfsverkefni Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps - auglýsing tillögu



Sveitarstjórnir Eyjafjarðarsveitar og Svalbarðsstrandarhrepps samþykktu á fundum sínum 3. og 8. október 2024 að vísa skipulagstillögu fyrir rammahluta Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem felur í sér breytingu á núgildandi aðalskipulögum, í auglýsingarferli samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tilgangur skipulagsverkefnisins er að móta heildstæða stefnu um þróun byggðar í Vaðlaheiði til framtíðar. Horft er á skipulagssvæðið sem eina heild þrátt fyrir að um tvö sveitarfélög sé að ræða. Markmið skipulagsins er að skipuleggja aðlaðandi og búsetuvæna byggð með dreifbýlisfirbrigði sem falli vel að náttúrulegu umhverfi svæðisins. Stefnt er að því að rammahluti aðalskipulags verði forskrift fyrir gerð deiliskipulagsáætlaða og uppbyggingu á svæðinu til framtíðar.

Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitar-skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatróð 9 Hrafnagilshverfi og á sveitar-skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps, Ráðhúsinu, á heimasíðum sveitarfélaganna, www.esveit.is og www.svalbardsstrond.is og á vef Skipulagsgáttar undir málnúmerum 1066/2023 (Eyjafjarðarsveit) og 1082/2023 (Svalbarðsstrandarhreppur) milli 27. janúar og 10. mars 2025. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri til 10. mars 2025.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málnúmerum á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatróð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar,
Arnar Ólafsson.

11 góðar ástæður til að velja CLAAS ARION 400 dráttarvél



Allt í einni hendi:

ELECTROPILOT stjórnstöngin er ekki bara fyrir ámoksturstækjavinnuna, þú stýrir einnig vökvásneiðum og einnig eru fimm forritanlegir hnappar til taks.

Loftfjaðrandi sæti:

Grammer Dual Motion-sætið er með loftfjöðrun, sætishitara, fram/aftur fjöðrun og höfuðpúða sem færir til hliðar þegar ökumaður þarf að sjá aftur fyrir sig.



Frábært útsýni:

Með PANORAMIC öikumannshúsinu er full yfirsýn yfir vinnuumhverfi og ámoksturstæki.



Kraftmikill mótör:

Fjögurra strokka FPT-mótörinn allt að 155 hestöfl – meira en nokkur önnur vél í þessum stærðarflokki.



Lýsing:

Með allt að átta LED vinnuljósum breytist vinna í skammdagi í bjartan dag.



Auðvelt viðhald:

Öllum kælum er hægt að halla fram svo að auðvelt sé að komast að til að sinna þrifum og viðhaldi.




Kúplingsfrí gírskipting:

Hvort sem þú velur QUADRISHIFT (16+16) eða HEXASHIFT (24+24) getur þú skipt um gír án þess að kúpla eða þá haft vélinu sjálfskipta með QUADRATIV/HEXACTIV.



Snjall akstur:

Með SMART STOP virkar bremsan einnig sem kúpling, mjög gagnlegt við allar aðstæður.



CLAAS = Þægindi:

Eins og alltaf býður CLAAS upp á frammúrskarandi þægindi. Húsfjöðrun er staðalbúnaður og fjaðrandi framhásing valbúnaður.



Öflugt vökvakerfi:

Með allt að 4 vökvauðttökum og með stærstu vökvadælni allt að 150 l/min flæði tiltækt!

Kælihölf:

Undir farþegasætinu er kælihölf með rými fyrir 1,5 lítra flösku og snarl.



Fjór hjól í vinnu og ævintýri!

Fjór hjóladrif, farmagnsstýri, öflug spil, dráttarkúla með tengi, T3b, tveggja manna, stór tankur.



XWolf 550

Verð 1.390.000 kr m/vsk
45,5 hestöfl, 53Nm/5200 rpm
Dekkjastærð:
25 x 8 - 12" framan
25 x 10 - 12" aftan

XWolf 700

Verð 1.690.000 kr m/vsk
47 hestöfl, 66Nm/4500 rpm
Dekkjastærð:
26 x 9 - 12" framan
26 x 10 - 12" aftan



AODES 650

Verð 1.690.000 kr m/vsk
54 hestöfl, 62Nm/5300 rpm
Dekkjastærð:
26 x 9 - 14" framan
26 x 11 - 14" aftan

AODES 850

Verð 1.990.000 kr m/vsk
60 hestöfl, 73Nm/5000 rpm
Dekkjastærð:
26 x 9 - 14" framan
26 x 11 - 14" aftan

AODES 1000

Verð 2.390.000 kr m/vsk
86 hestöfl, 101Nm/5500 rpm
Dekkjastærð:
26 x 9 - 14" framan
26 x 11 - 14" aftan



Yfirbreiðslur



Bensínbrúsar



Öryggisbogar



Farangurskassar



CABERG hjálmur



Byssufestingar



Hiti í handföng



LED bar ljós



LED kastarar



Hlífðarplötur



Sliskjur



Snjótennur



Ruddasláttuvélar



Sanddreifarar



Tveggja öxla kerrur



Fjór hjólakerra

Öll verð eru á aflvelar.is



GARÐABÆ | AKUREYRI | SELFOSSI
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

